## Hugmyndir Helga Þorgils



Menning ➤ 22

## Jói víkingur herjar á Netflix



Lífið ➤ 46

FASTEIGNASALAN TORG
KRAFTUR TRAUST ÁRANGUR

FRÉTTABLAÐIÐ

36. TÖLUBLAÐ 22. ÁRGANGUR | frettabladid.is | ÞRIÐJUDAGUR 22. FEBRÚAR 2022



Björgunarsveitir bjuggu sig vel undir veðurhaminn í gær. Rauð viðvörun var í gildi fyrir höfuðborgarsvæðið, Suðurland og Faxaflóa í gærkvöldi. Þá voru hús rýmd á Patreksfirði vegna snjóflóðahættu. Áfram verður vont veður víða um landið í dag og er appelsínugul viðvörun í gildi á höfuðborgarsvæðinu til hádegis. Samkvæmt spánni á veðrið að ganga niður síðdegis. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

# Einn af tíu segir lesblindu aftra sér í námi

**Lestrarörðugleikar leiða til aukins kvíða meðal elstu nemenda grunnskóla. Kynsegin nemendur finna fyrir meiri kvíða vegna lestrarerfiðleika en aðrir nemendur.**

adalheidur@frettabladid.is
ingunnlara@frettabladid.is

**MENNTUN** Einn af hverjum tíu nemendum í efri bekkjum íslenskra grunnskóla segir að lesblinda hafi mikil eða mjög mikil áhrif á frammistöðu sína í námi. Þetta er niðurstaða könnunar sem Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands gerði meðal ungmenna í 8., 9. og 10. bekk grunnskóla.

„Þetta er þekkt úr rannsóknum erlendis. Það geta verið upp undir 20 prósent sem eiga við lestrarerfiðleika að stríða. Það er svolítið stór hópur,“ segir Þórhildur Halldórsdóttir, lektor við Háskólann í Reykjavík, um þessa niðurstöðu könnunarinnar en hún er sérhæfð í kvíða barna og unglinga.

Könnunin var lögð fyrir 10.895 nemendur á unglingastigi í grunnskólum landsins í formi spurningalista um nám og líðan og ýmislegt fleira.

Meginniðurstaða könnunarinnar er að þessir lestrarörðugleikar valdi lágu sjálfsmati og dragi úr sjálfsöryggi sem leiði til aukins kvíða meðal ungmennanna. Þessi kvíði dregur síðan úr áhuga á námi sem hefur í för með sér aukna hættu á óæskilegri hegðun.

Þórhildur segir niðurstöðurnar staðfesta sambandið milli lestrarörðugleika og kvíða. „Vonandi getum við nýtt þessar upplýsingar í skólunum til að takast á við þetta.“

Samkvæmt könnuninni eru stelpur og kynsegin nemendur líklegri til að glíma við kvíða þrátt fyrir að svipað margir strákar og stelpur upplifi lestrarörðugleika.

Ríflega 1 prósent þátttakenda, eða 141 af tæplega 11 þúsund börnum sem svöruðu könnuninni, skilgreinir kyn sitt á annan hátt en sem stelpu eða strák.

„Það er ekki ósennilegt að margir samverkandi þættir valdi kvíða hjá kynsegin börnum, eins og til dæmis að vera jaðarsettur hópur. Það er þó erfitt að segja til um orsakasamhengið,“ segir Þórhildur aðspurð.

Könnunin var framkvæmd af Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands fyrir Félag lesblindra á Íslandi, þátttakendur voru 10.895 börn í þremur efstu bekkjum grunnskóla landsins. ■

**Hversu mikið, ef nokkuð hefur lesblinda áhrif á frammistöðu þína í námi?**




Hlutfall sem segir mikið eða mjög mikið.

Virðisaukinn er farinn út í bláinn!



Við fellum niður 480.000 kr. VSK frá áramótum!*

Notaðu þetta frábæra tækifæri og fáðu þér vel útbúinn **fjórhjóladrifinn Eclipse Cross PHEV tengiltvinnbíl** með öllum þeim kostum sem hugurinn girnist – og meira til.

HEKLA · Laugavegi 170-174 · mitsubishi.is/eclipse

MITSUBISHI MOTORS Drive your Ambition

*Að sjálfsögðu greiðir Hekla öll gjöld og virðisaukaskatt af bílum til Ríkissjóðs. 480.000 kr. lækkunin á Mitsubishi Eclipse Cross er alfarið á kostnað Heklu.



Veðrið á Patreksfirði versnaði hratt í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/JULIE GASIGLIA

# Hátt í þrjátíu þurftu að yfirgefa heimili sín

mhj@frettabladid.is

**SNJÓFLÓÐ** Lögreglan á Vestfjörðum ákvað í gærkvöldi að rýma hús á Patreksfirði vegna snjóflóðahættu. Átta íbúðarhús voru rýmd í gær. Þrjú við Hóla og fimm við Mýrar en minniháttar snjóflóð féll aðfaranótt sunnudags ofan við þennan rýmingarreit. Alls er um 28 íbúa að ræða sem þurftu að yfirgefa heimili sín tímabundið.

Veðrið á Patreksfirði versnaði mikið í gærkvöldi og var vindur kominn í rúmlega 20 m/s á Brellum um áttaleytið. Spáin í gærkvöldi gerði ráð fyrir allt að 28 m/s í nótt. Ofanflóðaeftirlit Veðurstofu Íslands fylgist með aðstæðum fyrir vestan og veitir lögreglunni og öðrum viðbragðsaðilum ráðgjöf. ■

## Lestrarhestar verðlaunaðir



Ljóðskáld, lestrarhestar og upplesarar fengu Íslenskuverðlaun unga fólksins í gær. Alls fengu 67 nemendur í 34 grunnskólum verðlaun en afhending verðlaunanna er venjulega á degi íslenskrar tungu, 16. nóvember, en fór að þessu sinni fram á alþjóðadegi móðurmálsins þar sem fresta þurfti henni vegna heimsfaraldurs. Vigdís Finnbogadóttir, verndari verðlaunanna, ávarpaði börnin í gegnum fjarfundarbúnað. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI



Áhöld eru um hvaða réttaráhrif launalaust leyfi hefur. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Háskólaráð leiðrétti mistök rektorsins

gar@frettabladid.is

**SAMFÉLAG** „Þetta voru dapurleg mistök af hálfu Jóns Atla sem háskólaráði ber að leiðrétta,“ segir Kári Stefánsson um þá ákvörðun rektors Háskóla Íslands að úrskurða mál um meintan ritstuld Ásgeirs Jónssonar seðlabankastjóra utan við lögsögu siðanefndar skólans.

Kári bendir á að Ásgeir sé handhafi stöðu við HÍ þótt hann sé í launalausu leyfi. „Ef úrskurður rektors fær að standa býður hann upp á þann möguleika að fræðimenn háskólans geti skipulagt vinnu sína þannig að þeir taki sér launalaust leyfi þegar þeir ætla sér að stunda einhvern fræðilegan ósóma,“ skrifar Kári í Fréttablaðinu í dag. Sjá síðu 13. ■



Kári Steánsson, forstjóri Íslenskrar erfðagreiningar




# Útlit fyrir mikla fækkun smáframboða í borginni

Í borgarstjórnarkosningunum árið 2018 vakti fjöldi smáframboða, sem keyrðu á einu eða fáum málum, athygli. Púðrið virðist úr flestum þeirra og ný ekki í sjónmáli. Enn er þó einn og hálfur mánuður til stefnu.

kristinnhaukur@frettabladid.is

**KOSNINGAR** Ekkert hefur heyrst af nýjum framboðum til borgarstjórnar. Flest þau sem ekki náðu inn manni árið 2018 munu ekki bjóða fram í vor. Framboðsfrestur rennur út 8. apríl næstkomandi.

Sextán framboð buðu fram til borgarstjórnar árið 2018 og sjö þeirra náðu ekki einu prósenti atkvæða. Þetta voru Karlalistinn, Kvennahreyfingin, Íslenska þjóðfylkingin, Frelsisflokkurinn, Borgin okkar Reykjavík, Höfuðborgarlistinn og Alþýðufylkingin.

Samanlagt fengu þessir listar 1.740 atkvæði eða 3 prósent. Það er minna en Framsóknarflokkurinn fékk, það er 1.870 atkvæði og 3,2 prósent sem var langt frá því að duga til að ná inn manni. Íslenska þjóðfylkingin, annar tveggja flokka sem byggðu á andstöðu við útlendinga, fékk aðeins 125 atkvæði og 0,2 prósent sem er Íslandsmet.

Samkvæmt Gunnlaugi Ingvarssyni, formanni Frelsisflokksins, mun flokkurinn ekki bjóða fram í vor. Hann sé þó ekki hættur. Það sama segir Þorvaldur Þorvaldsson, títt nefndur Albaníu-Valdi, formaður Alþýðufylkingarinnar. „Við verðum ekki með framboð í vor,“ segir hann. „Það voru reglulegir fundir þangað til faraldurinn byrjaði. Síðan hefur það verið stopult.“

Sveinbjörg Birna Sveinbjörnsdóttir, fyrrverandi borgarfulltrúi Framsóknarflokksins, sem leiddi framboð Borgarinnar okkar árið 2018, segist hafa hætt öllum afskiptum af stjórnmálum.

Ekki náðist í talsmenn Íslensku þjóðfylkingarinnar, sem stofnuð var árið 2016 og rann saman við Hægri græna. Lítil virkni hefur verið á samfélagsmiðlum flokksins undanfarið. Heimasíður Karlalistans, Kvennahreyfingarinnar og Höfuðborgarlistans hafa verið teknar niður.



Enginn oddvita í síðari leiðtogaþætti RÚV árið 2018 náði kjöri. MYND/SKJÁSKOT

> Nýtt framboð kemur ekki til greina nema myndist sérstök stemning um það.



Glúmur Baldvinsson, fyrrverandi oddviti hjá Frjálslynda lýðræðisflokknum

Guðmundur Franklín Jónsson, fyrrverandi formaður Hægri grænna, leiddi Frjálslynda lýðræðisflokkinn í alþingiskosningunum í haust. Hann segir engar ákvarðanir hafa verið teknar varðandi framboð í vor. Reyndar hafi heldur ekki verið rætt neitt um það.

Annað hljóð er í Glúmi Baldvinssyni, sem einnig bauð fram fyrir flokkinn. „Nýtt framboð kemur ekki til greina nema myndist sérstök stemning um það,“ segir Glúmur. Hins vegar séu þreifingar í gangi með framboð fyrir stjórnmálaflokk.

Einn af þeim flokkum sem gjarnan hafa boðið fram á undanförnum árum en aldrei haft erindi sem erfiði er Dögun en flokknum var formlega slitið í nóvember síðastliðnum.

Ábyrg framtíð, sem barist hefur gegn bólusetningum og sóttvarnaaðgerðum, mun líklega ekki bjóða fram. Flokkurinn bauð fram í Reykjavíkurkjördæmi norður í haust og hlaut 144 atkvæði. Samkvæmt svörum frá samtökunum Frelsi og ábyrgð, sem hafa sams konar málstað, er heldur ekki stefnt á framboð í vor. ■




Nýr Hybrid = 100% afsláttur
af lántökugjöldum.
Sjá nánar á toyota.is

7 3+4 ÁBYRGÐ | 3 ÁRA ÞJÓNUSTA | SPORLAUS

Toyota Kauptúni
Kauptúni 6
570 5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
460 4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
420 6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
480 8000

2018
UMHVERFISVERÐLAUN ATVINNULÍFSINS
UMHVERFISFYRIRTÆKI ÁRSINS

Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er. Fyrirvari við 7 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. Gildir eingöngu um bíla sem fluttir eru inn af Toyota á Íslandi ehf. Birt með fyrirvara um villur.

# Rafbílum fjölgað um fimm þúsund síðustu tvö ár

ser@frettabladid.is

**ORKUMÁL** Rafbílavæðing landsmanna hefur tekið kipp á síðustu árum samkvæmt nýjum tölum Hagstofu Íslands, en fjöldi rafbíla og tengiltvinnbíla hér á landi fór úr tæpum 12 þúsundum árið 2020 í 17 þúsund ári seinna. Og það er til marks um breytinguna að einungis 5 rafbílar voru hér á landi fyrir rúmum áratug. Nær 80 prósent þessara bifreiða voru í eigu heimila í ágúst 2021.

„Ástæðurnar fyrir þessum vinsældum rafbíla eru margþættar,“ segir Runólfur Ólafsson, framkvæmdastjóri Félags íslenskra bifreiðaeigenda, og nefnir þar fyrst til sögunnar hertar reglur Evrópusambandsins um útblástursmagn bíla sem ganga fyrir jarðefnaeldsneyti, en þær hafi ýtt mjög við bílaframleiðendum. „Framboð á rafbílum jókst margfalt af þeim sökum,“ segir hann. Með snaraukinni framleiðslu hafi verð á rafbílum líka lækkað.

**Bílaeign heimila eftir orkugjafa**




„Loks má nefna að víða, svo sem hér á landi, hafa stjórnvöld boðið kaupendum rafbíla skattaafslætti og þeir hafa virkað mjög hvetjandi,“ segir Runólfur.

Hann býst við mikilli fjölgun rafbíla á næstu árum. „Bílaleigur eru byrjaðar að bjóða upp á rafbíla og það er sterk vísbending um það sem koma skal. Og svo er hitt að stórir bílaframleiðendur á borð við Volvo ætla að hætta að framleiða bíla sem nota jarðefnaeldsneyti eftir 2030.“ ■

## Biður Alþingi að skoða borgina

benediktboas@frettabladid.is

**ALÞINGI** Kjartan Magnússon, fyrrverandi borgarfulltrúi og núverandi varaþingmaður Sjálfstæðisflokksins, hefur lagt fram fyrirspurn til Sigurðar Inga Jóhannssonar innviðaráðherra um hvort fjármál Reykjavíkurborgar hafi verið tekin til skoðunar.

» Kjartan vill vita hvort eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga hafi tekið fjármál borgarinnar til skoðunar í ljósi þungrar skuldastöðu.

Í greinargerð með fyrirspurninni segir Kjartan að skuldir borgarinnar séu 400 milljarðar króna og vill hann vita hvort eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga eða ráðuneyti sveitarstjórnarmála hafi tekið fjármál Reykjavíkurborgar til sérstakrar skoðunar í ljósi skuldastöðu hennar.

Ef nefndin hefur ekki skoðað málið vill Kjartan fá að vita hvers vegna ekki. ■



Kjartan Magnússon, fyrrverandi borgarfulltrúi og frambjóðandi Sjálfstæðisflokksins

# Búast má við vandamálum við að taka við ferðamannastraumnum

Skuldavandi ferðaþjónustufyrirtækja gerir þeim erfitt fyrir að mæta vandamálum sem steðja að þrátt fyrir uppgang. Erfitt verður að fá starfsfólk og húsnæðisskorturinn bítur. Ferðaþjónustan kallar eftir forystu ríkisins.

kristinnhaukur@frettabladid.is



Bílaleigur og ferðaskrifstofur koma betur undan faraldri en afþreyingar-, veitinga- og gististaðir. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

**FERÐAÞJÓNUSTA** Þrátt fyrir fyrirséða stóraukna eftirspurn í ferðaþjónustu má búast við hikstum og vaxtarverkjum í greininni. Óvíst er hvort fullkomlega takist að mæta eftirspurn í ljósi hraðra breytinga vegna faraldursins og alvarlegrar fjárhagsstöðu ferðaþjónustufyrirtækja.

Ferðamenn hafa nú þegar rekið sig á að erfitt geti verið að finna laust hótelherbergi. Þetta þýðir ekki endilega að öll herbergin séu full, heldur hafa hótelin ekki alltaf nægt starfsfólk til þess að halda öllu hótelinu opnu. Er því aðeins hluti herbergjanna notaður.

Jóhannes Þór Skúlason, framkvæmdastjóri Samtaka ferðaþjónustunnar, segir þetta aðeins eitt þeirra vandamála sem geti komið upp í keðjunni. „Við vitum að vandamálin munu öll koma upp þegar líður að sumrinu. Spurningin er hversu alvarleg þau verða.“

Greinar ferðaþjónustunnar standa ekki allar jafn illa. Samkvæmt nýjustu fjárhagsgreiningu Ferðamálastofu standa bílaleigur og ferðaskrifstofur betur að vígi en afþreyingar-, veitinga- og gististaðir. Þá er töluverður munur á þeim sem eiga eigið húsnæði og þeim sem leigja. Þar kemur húsnæðisvandinn inn í jöfnuna og ofan á allt saman leggst svo eldsneytiskreppa, verðbólga og óvissa vegna kjarasamninga.

” Þetta þýðir að þrýstingur verður meiri á að fá erlent starfsfólk til landsins, sem þýðir aukinn þrýsting á húsnæðismarkaðinn.



Jóhannes Þór Skúlason, framkvæmdastjóri Samtaka ferðaþjónustunnar

„Það verður mjög erfitt að fá starfsfólk,“ segir Jóhannes. Sá vandi sé ekki bundinn við Ísland. Margir sem störfuðu í ferðaþjónustu fyrir faraldurinn séu farnir í aðrar greinar og snúa ekki svo glatt til baka. Atvinnuleysi er nú í kringum fimm prósent, sama hlutfall og þá.

„Þetta þýðir að þrýstingur verður meiri á að fá erlent starfsfólk til landsins, sem þýðir aukinn þrýsting á húsnæðismarkaðinn,“ segir Jóhannes. Þessi þróun sé þegar hafin, einkum á landsbyggðinni en einnig á höfuðborgarsvæðinu.

Annað sem fyrirséð er að auki á húsnæðisvandann er að fasteignaeigendur muni sjá hag sinn í að fara aftur inn á heimagistimarkaðinn, til dæmis hjá Airbnb. Þetta eru þá oft íbúðir sem voru í fastri leigu og því eykst þrýstingurinn á húsnæðismarkaðinn enn meir.

Vandamálin eru því mörg og sum mynda vítahring. Jóhannes segir getu ferðaþjónustufyrirtækja til að takast á við vandann, svo sem að geta leigt húsnæði eða greitt hærri laun, takmarkast af fjárhagsstöðunni. Skuldastaðan sé lykilþáttur.

Samkvæmt fjárhagsgreiningunni, sem unnin var af KPMG, er viðbúið að skuldauppgjör og endurskipulagning verði gerð í greininni í haust, eftir hávertíðina í sumar. Þá verði hægt að greina lífvænleika einstakra fyrirtækja.

Jóhannes segir að þrátt fyrir aukinn ferðamannastraum haldi mörg fyrirtæki áfram að brenna eigin fé, einkum vegna skuldanna. Augljóst sé að stjórnvöld þurfi að kalla félög í greininni og lánardrottna að borðinu og byggja skapalón utan um skuldaúrlausn lítilla og meðalstórra fyrirtækja, líkt og gert var 2010 eftir bankahrunið með samkomulagi sem kallaðist Beina brautin.

„Við erum ekki að tala um að ríkið þurfi að fara í enn þá meiri fjárútlát inn í greinina heldur að það sýni forystu,“ segir hann. ■

EIGUM BÍLA TIL AFHENDINGAR STRAX. KOMDU OG REYNSLUAKTU!
ALVÖRU JEPPI – ALVÖRU FJÓRHJÓLADRIF




5 ÁRA ÁBYRGÐ
8 8 ÁRA ÁBYRGÐ Á DRIFRAFHLÖÐU
PLUG-IN HYBRID

JEEP COMPASS LIMITED TROÐFULLUR AF AUKABÚNAÐI 7.479.000 KR.
Jeep rafknúnu jepparnir henta íslenskum aðstæðum um allt land

ISBAND
UMBOÐSAÐILI JEEP® Á ÍSLANDI • ÍSLENSK-BANDARÍSKA • ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR
S. 590 2300 • WWW.ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-17 • LAUGARDAGA 12-16
Jeep 4xe


MAXUS
EUNIQ 5 100% RAFKNÚINN
6 SÆTA FJÖLSKYLDUBÍLL
VERÐ KR.
6.690.000
ALLT AÐ
420
KM DRÆGNI
KOMDU Í HEIMSÓKN OG PRÓFAÐU EUNIQ 5,
HANN KEMUR SKEMMTILEGA Á ÓVART
MAXUS
SAIC MOTOR
EUNIQ 5
Maxus Euniq 5 er glæsilegur 6 manna 100% rafknúinn fjölnotabíll með allt að 420 km drægni. Láttu fara vel um þig og aktu inn í framtíðina á umhverfisvænan máta.
360°myndavélakerfi.
Isofix festingar fyrir 3 barnastóla.
Rafopnun á afturhlera.
Býðst með toppgrind og dráttarbeisli.
Maxus á Íslandi
YouTube
Vatt ehf. er dótturfélag Suzuki bíla hf.
www.vatt.is
soludeild@vatt.is / Skeifunni 17 / Sími 568 5100
vatt ehf

# Á þriðja tug skattamála vegna Airbnb lokið

mhj@frettabladid.is

**SKATTAMÁL** Skatteftirlit Skattsins hefur lokið 25 eftirlitsmálum með endurákvörðun skatta þar sem tekjur vegna útleigu í gegnum Airbnb reyndust vanframtaldar. Þetta kemur fram í svörum Skattrannsóknarstjóra við fyrirspurn Fréttablaðsins.

Sumarið 2020 fékk Skattrannsóknarstjóri upplýsingar um 25,1 milljarðs króna greiðslur til íslenskra skattþegna frá Airbnb á árunum 2015 til 2018. Í gögnunum er að finna tugi milljóna króna sem ekki voru gefnar upp á skattframtölum og hefur embættið unnið sig í gegnum gögnin á síðustu árum.

„Skattrannsóknarstjóri er með um tug mála til rannsóknar og má nú gera ráð fyrir að unnt verði að ljúka þeim málum með sekt,“ segir í svari Skattrannsóknarstjóra við fyrirspurn Fréttablaðsins en embættinu var veitt heimild í fyrra til þess að ákvarða allt að 100 milljóna króna sekt í rannsóknamálum.

„Upplýsingar um aðra aðila sem þörfnuðust frekari skoðunar voru sendar skatteftirliti Skattsins og er þar um töluverðan fjölda að ræða,“ segir í svari Skattrannsóknarstjóra.

„Nú eru í vinnslu 18 mál hjá eftirlitinu. Endanlegur fjöldi mála sem kallar á aðgerðir af hálfu skattyfirvalda liggur ekki fyrir að svo stöddu,“ segir enn fremur í svarinu. ■


Bryndís Kristjánsdóttir, skattrannsóknarstjóri ríkisins.

# Rafbyssum verði helst beint gegn jaðarsettu fólki og mótmælendum

**Aðgerðasinni hefur miklar áhyggjur af mögulegri rafbyssuvæðingu lögreglu sem er til skoðunar hjá ráðherra.**

arib@frettabladid.is


Lögreglumaður í Þýskalandi hleypir af rafbyssu. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

**LÖGREGLUMÁL** „Lögreglan er valdbeitingarstofnun ríkisins og ég er alfarið á móti henni, en þó er ég sérstaklega mótfallin ofbeldinu sem hún byggir vald sitt á. Þar af leiðandi segir það sig sjálft að ég er á móti því að lögreglufólk fái frekari tól til þess að beita einstaklinga ofbeldi,“ segir Elínborg Harpa Önundardóttir aðgerðasinni.

Jón Gunnarsson innanríkisráðherra vill skoða alvarlega að lögreglumenn fái rafbyssur í sína þjónustu, ekki er búið að taka neina ákvörðun. Meirihluti lögreglumanna vill fá slík tæki til þess að geta yfirbugað fólk úr fjarlægð. Elínborg Harpa er því ekki sammála.

„Umræðan er afvegaleidd. Í fyrsta lagi er látið líta út fyrir að lögreglan sé hálfvopnalaus, sem er einfaldlega ekki satt,“ segir hún og vísar sérstaklega til svars þáverandi innanríkisráðherra árið 2014-2015 við fyrirspurn þar sem kom fram að þá voru samtals 590 skotvopn í eigu lögreglunnar. Þá einnig að lögregla sé búin kylfum og piparúða.

„Í öðru lagi er gefið í skyn að aukinn vopnaburður lögreglu auki á einhvern hátt öryggi almennings eða geti komið í veg fyrir ofbeldi, þegar nær allar heimildir benda til hins gagnstæða.“

Hún telur að rafbyssum verði beitt gegn jaðarsettu fólki. „Rannsóknir og reynsla annars staðar frá bendir til þess að fólk sem kemur hvað verst út úr valdbeitingu lögreglu, og er oftast beitt lögregluofbeldi, á það sameiginlegt að tilheyra jaðarsettum hópum, til að mynda fólk með geðrænar áskoranir, fólk af erlendum uppruna, fólk með fíknivanda og fólk sem glímir við heimilisleysi,“ segir Elínborg.

> **Vöðvar einstaklings herpast saman, einstaklingurinn fellur í jörðina og sársaukinn er gífurlegur.**


Elínborg Harpa Önundardóttir, aðgerðasinni

Þá sýni rannsóknir að lögregla noti frekar vopn ef þau eru til taks, líka í aðstæðum þar sem hægt væri að nota samræðutækni. „Að nota rafbyssu sparar þá kannski tíma og kostnað fyrir lögregluna, en bitnar á manneskjunni sem fær 50 þúsund volta sjokk. Vöðvar einstaklings herpast saman, einstaklingurinn fellur í jörðina og sársaukinn er gífurlegur,“ segir hún.

Elínborg Harpa hefur tekið þátt í mörgum mótmælum og var hún sakfelld í fyrra fyrir valdstjórnarbrot í tengslum við mótmæli í dómsmálaráðuneytinu sumarið 2019, mál hennar verður tekið fyrir í Landsrétti á næstu vikum. Hún segir það ekki útilokað að rafbyssum verði beint að mótmælendum sem neiti að hlýða.

Elínborg segir rafbyssur skref í ranga átt. „Er þetta í alvörunni áttin sem við ætlum að fara í sem samfélag? Að í stað þess að ræða saman, reyna að skilja hvert annað og bæta þjónustu og úrræði fyrir jaðarsettustu hópa samfélagsins, vill ráðherra eyða pening í að láta lögregluna fá rafbyssur?“

Elínborg segir að á næstunni muni hefjast vitundarvakningarátak undir heitinu „Reynslusögur af lögregluofbeldi og mismunun á Íslandi“ þar sem birtar verða myndskreyttar frásagnir fólks sem hefur orðið fyrir því. ■

## Framsóknarmenn vilja Ríkið opið á sunnudögum

kristinnhaukur@frettabladid.is

**STJÓRNSÝSLA** Sex þingmenn Framsóknarflokksins hafa lagt fram frumvarp um breytingu á áfengislögunum. Með henni myndi ákvæði falla brott um að verslanir ÁTVR skuli lokaðar á helgidögum þjóðkirkjunnar, sumardaginn fyrsta, 1. maí, þjóðhátíðardaginn og frídag verslunarmanna.


Hafdís Hrönn Hafsteinsdóttir, fyrsti flutningsmaður frumvarpsins

Í greinargerð með frumvarpinu segir að bannið samræmist ekki tíðarandanum. Vegna tilkomu áfengisverslana á netinu þurfi að veita ÁTVR rýmri heimildir til að bregðast við.

Einnig að þegar verslanir ÁTVR séu lokaðar séu meiri líkur á að fólk kaupi áfengi af aðilum sem ekki hafi nein leyfi til þess. Það er landa sem innihaldi meira magn af vínanda en leyfilegt sé og geti verið skaðlegur. ■

## Borgin bregst við bréfi starfsmanna vetrarþjónustu

benediktboas@frettabladid.is

**REYKJAVÍK** Bréfi fjórmenninga úr vetrarþjónustu Reykjavíkurborgar hefur ekki verið svarað með formlegum hætti samkvæmt yfirlýsingu sem Hjalti J. Guðmundsson, skrifstofustjóri reksturs og umhirðu borgarlandsins, sendi frá sér í gær.

Fjórir starfsmenn vetrarþjónustu gatna sendu frá sér opið bréf í síðustu viku með athugasemdum um ýmis atriði.

Í bréfinu kvarta þeir meðal annars undan „hringlandahætti, þekkingar-, skilnings- og virðingarleysi í sinn garð.“

Hjalti bendir á að sumt hafi þegar verið lagfært og annað sé í ferli en annað sem komi fram í bréfinu séu mannauðsmál sem eigi réttan feril innan Reykjavíkurborgar og verði ekki rædd opinberlega. ■



# Boðun til aðalfundar í Arion banka hf.

Aðalfundur í Arion banka hf., kt. 581008-0150, („Arion banki“ eða „bankinn“) verður haldinn í höfuðstöðvum bankans að Borgartúni 19, 105 Reykjavík, þann 16. mars 2022, kl. 16:00. Einnig verður gefinn kostur á rafrænni þátttöku. Atkvæðagreiðsla á fundinum fer eingöngu fram með rafrænum hætti. Fundurinn fer fram á íslensku en boðið verður upp á túlkaþjónustu á ensku.

## Eftirtalin mál eru á dagskrá fundarins:

1. **Skýrsla stjórnar um rekstur, starfsemi og hag bankans á síðasta reikningsári**
2. **Staðfesting ársreiknings bankans og samstæðureiknings fyrir síðastliðið reikningsár**
3. **Ákvörðun um greiðslu arðs**

   Stjórn bankans leggur til að greiddur verði arður til hluthafa bankans sem nemur 15 kr. á hlut sem jafngildir um 22.500.000.000 kr.
4. **Kosning stjórnar bankans, stjórnarformanns og varaformanns stjórnar**
5. **Kosning endurskoðunarfélags**
6. **Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna bankans og laun nefndarmanna í undirnefndum stjórnar fyrir störf þeirra**
7. **Ákvörðun um þóknun til nefndarmanna í tilnefningarnefnd bankans**
8. **Kosning tveggja nefndarmanna í tilnefningarnefnd bankans**
9. **Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu bankans**
10. **Tillaga um heimild stjórnar til að samþykkja breytingu á kaupréttaráætlun**
11. **Tillaga um lækkun hlutafjár til jöfnunar á eigin hlutum og samsvarandi breyting á samþykktum**

    Tillagan felur í sér að hlutafé bankans verði lækkað um 150.000.000 kr. að nafnverði, úr 1.660.000.000 kr. í 1.510.000.000 kr. að nafnverði til jöfnunar á eigin hlutum bankans.

    Verði tillagan samþykkt felur hún í sér breytingu á ákvæði 2.1 samþykkta bankans sem skal eftirleiðis hljóða þannig: „Hlutafé félagsins er kr. 1.510.000.000 – einn milljarður fimm hundruð og tíu milljónir króna.“
12. **Tillaga um endurnýjun á heimild bankans til kaupa á eigin hlutum og samsvarandi breyting á samþykktum**

    Verði tillagan samþykkt felur hún í sér að tímabundin heimild stjórnar til að kaupa allt að 10% af hlutafé bankans í þeim tilgangi að setja upp endurkaupaáætlun eða til að gera hluthöfum almennt tilboð um kaup bankans á eigin bréfum verði endurnýjuð. Heimildin mun gilda fram að aðalfundi bankans árið 2023 en hafi hann ekki farið fram 15. september 2023 rennur hún út í síðasta lagi þann dag. Framkvæmd endurkaupa er háð fyrirfram samþykki Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands.
13. **Önnur mál**

## Skýringar á dagskrárliðum 4 og 8 í dagskrá fundarins:

**Kosning stjórnar bankans**

Í samræmi við samþykktir bankans skal á aðalfundi m.a. fara fram kosning stjórnar bankans sem kjörin er til eins árs í senn.

Stjórn bankans hefur ákveðið að kosningu stjórnar bankans verði þannig háttað að aðalstjórn verði skipuð fimm einstaklingum og varastjórn tveimur, sbr. grein 17.1 í samþykktum bankans.

Ákvörðunin byggist á tillögu tilnefningarnefndar bankans. Nánari umfjöllun er að finna í skýrslu tilnefningarnefndar sem verður aðgengileg á vefsíðu bankans.

Þeir sem hyggjast gefa kost á sér í stjórnarkjöri skulu með skriflegum hætti tilkynna félagsstjórn um framboð eigi síðar en fimm sólarhringum fyrir aðalfund, sbr. ákvæði samþykkta bankans. Skulu tilkynningar berast á netfangið nominationcommittee@arionbanki.is fyrir kl. 16:00 þann 11. mars 2022.

Tilnefningarnefnd mun gera tillögu til hluthafa um framboð til stjórnar sem mun byggjast á tillögum þeirra og framkomnum framboðum. Tillagan verður birt á vefsíðu bankans www.arionbanki.is/gm ásamt öðrum framboðum eigi síðar en tveimur sólarhringum fyrir aðalfundinn. Frá sama tíma verður hún aðgengileg í höfuðstöðvum bankans.

**Kosning tveggja nefndarmanna í tilnefningarnefnd**

Í samræmi við samþykktir bankans og starfsreglur tilnefningarnefndar gefst hluthöfum tækifæri til að kjósa tvo af þremur nefndarmönnum í tilnefningarnefnd á hluthafafundi. Þriðji nefndarmaðurinn skal vera formaður stjórnar bankans eða annar stjórnarmaður skipaður af stjórn bankans.

Þeir sem hyggjast gefa kost á sér í nefndarkjöri skulu tilkynna um framboð eigi síðar en fimm sólarhringum fyrir upphaf aðalfundar. Skulu tilkynningar því berast á netfangið hluthafar@arionbanki.is fyrir kl. 16:00 þann 11. mars 2022. Reglur samþykkta um stjórnarkjör gilda eftir því sem við getur átt um kosningu nefndarmanna í tilnefningarnefnd. Upplýsingar um frambjóðendur í tilnefningarnefnd verða birtar á vefsíðu bankans www.arionbanki.is/gm eigi síðar en tveimur sólarhringum fyrir aðalfundinn. Þær verða aðgengilegar í höfuðstöðvum bankans frá þeim tíma.

## Aðrar upplýsingar:

Endanlega dagskrá, tillögur, ársreikning og samstæðureikning fyrir árið 2021 og önnur skjöl sem lögð verða fyrir aðalfundinn er að finna á vefsíðu bankans, www.arionbanki.is/gm. Auk þess eru gögnin aðgengileg í höfuðstöðvum bankans. Sé misræmi milli fundargagna á ensku annars vegar og íslensku hins vegar gildir íslenska útgáfan.

Þeir hluthafar sem óska eftir því að fá tiltekið mál tekið til meðferðar á aðalfundinum skulu senda skriflega eða rafræna beiðni um slíkt í síðasta lagi tíu sólarhringum fyrir boðaðan aðalfund eða í síðasta lagi fyrir kl. 16:00 þann 6. mars 2022. Kröfu skal fylgja rökstuðningur eða drög að ályktun til félagsstjórnar. Senda skal slíka kröfu til félagsstjórnar á netfangið hluthafar@arionbanki.is.

Á aðalfundinum fylgir eitt atkvæði hverri krónu í hlutafé. Eigin bréf bankans njóta ekki atkvæðisréttar.

Aðalfundurinn fer fram í höfuðstöðvum bankans en einnig verður unnt að mæta með rafrænum hætti með Lumi AGM veflausninni. Hluthafar sem óska þess að mæta með rafrænum hætti geta nálgast AGM-veflausnina í gegnum vafra í tölvu eða snjalltæki. Mælt er með því að notast við tölvu og að nýjasta útgáfa af vafra sé uppsett (Chrome, Safari, Edge eða Firefox). Hluthöfum sem mæta með rafrænum hætti mun gefast kostur á því að spyrja spurninga sem kunna að vakna á fundinum, með skriflegum hætti í gegnum Lumi AGM veflausnina. Athugið að nauðsynlegt er að hafa stöðuga nettengingu ef mætt er með rafrænum hætti.

Hluthöfum er heimilt að láta umboðsmann sækja aðalfundinn og fara þar með atkvæðisrétt fyrir sína hönd. Hluthafar einir bera ábyrgð á því hvaða einstaklingum/aðilum þeir veita umboð eða afhenda aðgangsupplýsingar. Á vefsíðu bankans, www.arionbanki.is/gm, má finna sniðmát af umboði sem hluthöfum er bent á að nýta sér. Umboð gilda einungis til fundarsetu á einum hluthafafundi nema annað sé skýrt tekið fram í efni umboðsins en getur þó aldrei gilt lengur en í eitt ár frá dagsetningu þess.

Atkvæðagreiðsla á fundinum fer fram með rafrænum hætti. Hluthafar sem hyggjast sækja aðalfundinn, eða eftir atvikum greiða atkvæði fyrir fundinn, óháð því hvort fundur sé sóttur í persónu eða rafrænt, þurfa því að óska eftir aðgangi fyrir fram á vefsíðunni www.lumiconnect.com/meeting/arionbanki. Hluthöfum, sem jafnframt eru lögaðilar eða hyggjast láta umboðsmann sækja aðalfundinn, er bent á að tryggja að sá aðili sem sækir um aðgang hafi til þess heimild. Nánari leiðbeiningar um hvernig hluthafar geta nálgast aðgangsupplýsingar, upplýsingar um framkvæmd rafrænnar atkvæðagreiðslu með Lumi AGM, reglur um rafræna atkvæðagreiðslu og aðrar upplýsingar sem geta átt við er að finna á vefsíðu bankans, www.arionbanki.is/gm.

Til þess að hægt sé að tryggja tímanlega úrvinnslu á beiðnum hluthafa um aðgangsupplýsingar skulu þeir óska eftir aðgangi á vefsíðunni www.lumiconnect.com/meeting/arionbanki **eigi síðar en fimm dögum fyrir fundinn**, þ.e. eigi síðar en kl. 16:00 þann 11. mars 2022. Sama gildir ef hluthafar vilja leggja fram skriflegar spurningar varðandi dagskrá eða framlögð skjöl sem þeir óska svara við á fundinum. Þær skulu sendar á netfangið hluthafar@arionbanki.is.

## Tilkynning til eigenda SDR-heimildarskírteina:

Swedish Depository Receipts (SDR) heimildarskírteinishöfum, sem hyggjast sækja fundinn í persónu eða með rafrænum hætti eða greiða þar atkvæði samkvæmt umboði, skulu vera skráðir í skrá Euroclear Sweden AB („Euroclear“) fyrir kl. 17:00 (CET) þann 8. mars 2022 og framkvæma annað af eftirtöldu:

I. Tilkynna Skandinaviska Enskilda Banken AB („SEB“) um þátttöku á fundinum í síðasta lagi 11. mars 2022 þar um eða

II. senda frumrit umboðs til SEB en það þarf að hafa borist SEB eigi síðar en 11. mars 2022.

SDR-heimildarskírteini eru eingöngu skráð á nafn SDR-heimildarskírteinishafa í skrá Euroclear. Eigendur SDR-heimildarskírteina sem eru safnskráð skulu hafa SDR-heimildarskírteini sín skráð á nafn sitt í skrá Euroclear til þess að þeim sé heimilt að sækja aðalfundinn eða greiða atkvæði samkvæmt umboði á honum. Handhafar SDR-heimildarskírteina sem skráð eru safnskráningu skulu því óska eftir því við viðkomandi vörsluaðila að þeir verði tímabundið skráðir eigendur heimildarskírteinanna (skráning til þess að njóta atkvæðisréttar) tímanlega fyrir atkvæðisréttindadag, sem er 11. mars 2022, hafi þeir hug á því að mæta á fundinn eða greiða atkvæði samkvæmt umboði.

Skilyrði I: Eigendur SDR-heimildarskírteina sem skráðir eru í skrá Euroclear, eða þeir sem óskað hafa eftir skráningu til þess að njóta atkvæðisréttar fyrir kl. 17:00 (CET) þann 8. mars 2022, og hyggjast mæta á aðalfundinn skulu tilkynna SEB þar um eigi síðar en 11. mars 2022.

Tilkynning eigenda SDR-heimildarskírteina um mætingu skal berast SEB skriflega stíluð á SEB, Issuer Agent, AB3, SE-106 40 Stokkhólmi, með tölvupósti á netfangið iadarion@seb.se, í síma +46-8-763 55 60 eða með faxi í +46-8-763 62 50. Eigendur eru vinsamlegast beðnir um að senda fullbúna tilkynningu.

Skilyrði II: Eigendur SDR-heimildarskírteina, sem hyggjast óska eftir því að SEB greiði atkvæði fyrir þeirra hönd samkvæmt umboði, skulu senda frumrit undirritaðs umboðs með pósti eða boðsendingu **þannig að það berist til** SEB, Issuer Agent, AB3, SE-106 40, Stokkhólmi, heimilisfang fyrir boðsendingar (e.g. DHL Express): Råsta Strandväg 5 169 79 Solna, eigi síðar en 11. mars 2022. Umboðs- og tilkynningarform verða aðgengileg á heimasíðu bankans www.arionbanki.is/gm.

Til að taka af allan vafa er athygli vakin á því að þeir SDR-heimildarskírteinishafar sem hyggjast fá aðgangsupplýsingar til að taka þátt í atkvæðagreiðslu og kjósa rafrænt á fundinum sækja **ekki** um aðgang í gegnum vefsíðuna www.lumiconnect.com/meeting/arionbanki heldur með tilkynningu til SEB, sbr. I. hér að framan.

**Tímabundin takmörkun á yfirfærslu SDR-heimildarskírteina í hluti**

Frá og með lokun markaða 11. mars 2022 til og með 18. mars 2022 verður óheimilt að yfirfæra SDR-heimildarskírteini í eða úr hlutum í Arion banka.

Allar nánari upplýsingar um fundinn má finna á vefsíðu bankans www.arionbanki.is/gm.

arionbanki.is

Stjórn **Arion banka hf.**

# Bólusetningarvottorð ógild eftir níu mánuði

birnadrofn@frettabladid.is

**COVID-19** Opið verður fyrir bólusetningar gegn Covid-19 í Laugardalshöll út þessa viku. Eftir það færast bólusetningar til Heilsugæslunnar.

Bæði Ragnheiður Ósk Erlendsdóttir, framkvæmdastjóri hjúkrunar hjá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, og Þórólfur Guðnason sóttvarnalæknir hvetja þá sem eiga eftir að fá grunn- eða örvunarbólusetningu til að mæta í Laugardalshöllina í vikunni.

„Þetta verður aðeins flóknara þegar bólusetningarnar færast inn á heilsugæslustöðvarnar. Þá þarf fólk að panta tíma á Heilsuveru og ef það er ekki með rafræn skilríki þarf það að hringja og panta tíma,“ segir Ragnheiður. Ástæðuna fyrir tímapöntununum segir Ragnheiður vera blöndun bóluefnisins. Bólusett verði með efni frá Pfizer, tíu skammtar séu í hverju glasi svo miðað sé við að bóka í það minnsta tíu manns á sama degi. Ekki þarf að greiða komugjald þegar fólk kemur í bólusetningu gegn Covid-19 á heilsugæslustöð.

Þá vekur Ragnheiður athygli á því að nú séu Covid-19 bólusetningarskírteini með níu mánaða gildistíma frá seinni skammti grunnbólusetningar. Þetta gildi fyrir 16 ára og eldri. Ef lengra er liðið en níu mánuðir frá grunnbólusetningu muni vottorð teljast ógilt á landamærum alveg sama hvað stendur á því. Örvunarskammtur endurnýjar þennan níu mánaða gildistíma.



Ragnheiður Ósk Erlendsdóttir, framkvæmdastjóri hjúkrunar hjá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins



Þórólfur Guðnason, sóttvarnalæknir

„Ef þessir níu mánuðir eru liðnir þegar fólk fer í örvunarskammt tekur það tvær vikur fyrir skírteinið að verða fullgilt að nýju svo fólk verður að huga að þessu ef það er til dæmis að fara til útlanda, ef níu mánuðirnir eru ekki liðnir endurnýjast það strax,“ segir Ragnheiður.

Þórólfur segir bæði reynsluna og erlendar rannsóknir sýna að fólk sem sé fullbólusett og hafi fengið örvunarskammt veikist minna en óbólusettir. „Það er himinn og haf á milli veikinda hjá fólki sem er óbólusett og þeirra sem eru búnir að fá örvunarskammtinn,“ segir hann.

Spurður hvort fólk sem fengið hafi Covid eigi líka að láta bólusetja sig segir Þórólfur sýkinguna teljast eins og einn skammt bóluefnis. „Fyrir fólk sem hefur fengið eina Janssen og svo Covid til dæmis, þá er önnur sprautan örvunarskammturinn.“ ■

## Fjárlaganefnd Alþingis vill hækka hámarkshalla á afkomu ríkissjóðs

mhj@frettabladid.is

**EFNAHAGSMÁL** Meirihluti fjárlaganefndar leggur til breytingu á fjármálastefnu ríkisins til 2026 með þeim hætti að hámarkshalli á afkomu ríkissjóðs og fyrir opinbera aðila í heild sinni verði aukinn um 0,5 prósent af vergri landsframleiðslu fyrir árið 2022. Þannig verði hámarkshalli fyrir hið opinbera -6,5 prósent af VLF í stað þess að vera -6 prósent. Afkomumarkmið síðari ára stefnunnar verða óbreytt.

Framlögð fjármálastefna byggðist meðal annars á fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2022. Í rökstuðningi meirihlutans fyrir breytingunni segir að



Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir, formaður fjárlaganefndar

með samþykkt fjárlaga fyrir árið hafi forsendur breyst allnokkuð. Í frumvarpinu var afkoman áætluð neikvæð um 168,5 milljarða króna en endanleg fjárlög voru með 186,4 milljarða króna halla.

Síðari umræða um fjármálastefnuna fer fram á Alþingi í dag og hefst þingfundur klukkan hálf tvö. ■



Matvælastofnun hefur ekki fundið eina rannsókn um blóðmagn íslenska hestsins. MYND/AWF

# Engar rannsóknir til um blóðmagn íslenska hestsins

Engar rannsóknir eru til um blóðmagn íslenskra hesta og sömuleiðis hefur aldrei verið rannsakað hversu hátt hlutfall af heildarblóðmagni hrossa er óhætt að taka með viku millibili.

ingunnlara@frettabladid.is

**DÝRAVELFERÐ** „Miðað við núverandi þekkingu er ekki hægt að reikna út hversu mikið blóð má taka úr fylfullum, mjólkandi hryssum vikulega í 8 vikur,“ segir í svari frá Sigríði Björnsdóttur, yfirdýralækni í hrossasjúkdómum hjá Matvælastofnun (MAST), við fyrirspurn frá Ole Antoni Bieltvedt, formanni Jarðarvina.

Mikið hefur verið fjallað um blóðmagn íslenska hestsins vegna blóðtöku úr fylfullum hryssum til lyfjaframleiðslu. Hátt í fimm lítrar af blóði eru teknir vikulega úr fylfullum hryssum á meðan hormónið eCG, einnig kallað PMSG, finnst í blóði þeirra. Þetta eru 14 prósent af heildarblóðmagni ef miðað er við að íslenski hesturinn sé með um 36 til 37 lítra af blóði.

Gagnrýnendur blóðmerahalds telja að blóðmagn íslenska hestsins

> Ég fann enga slíka rannsókn byggða á íslenska hestinum.
>
> Sigríður Björnsdóttir, yfirdýralæknir í hrossasjúkdómum hjá MAST

hafi verið ofmetið og að í raun séu 20 prósent af blóðmagni fylfullra hryssa tekin úr þeim við blóðtöku sem samkvæmt dýraverndarsinnum er algjör yfirkeyrsla.

Sigríður segir að eftirlit með heilbrigði og holdafari hryssanna sé helsti velferðarmælikvarðinn ásamt mælingum á blóðrauða.

„Hvaðan hefur þú þær upplýsingar, og í hvaða formi, að blóðmagn íslenskra hryssa sé 36 til 37 lítrar?“ spurði Ole og svaraði Sigríður að hún vísaði til þumalfingursreglu sem hún lærði í dýralæknanámi.

„Ég hef ekki haldið því fram að um sé að ræða nákvæmt viðmið. Þegar ég skoða þetta nánar sé ég að það er mjög lítið um rannsóknir á blóðmagni í hrossum og ég fann enga slíka rannsókn byggða á íslenska hestinum,“ svaraði Sigríður. Einnig tekur hún fram að engar rannsóknir séu til um hversu hátt hlutfall af heildarblóðmagni hrossa sé óhætt að taka með viku millibili.

MAST tekur fram að gögn frá lyfjatæknifyrirtækinu Ísteka um styrk blóðrauða hjá blóðmerum haldist allt blóðtökutímabilið innan almennra viðmiðunargilda fyrir heilbrigð hross. Sömuleiðis hafi skráningar sýnt að afföll blóðmera hafi verið um eða innan við 0,1 prósent ár hvert.

Ole Anton segir óásættanlegt að gengið sé svo hart að íslenskum hryssum án þess að rannsóknir liggi fyrir um velferð þeirra.

„Með öðrum orðum hafið þið leyft starfsemi um langt árabil, þar sem augljóslega hefur verið gengið mjög hart að íslenskum hryssum, án þess, að þið hefðuð hugmynd um, hvað þið voruð að gera og hvaða mörk og rammi skyldu gilda um þessa starfsemi, til að tryggja velferð dýranna, sem er einmitt ykkar verkefni og skylda!“ sagði Ole Anton í svari til MAST. ■




SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

24|02
FIMMTUDAGUR
KL. 19:30

25|02
FÖSTUDAGUR
KL. 19:30

26|02
LAUGARDAGUR
KL. 16 & 19:30

# VÍNAR-TÓNLEIKAR

**Sannkölluð veisla í Eldborg, þar sem valsar og polkar, gleði og glæsileiki gefa tóninn fyrir nýtt tónlistarár.**

**Tryggðu þér sæti á þessa einstöku Vínarveislu!**

**EFNISSKRÁ**
Óperettutónlist, valsar og polkar eftir Johann Strauss, Franz Lehár, Emmerich Kálman, Hans Christian Lumbye og fleiri

**HLJÓMSVEITARSTJÓRI**
Kornilios Michailidis

**EINSÖNGVARAR**
Herdís Anna Jónasdóttir
Gissur Páll Gissurarson



Miðasala
**sinfonia.is**

Sími
**528 5050**



Boris Johnson á leið í breska þingið að kynna afléttingarnar. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

## Takmörkunum verður aflétt að fullu í Bretlandi

mhj@fretttabladid.is

**COVID-19** Öllum takmörkunum í tengslum við kórónuveirufaraldurinn verður aflétt í Bretlandi fimmtudaginn 24. febrúar. Frá og með fimmtudeginum verður einstaklingum sem smitast af kórónaveirunni ekki lengur skylt að einangra sig.

Forsætisráðherra Bretlands, Boris Johnson, kynnti breytingarnar fyrir breska þinginu í gærkvöldi.

Þá mun breska ríkið hætta að greiða lágtekjufólki sem greinist með veiruna um 500 pund eða rúmlega 85 þúsund krónur. Þeim sem smitast verður eftir sem áður ráðlagt að halda sig heima þótt það verði ekki skylda.

Ein umdeildasta breytingin á að taka gildi 1. apríl en þá verður einstaklingum gert að greiða sjálfum fyrir PCR-skimun fyrir veirunni.

Stjórnarandstaðan í Bretlandi hefur lýst áhyggjum af því að ríkisstjórnin sé að fara of geyst af stað með afléttingar, þá sérstaklega fyrirhuguð endalok ókeypis skimana.

„Covid-19 mun skyndilega hverfa á brott en ef við byðum með eftirstandandi afléttingar þar til stríðið er fullunnið værum við að takmarka frelsi almennings um ókomna tíð,“ sagði Johnson í breska þinginu í gær en BBC greinir frá. ■

# Segja Vladimír Pútín þegar hafa sett áætlun um innrás í Úkraínu af stað

Líkur á því að Rússar ráðist inn í Úkraínu aukast dag frá degi. Vesturveldin eru uggandi vegna ástandsins. Biden hefur samþykkt að hitta Pútín en óvíst er hvenær fundur fari fram.

tsh@frettabladid.is



Joe Biden Bandaríkjaforseti á fundi með Vladimír Pútín Rússlandsforseta í Genf síðasta sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

**ÚKRAÍNA** Mikil óvissa ríkir enn varðandi mögulega innrás Rússa í Úkraínu en Bretar segja Rússa vera langt komna með að undirbúa slíka innrás. Talsmaður Boris Johnson forsætisráðherra sagði á fjölmiðlafundi að Bretar hefðu haldbærar upplýsingar um að Vladimír Pútín Rússlandsforseti væri búinn að setja hernaðaráætlanir sínar í farveg.

„Upplýsingar okkar gefa til kynna að Rússar ætli sér að hefja innrás og að áætlun Pútíns Rússlandsforseta sé um innrásina sé í raun þegar komin til framkvæmda,“ sagði talsmaður Boris Johnson í gær.

Rússar hafa komið um 150 þúsund manna herliði fyrir við landamæri Úkraínu og hafa Bandaríkjamenn lýst því yfir að ef til innrásar komi muni þeir bregðast við „hratt og örugglega“.

Bandaríkjamenn segjast hafa trúverðugar upplýsingar um að rússnesk hernaðaryfirvöld séu í óðaönn að gera lista yfir úkraínska ríkisborgara sem verði drepnir eða sendir í fangabúðir komi til innrásar. Rússnesk yfirvöld hafa þó alfarið hafnað því og segja að um helberan skáldskap og lygar sé að ræða.

Joe Biden Bandaríkjaforseti samþykkti í gær að hitta Pútín til að ræða Úkraínudeiluna en sagði að fundurinn myndi aðeins eiga sér stað ef Rússar ráðast ekki inn í Úkraínu. Rússar hafa þó sagt að engar formlegar áætlanir séu um fund með forsetunum tveimur.

»

**Rússnesk stjórnvöld hyggjast viðurkenna sjálfstæði héraðanna Donetsk og Luhansk.**

Utanríkisráðherrar Rússlands og Bandaríkjanna, þeir Sergei Lavrov og Anthony Blinken, munu funda um ástandið í Genf næsta fimmtudag.

Eins og áður hefur verið greint frá er ein af lykilkröfum Rússa sú að Úkraína muni ekki fá inngöngu í Atlantshafsbandalagið og að vesturveldin afturkalli herafla sinn frá löndum Austur-Evrópu.

Sergei Lavrov, utanríkisráðherra Rússlands, hefur tjáð Pútín að ólíklegt sé að Vesturlönd muni verða við þessum kröfum en hefur þó sjálfur sagt að nauðsynlegt sé að halda samtalinu á milli Rússlands og Vesturlanda áfram.

Rússnesk stjórnvöld greindu frá því í gærkvöldi að þau hygðust viðurkenna sjálfstæði héraðanna Donetsk og Luhansk sem eru innan landamæra Úkraínu.

Þetta kom fram í tilkynningu frá stjórnvöldum í Kreml, BBC greinir frá. Úkraínski herinn hefur barist um héruðin undanfarin átta ár við rússneskumælandi aðskilnaðarsinna sem ráða þar ríkjum en þeir vilja stofna sjálfstæð lýðveldi með stuðningi Rússa sem talið er að gæti aukið líkurnar á því að Rússar sendi herafla inn í landið.

Rússar lýstu yfir flugbannssvæði á sunnudag yfir Asovshafi sem liggur á milli Krímskaga og meginlands Úkraínu í norðri og Rússlands í austri. Ákvörðunin var tekin samhliða því að Rússar sendu skipaflota inn á hafið á sunnudag.

Á mánudag var einnig tilkynnt um að tíu evrópsk flugfélög hefðu frestað eða hætt við flug til Úkraínu en innviðaráðherra Úkraínu, Oleksander Kúbrakov, segir þó úkraínska lofthelgi enn vera opna og örugga. ■





Tilgangur Vöruhúss tækifæranna er að auðvelda **fólki á þriðja æviskeiðinu** að gera breytingar á lífi sínu og láta óskir sínar rætast. Vöruhúsið er spennandi nýjung sem svarar kalli sífellt stækkandi hóps fólks sem komið er yfir miðjan aldur og **vill feta nýjar slóðir í lífinu** á einn eða annan hátt.

**Líttu inn á vöruhús tækifæranna.is**

VÖRUHÚS TÆKIFÆRANNA U3A REYKJAVÍK Stjórnarráð Íslands Félagsmálaráðuneytið




Það var mikið um gleði og faðmlög á flugvellinum í Sydney í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

## Ástralía opnar landamærin að nýju

mhj@frettabladid.is

**COVID-19** Fullbólusettir ferðamenn geta nú heimsótt Ástralíu eftir næstum tveggja ára lokun landamæranna. Reglur Ástrala á landamærunum voru með þeim hörðustu í heimi í gegnum faraldurinn. Áströlum var hleypt aftur inn í landið seint á síðasta ári en ferðamenn og útlendingar höfðu þurft að bíða þangað til í gær. Það var mikið um grát og faðmlög á flugvellinum í Sydney í gærmorgun er fólk hitti ástvini sína í fyrsta sinn í langan tíma. Um 50 flugvélar frá öðrum löndum lentu á flugvellinum í Sydney í gær.

Samkvæmt BBC eru þetta jákvæðar fréttir fyrir ferðaþjónustu landsins en um 660.000 manns vinna í ferðaþjónustu í Ástralíu. Óbólusettir ferðamenn sem vilja fara til Ástralíu þurfa enn að fara í 14 daga einangrun á hóteli sem þeir þurfa sjálfir að greiða fyrir.

Ferðamenn mega hins vegar ekki heimsækja vesturhluta Ástralíu fyrr en 3. mars næstkomandi. Ferðamenn sem ætla þangað eftir opnun þurfa að vera þríbólusettir. ■

»

**Landamæri Ástralíu hafa verið lokuð í næstum tvö ár.**


ÍSLENSKT LAMBAKJÖT
NÁTTÚRULEGT SÍÐAN 874
FERSKIR DAGAR
ÍSLENSKT LAMBAKJÖTI EINS OG ÞAÐ GERIST BEST
Njóttu þess að borða nýtt og náttúrulega ferskt íslenskt lambakjöt í febrúar. Kjötið er sérvalið, beint úr héraði og meðhöndlað af alúð í handverksframleiðslunni í Brákarey. Ferska lambið verður aðeins borið á borð á veitingastöðunum Skál, Tides og Óx og til sölu í verslunum Pylsumeistarans, Me&Mu og Ljómalind.
Veldu ferskt íslenskt lambakjöt – náttúrulega
Fresh Local Artisan Produce
FERSKT ÍSLENSKT LAMBAKJÖT
Beint úr héraði

# Lög eða reglur



Björk Eiðsdóttir
bjork
@frettabladid.is

Nú liggur fyrir Alþingi frumvarp til breytinga á útlendingalögum, en ljóst var að endurskoða þyrfti allmörg ákvæði núgildandi laga til að gera meðferð mála skýrari.

En frumvarpið er sannarlega ekki gallalaust og hafa stjórnir Læknafélags Íslands og Félags læknanema gert alvarlegar athugasemdir við þann hluta frumvarpsins sem varðar heilbrigðisskoðanir og læknisrannsóknir, nánar tiltekið nítjándu grein. Í umræddri grein er lögreglu gert heimilt að skylda útlending til að gangast undir heilbrigðisskoðun ef nauðsynlegt þykir til að tryggja framkvæmd. Er þá átt við rannsókn til að úrskurða um hvort einstaklingur sé nægilega hraustur til að ferðast, gögn sem eru nauðsynleg til að geta sent einstakling úr landi.

Gera má ráð fyrir því að sá sem neitar að undirgangast læknisrannsókn svo afla megi slíks vottorðs vilji ekki vera sendur úr landi enda er oftar en ekki verið að vísa fólki aftur í aðstæður sem eru ekki heilsubætandi. Skiptar skoðanir eru á því hvernig skuli taka á þeirri aukningu fólks sem hingað sækir eftir að hafa verið veitt vernd í öðru Evrópulandi. En varla er lausnin að setja lækna okkar og heilbrigðisstarfsfólk í þá stöðu að þurfa annað hvort að brjóta alþjóðlegar siðareglur eða landslög?

Í Alþjóðasiðareglum lækna er því lýst yfir að „Læknir skal aðeins gera það sem er sjúklingnum fyrir bestu, þegar hann veitir læknisþjónustu“. Því er ljóst að læknir sem þyrfti að taka á móti einstaklingi, gegn vilja hans og gefa út heilbrigðisvottorð svo senda mætti hann þangað sem hann ekki vill fara, væri að brjóta téðar siðareglur. Sérstök athugasemd er gerð við að samkvæmt frumvarpinu getur lögreglan fyrirskipað slíka rannsókn, án dómsúrskurðar. Í sakamálum hér á landi þarf dómsúrskurð til að gera sakborningi að sæta líkamsrannsókn. Það liggur þannig ljóst fyrir að útlendingar eru settir skör lægra en sakamenn.

Læknar eru með þessum breytingum settir í ómögulega stöðu. Ekki aðeins vegna þess að mögulega þurfi þeir að brjóta siðareglur til að framfylgja landslögum, heldur er einnig margt óljóst um framkvæmdina og ábyrgð lækna. Talað er um að heilbrigðisstarfsmaður eða annar aðili geti framkvæmt „heilbrigðisskoðun“ sem er nýyrði í þessum efnum og hvergi er skilgreint hver þessi „annar aðili“ er.

Nítjánda grein frumvarps til laga um breytingu á lögum um útlendinga (alþjóðleg vernd), er ekki til þess fallin að straumlínulaga þunglamalegt og oft ómanneskjulegt kerfi sem tekur á málum hælisleitenda og verður að bæta. ■

> En varla er lausnin að setja lækna okkar og heilbrigðisstarfsfólk í þá stöðu að þurfa annað hvort að brjóta alþjóðlegar siðareglur eða landslög?

## Halldór




## Frá degi til dags

ser@frettabladid.is

**Þriðji fullnaðarsigurinn**
Allt er þegar þrennt er, eða gæti allt verið þegar fernt er, jafnvel fimm? Þetta er auðvitað stóra spurningin þegar hillir undir þriðju fullnaðarafléttinguna á farsóttartímum íslenskrar þjóðar sem fram mun fara með viðhöfn á föstudag. Nú er spurningin hvort þetta verður hin endanlega allsherjaraflétting eða hvort aftur þurfi að skella í lás. Það kom í hlut Svandísar Svavarsdóttur að tilkynna fyrstu tvær fullnaðarafléttingarnar á stóli heilbrigðisráðherra, en nú er það Willum Þór Þórsson sem fær að lýsa yfir fullnaðarsigri, í fyrsta sinn í sinni ráðherratíð. Hvort skiptin verða fleiri veit veiran ein.

**Hættum þegar hæst ber**
Það er vitaskuld til marks um fordæmaleysi farsóttartímans að þá fyrst er lýst yfir endanlegum allsherjarsigri í baráttunni við óværuna þegar flestir eru með hana. Það gat auðvitað engan órað fyrir slíkum og þvílíkum endalokum. Og sennilega hefðu landsmenn klórað sér svolítið í kollinum fyrir nokkrum misserum eða svo ef þeir hefðu heyrt þau spakmæli úr munni sóttvarnalæknis lýðveldisins að líklega myndum við á endanum segja þetta gott þegar flestir væru smitaðir. Það heitir víst að hætta þegar hæst ber. ■

# Bæjarskrifstofuna heim



Ragnar Sigurðsson
bæjarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins í Fjarðabyggð og varaþingmaður

Það felast tækifæri fyrir okkur á landsbyggðinni að byggja upp öfluga upplýsingatækni. Faraldurinn kenndi mörgum okkar að sinna í ríkara mæli störfum að heiman. Veiran hefur þannig stutt við það sem landsbyggðin hefur talað lengi fyrir að staðsetning skiptir æ minna máli með tilkomu net- og tæknivæðingar.

Stafræn þróun hefur fært okkur skilvirkari stjórnsýslu og dregið úr mikilvægi staðsetningar. Staðsetning skiptir æ minna máli og störf eru nú auglýst án staðsetningar.

Nýverið steig Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir, vísinda-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra, það framfaraskref að tilkynna að næstum öll störf ráðuneytisins yrðu auglýst án staðsetningar. Stafræn þróun hefur gert okkur kleift að stíga þetta mikilvæga skref og ráðherrann hefur svarað kalli sveitarstjórnarmanna landsbyggðanna sem lengi hafa kallað eftir þessari þróun. Við í sveitarstjórnum eigum að feta í sömu spor. Sameinuð sveitarfélög eins og Fjarðabyggð sem ná yfir fleiri en einn byggðakjarna hafa byggt upp miðlæga stjórnsýslueiningu þar sem starfsfólk skrifstofunnar kemur saman. Upplýsingatæknin gerir það að verkum að við getum í auknum mæli haft störf innan Fjarðabyggðar óháð staðsetningu.

Það dregur úr þörfinni fyrir stór stjórnsýsluhús eða ráðhús þar sem valmöguleikar fyrir færanlegum skrifstofum innan mannvirkja sveitarfélaganna og heimavinnu hafa aukist á undanförnum árum. Nú ætti að vera komið að þeim tímapunkti að yfirbyggingin minnki, frelsi starfsfólks aukist og vonandi aukið hagræði.

Innan Fjarðabyggðar eru mannvirki í eigu þess og notkun sem mætti nýta í auknum mæli. Þá hefur Múlinn í Neskaupstað gefið góða raun og sannað gildi sitt sem skrifstofu- og aðstöðuklasi fyrir fjölbreytta starfsemi. Við eigum að horfa meira til slíkra nýsköpunarsetra og sameiginlegrar skrifstofuaðstöðu þeirra sem sinna störfum án staðsetningar.

Lykillinn er skýr stefna sveitarfélags um uppbyggingu stafrænnar þróunar. Í upplýsingabyltingunni felst byggðafesta framtíðarinnar. Færum ráðhúsið og Stjórnarráðið nær fólkinu. ■

> Færum ráðhúsið og Stjórnarráðið nær fólkinu.




FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** Torg ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Helgi Magnússon **FORSTJÓRI OG ÚTGEFANDI:** Jón Þórisson **RITSTJÓRI:** Sigmundur Ernir Rúnarsson *ser@frettabladid.is*, **FRÉTTASTJÓRAR:** Aðalheiður Ámundadóttir *adalheidur@frettabladid.is* Ari Brynjólfsson *arib@frettabladid.is*, Garðar Örn Úlfarsson *gar@frettabladid.is* **VEFSTJÓRI:** Einar Þór Sigurðsson *einarthor@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 80.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Björk Eiðsdóttir *bjork@frettabladid.is* **MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Hörður Snævar Jónsson *hoddi@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Raun Vísinda – Opið bréf til háskólaráðs



**Kári Stefánsson**
forstjóri Íslenskrar erfðagreiningar

Það er sjaldan auðvelt að ákvarða þannig að ekki verði um það deilt hvar nýjar hugmyndir eigi rætur sínar. Síðan er hitt að stundum sprettur sama nýja hugmyndin upp í mörgum höfðum samtímis sem ætti ekki að koma á óvart vegna þess að nýjar hugmyndir vaxa oftast upp úr jarðvegi gamalla hugmynda og hafa því tilhneigingu til þess að vera rökrétt framhald. Höfundarréttur að nýrri hugmynd er engu að síður sú fjöður sem fræðimenn og vísindamenn sækjast helst eftir að hafa í sínum hatti. Þess vegna er mikilvægt að hafa einhvers konar reglur til þess að hjálpa mönnum að umgangast hugmyndir annarra af tilhlýðilegri virðingu og aðferðir til þess að auka líkurnar á því að menn fylgi reglunum. Það er meðal annars þess vegna sem stofnanir eins og Háskóli Íslands hafa siðareglur sem starfsmönnum hans ber að fylgja og siðanefndir til þess að ákvarða hvort að svo sé ef upp koma álitamál.

Víkur nú sögunni að atburðum sem koma háskólaráði beinlínis við: Ásgeir heitir maður nokkur Jónsson sem eins og stendur er seðlabankastjóri lýðveldisins og er jafnframt með stöðu við hagfræðideild Háskóla Íslands sem hann er í launalausu leyfi frá. Háskólanum er töluverður vegur að því að einn af kennurum hans skuli vera æðsti embættismaður efnahagsmála í landinu. Ásgeir gaf út bók á síðasta ári þar sem hann setur fram, sem sínar, röksemdir til stuðnings kenningu nokkurri um áhrif efnahagsmála á sögu landnáms. Bergsveinn Birgisson, rithöfundur og mikill sérfræðingur um landnám, benti á að hann hefði birt sömu röksemdir í bók sinni sem kom út átta árum áður og það hefði verið við hæfi og í samræmi við hefð og siðareglur að Ásgeir vitnaði í hana.

Ásgeir kvaðst ekki hafa lesið bók Bergsveins og mátti á honum skilja að þess vegna hefði hann ekki þurft að vitna í hana. Þetta þykir ekki haldbær skýring vegna þess að áður en þú setur fram kenningar á fræðasviði sem þú kallar þínar eigin er ætlast til þess að þú þekkir allar þær kenningar sem í gangi eru um sama efni. Nú getur öllum orðið á í messunni og Ásgeir hefur sýnt okkur upp á síðkastið að hann sem seðlabankastjóri er engin undantekning í því efni og hvers vegna ætti hann þá að vera undantekning sem fræðimaður? Ef bók Bergsveins fór fram hjá honum og hann er sammála því að kenningar þeirra séu þær sömu eða keimlíkar átti hann einfaldlega að biðjast afsökunar sem hann gerði ekki.




Bergsveinn vildi ekki við þetta búa og kærði málið til siðanefndar Háskóla Íslands sem féllst á að taka það fyrir. Þá greip Jón Atli Benediktsson háskólarektor í taumana og kvað upp þann úrskurð að málið væri utan lögsögu nefndarinnar af því Ásgeir væri í ólaunuðu leyfi. Þetta voru dapurleg mistök af hálfu Jóns Atla sem háskólaráði ber að leiðrétta. Meðan Ásgeir er handhafi stöðu við Háskólann hlýtur skólinn að gera þá kröfu til hans að við fræðistörf sín þá haldi hann sig innan þeirra marka sem eru sett af siðareglum skólans og hefðum fræðasamfélagsins.

Ef úrskurður rektors fær að standa býður hann upp á þann möguleika að fræðimenn háskólans geti skipulagt vinnu sína þannig að þeir taki sér launalaust leyfi þegar þeir ætla sér að stunda einhvern fræðilegan ósóma og komið síðan til baka úr leyfinu með hreinan skjöld af því enginn hafði heimild til þess að kanna hvort ásakanir um ósómann væru sannar eða lognar.

Í þessum skrifum er ég ekki að taka afstöðu til þess hvort að kenningar Bergsveins og Ásgeirs séu svo líkar að Ásgeir hefði átt að viðurkenna að um væri að ræða eina kenningu og hún tilheyrði Bergsveini. Ég er eingöngu að benda á mistök sem voru framin af rektor en eru á ábyrgð ykkar sem sitjið í háskólaráði. Sú ákvörðun að fræðimaður sem er starfsmaður háskólans þurfi ekki að lúta siðareglum skólans við fræðistörf sín þegar hann er í launalausu leyfi er stefnumörkun sem samkvæmt lögum á að vera á ykkar borði.

Ef þið leiðréttið þetta ekki er hætta á því að háskólinn tapi trausti fólksins í landinu og það fari að taka galsafengið ljóð Dags Sigurðarsonar alvarlega:

*Raun vísinda:*
*stofnun háskólans*

> **Ef þið leiðréttið þetta ekki er hætta á því að háskólinn tapi trausti fólksins í landinu.**



# Seðlabanki setur fjárhag 50 þúsund fjölskyldna í uppnám



**Ole Anton Bieltvedt**
alþjóðlegur kaupsýslumaður og stjórnmálarýnir

Covid hefur valdið truflunum á framleiðslu og flutningi, sem aftur leiðir til kostnaðarauka, verðþenslu. Í grunninn er þetta heilsufarsvandamál, ekki efnahagslegt vandamál, þó að það hafi líka efnahagslegar afleiðingar. Helzta lausnin er því að leysa Covid. Með bóluefni og vaxandi hjarðónæmi er það að gerast.

Seðlabankar 27 Evrópuríkja hrófla því ekki við vöxtum. Þeir eru þar flestir á núlli eða undir því. Í mínus. Tveir aðrir seðlabankar, sá norski og breski, sendu smá viðvörun inn á sína markaði með 0,25% stýrivaxtahækkun.

Vandinn er tímabundinn, og mun ganga niður með heilsufarslegum lausnum, auk þess, sem vaxtahækkun mundi koma harðast niður á þeim, sem urðu verst fyrir barðinu á Covid, eru nú í sárum og þurfa nýtt fjármagn. Á sama tíma myndi vaxtahækkun hindra viðreisn atvinnulífsins og bremsa nýja uppbygginguna.

Seðlabanki Íslands er eini seðlabankinn í Evrópu, sem greinir stöðuna öðruvísi og telur stórfellda vaxtahækkun rétta og nauðsynlega, einkum til að hemja fasteignamarkaðinn.

Hvað þýða stórlega hækkaðir vextir fyrir hann?

Erfiðara verður fyrir nýja kaupendur að kaupa. Eftirspurn dregst saman.

Minnkandi eftirspurn virkar letjandi á húsbyggjendur og fjárfesta á fasteignamarkaði. Með hækkandi vöxtum verður líka erfiðara að byggja.

Fasteignaverð hækkar, en lækkar ekki.

Ef meiri eftirspurn er á heilbrigðum markaði, en framboð, á ekki að drepa niður eftirspurn, heldur auka framboð. Það verður aðeins gert með nægum lóðum og góðu umhverfi fyrir byggingariðnaðinn, lágir vextir meðtaldir.

Seðlabanki hefði t.a.m. geta boðið sveitarfélögum hagstæð lán, kannske með 1% vöxtum, til að fara af krafti í frágang lands, lóða og innviða, til að tryggja stórfellt átak í byggingu íbúðarhúsnæðis.

Seðlabanki hefði líka getað hlutast til um tvennt við viðskiptabankana:

**1.** Að þeir veittu byggingarverktökum ríflega fyrirgreiðslu til nýbygginga, t.a.m. með 1,5% vöxtum.

**2.** Að þeir hækkuðu vexti á lánum til íbúðarkaupa, en bara á þeim, um 2% í 1 ár og lækkuðu þá síðan niður í skrefum á 2. ári.

Þannig gæti framboð og eftirspurn á húsnæðismarkaði komizt í jafnvægi á tveggja ára skeiði.

Þessi hugleiðing öll byggir á því, að stýrivöxtum hefði verið haldið við 0,5%.

Hliðarafleiðingar hækkaðra stýrivaxta eru, að 50 þúsund fjölskyldur, heimili, sem eru með íbúðalán með breytilegum vöxtum, fá á sig stórfellda vaxtahækkun. Vextir fjölskyldu, sem skuldar 30 milljónir, hækka um hálfa milljón á ári. Hvers á allt þetta fólk, um þriðjungur þjóðarinnar, að gjalda? Þess, að hafa treyst stjórnvöldum? Þetta er siðlaus og óásættanleg aðför að öllu þessu fólki.

Hækkandi vextir leiða til kostnaðarauka hjá innflutningsfyrirtækjum. Innflutt vara hækkar enn meir. Þeir verka á sama hátt á alla starfsemi í landinu, sem þarf utanaðkomandi fjármögnun. Heildar afleiðingar verða verðþensla, ekki verðhjöðnun.

Önnur hlið á þessu máli er sú, að verðbólgumarkmið Seðlabanka og stjórnvalda er 2,5%. Ef verðbólga hér hefði ekki farið yfir það mark, hefði mátt halda stýrivöxtum óbreyttum við 0,5%.

Nú er raunin sú, að af tæplega 6% verðbólgu stendur húsnæðisliðurinn aðeins fyrir 2%. Um 4% eru mest Covid-verðbólga, innflutt verðbólga.

Menn með skýra sýn og góðan skilning hefðu því mátt sjá, að stýrivaxtahækkun var og er ekki aðeins óþörf, heldur óréttlát og skaðleg fyrir flesta eða alla í þjóðfélaginu, nema fjármagnseigendur.

> „Seðlabanki Íslands er eini seðlabankinn í Evrópu, sem greinir stöðuna öðruvísi og telur stórfellda vaxtahækkun rétta og nauðsynlega, einkum til að hemja fasteignamarkaðinn.

Enn önnur hlið er, að um vexti má deila. Þar koma líka siðferðisleg sjónarmið inn, spurningin um jöfnuð og sanngirni.

Eiga fjármagnseigendur (þeir ríku) alltaf að verða ríkari og fjármagnsþurfar (þeir fátæku) alltaf fátækari!?

Platon mælti með vaxtabanni. Vextir hefðu margvísleg skaðleg áhrif á samfélagið. Gott samfélag þyrfti á mestum mögulegum jöfnuði að halda.

Í Biblíunni, Gamla testamentinu, er á mörgum stöðum lagt bann við vaxtatöku. Líka í Múhameðstrú.

Í rómverskum rétti var mest gengið út frá vaxtaleysi.

Eftir banka- og fjármálakreppuna 2008, hafa bankar, stjórnvöld og fjármagnseigendur í vaxandi mæli farið inn á svipaða hugmyndafræði og stefnu, enda hafi kreppan stafað af yfirgangi lánardrottna við lánþega, sem ekki hafi getað staðið undir yfirkeyrðri vaxtatöku.

Hafa þessir aðilar því sammælst um, að „þátttaka“ væri miklu sanngjarnari, uppbyggilegri og skilvirkari lausn heldur en lánveiting og vaxtataka.

Síðustu 12-14 árin hefur stýrivöxtum þannig mest verið haldið á núlli. Margir banka hafa meira segja tekið þóknun fyrir að varðveita fé.

Með þessari nálgun, eru fjármagnseigendur hvattir, á þá þrýst, með það, að þeir gerist „þátttakendur“, ásamt með gerendum, í verkefnum og starfsemi.

Menn deila þá áhættu og ávinningi.

Það er líka þátttaka, þegar menn setja fé sitt í hlutabréf á markaði o.s.frv.

Þetta er nýuppvakin hugmyndafræði, sem byggir á sanngjarnri og markvissri nýtingu fjármuna og nútímalegri peningastjórnun, en, því miður, er þessi hugsun, þetta siðferði og þessi nálgun enn á of háu plani fyrir Seðlabanka og marga aðra hér. ■

# Yfirlýsing frá Bláa hernum vegna skrifa Kristjáns Hreinssonar

**Stjórn Bláa hersins**
**Hrönn Ólína Jörundsdóttir**
**Björn Ingi Knútsson**
**Davíð Sigþórsson**
**Tómas J. Knútsson**
stofnandi Bláa hersins



Undanfarið misseri hefur Kristján Hreinsson birt þrjár greinar í Fréttablaðinu þar sem hann hefur sakað Bláa herinn og þá sem að honum standa um lygar, spillingu, lögbrot og óheiðarleg vinnubrögð. Stjórn og stofnandi Bláa hersins hafa hingað til ekki talið þessi skrif svaraverð þar sem greinarnar dæma sig sjálfar. En eftir síðustu grein sem birtist í Fréttablaðinu 15. febrúar síðastliðinn og ber titilinn Blái herinn og bláa höndin, teljum við okkur knúin til að svara þeim ásökunum og ósannindum sem Kristján leggur fram.

Blái herinn hefur starfað síðan 1995 og varð formlega frjáls félagasamtök 1998. Hann var stofnaður af Tómasi Knútssyni til að standa að strandhreinsunum kringum Ísland til að sporna við plastmengun í hafi. Á þeim 27 árum sem Blái herinn hefur verið starfræktur hefur Tómas leitt og leiðbeint yfir 10 þúsund sjálfboðaliðum ásamt fyrirtækjum, skólum og samtökum í baráttunni við plastmengun í hafi. Þá hafa ríflega 200 kílómetrar strandlengju verið hreinsaðir og safnað vel á annað þúsund tonnum af plasti, veiðarfærum og öðru rusli. Allt efni sem safnað hefur verið í fjöruhreinsunum hefur farið í viðurkenndar móttökustöðvar um land allt.

Blái herinn er meðlimur alþjóðlegu umhverfisverndarsamtakanna Let's Do It World sem stýrir Alheimshreinsunardeginum (World Cleanup Day) í september ár hvert. Einnig hefur Blái herinn umsjón með hinum árlega Strandhreinsunardegi Norðurlandanna, Nordic Coastal Cleanup Day í samstarfi við sendiráð Norðurlandanna. Árið 2018 var Blái herinn ásamt Landvernd tilnefndur til Norrænu umhverfisverðlaunanna fyrir verkefnið Hreinsum Ísland og Tómas Knútsson var sæmdur riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu í janúar 2019 fyrir framlag sitt á vettvangi umhverfisverndar. Sem dæmi um samstarfsaðila og þátttakendur í strandhreinsunum er fjöldinn allur af skólum landsins, stofnanir, starfsfólk sendiráða, frjáls félagasamtök, íþróttafélög (sem fá styrki úr umhverfissjóði Bláa hersins til æfingaferða) o.s.frv. Áfram mætti nefna Sjávarklasann, fjölda fyrirtækja og björgunarsveitir ásamt Landhelgisgæslunni sem hafa tekið þátt í hreinsunum. Að lokum hefur bandaríska sendiráðið margoft tekið þátt í hreinsunum og í þeim tilfellum lagt til framlag bandarískra hermanna sem hér hafa verið við gæslustörf. Blái herinn hefur aðstoðað erlend ríki og leiðbeint varðandi strandhreinsunarverkefni.

Frekari upplýsingar ásamt öllum ársskýrslum Bláa hersins má nálgast á heimasíðu Bláa hersins, www.blaiherinn.is.

**Varðandi greinaskrif Kristján Hreinssonar**

Í grein Kristjáns í Fréttablaðinu 15. febrúar síðastliðinn sakar hann Bláa herinn um spillingu og að taka til sín opinbera styrki í eigin vasa án þess að sinna þeim verkefnum sem styrkurinn er greiddur fyrir og eru þetta mjög alvarlegar ásakanir. Nefnir Kristján þar sérstaklega nýlega veitta styrki frá umhverfisráðuneytinu sem eru ætlaðir til umhverfishreinsana 2022 en segir í raun að hann sé sannfærður um að Blái herinn muni ekki framkvæma verkefnið sem var styrkt. Er Kristján því að spá í framtíðina varðandi störf Bláa hersins. Með þessu gerir Kristján lítið úr starfi Bláa hersins og umhverfisráðuneytisins en mikilvægt er að nefna að ráðuneytið hefur viðamikið eftirlit með sínum styrkþegum og krefst m.a. samantektarskýrslu og greiningar á kostnaði í styrktum verkefnum til að tryggja rétta meðferð fjármuna. Eins sakar hann núverandi ráðherra um spillingu. Alvarlegt er sömuleiðis að í greininni sakar Kristján Tómas um að hafa logið til sín fálkaorðuna sem honum var veitt árið 2019 og rægir Kristján því bæði orðunefnd og hennar viðamikla starf ásamt sjálfum forseta Íslands.

Blái herinn hefur unnið þrekvirki á sviði umhverfisverndar frá stofnun og allt sem Blái herinn gerir er unnið fyrir opnum tjöldum. Bendir stjórn Bláa hersins á að ársskýrsla Bláa hersins er öllum aðgengileg á heimasíðu hans og hefur m.a. verið send umhverfisráðuneytinu ár hvert. Blái herinn hefur ávallt verið rekinn með hagsmuni umhverfisins að leiðarljósi og stjórnin harmar að óeigingjarnt starf Tómasar sé dregið í efa. Stjórn Bláa hersins er ekki ljóst hvað Kristjáni Hreinssyni gengur til með sínum skrifum en skýrt er að stjórn Bláa hersins og Tómas Knútsson munu leita réttar síns varðandi þau ærumeiðandi ummæli sem Kristján Hreinsson hefur birt gagnvart Tómasi. ■

> „Blái herinn hefur unnið þrekvirki á sviði umhverfisverndar frá stofnun og allt sem Blái herinn gerir er unnið fyrir opnum tjöldum.

FRÉTTABLAÐIÐ

# ALLT

KYNNINGARBLAÐ

**ÞRIÐJUDAGUR** 22. febrúar 2022

FORLAGIÐ
Alltaf opið á www.forlagid.is



Subwoolfer samanstendur af tveimur óþekktum söngvurum og þremur dönsurum. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

## Sigurvegarar ekki gefnir upp

elin@frettabladid.is

Norðmenn völdu framlag sitt til Eurovision-keppninnar á laugardag. Það var dúettinn Subwoolfer sem bar sigur úr býtum og verður hann því fulltrúi Noregs í Tórínó á Ítalíu í maí með lagið Give That Wolf a Banana. Dúettinn bar gular grímur og ekki hefur verið upplýst hverjir það eru sem eru á bak við þær. Miklar vangaveltur eru í Noregi um það hverjir það séu í raun og veru sem skýla sér á bak við gulu grímurnar en þeir kalla sig Jim og Keith.

Tónlistarframleiðandinn Carl-Henrik Wahl er talsmaður dúettsins en hann neitar að gefa upp hverjir söngvararnir eru. Hann segir engan hafa getið upp á réttum nöfnum. Margir höfðu spáð dúettinum sigri og á endanum varð ljóst að þeir voru með yfirburðastöðu. 56 þúsund atkvæði skildu að fyrsta og annað sætið. Með grímuklæddu söngvurunum eru þrír dansarar.

**Keppnin í maí**

Undankeppni norska ríkissjónvarpsins þótti vera frekar slök í ár og gagnrýnandi VG segir að skemmtiatriði þáttarins hafi verið betra en öll lögin í keppninni samanlagt. Einn fremsti sérfræðingur Norðmanna í Eurovision, Torbjörn Ek, sagði fyrir keppnina við Aftonbladet að ekki væri spurning um að Subwoolfer væri besta atriðið í keppninni. Eurovision verður dagana 10.-14. maí. ■






Íris Jensen segir að Innréttingar og Tæki séu að fá mikið af nýjum baðinnréttingum um þessar mundir. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

# Baðherbergin að verða litrík á ný

Innréttingar og Tæki sérhæfa sig í vörum fyrir baðherbergið og leggja áherslu á persónulega þjónustu. Nú er mikið af nýjum innréttingum í boði og litadýrðin hefur aldrei verið meiri. 2


Það eru alltaf að koma nýir litir fyrir baðherbergisinnréttingar.


Hjá Innréttingum og Tækjum er hægt að fá allt sem þarf til að skapa griðastað eftir sínu höfði.


Íris segir að Innréttingar og Tæki séu djarfari í litavali en margir aðrir.


Mosi á vegginn eykur hlýleika. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR


Hjá Innréttingum og Tækjum fá allir ráðleggingar sem henta þeirra þörfum.



Það er mikið úrval af blöndunartækjum í boði.


Svört blöndunartæki eru klassísk. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

„Innréttingar og Tæki selja flest allt sem þarf inn á baðherbergið. Við erum meðal annars með sturtur, sturtuklefa, sturtubotna, blöndunartæki, handlaugar, klósett, baðkör, baðinnréttingar, spegla og speglaskápa, mosa fyrir veggi, sápur og meira að segja baðsloppa,“ segir Íris Jensen eigandi. „Við erum sannkölluð sérvöruverslun á þessum markaði.“

Innréttingar og Tæki eru eitt af rótgrónustu fyrirtækjum á höfuðborgarsvæðinu. Sagan nær aftur til ársins 1945 þegar amma Írisar stofnaði heildsöluna Jensen Bjarnason og co. Íris tók svo við rekstri fyrirtækisins ásamt eiginmanni sínum Grétari Þór Grétarssyni árið 2014, en áður höfðu foreldrar Írisar rekið fyrirtækið farsællega frá árinu 1993.

„Þetta er algjört fjölskyldufyrirtæki. Maðurinn minn er í annarri vinnu, en kemur svo alltaf upp í búð að vinnudegi loknum. Og ef foreldrar mínir eru ekki á staðnum, þá eru börnin hérna. Svo bíð ég bara eftir að ömmubörnin mæti á vaktina,“ segir Íris og hlær.

**Mikið af nýjum innréttingum og spennandi litum**

„Við erum að fá mikið af nýjum baðinnréttingum um þessar mundir, en þær byrjuðu að koma um áramótin og eru enn að detta inn. Á þessu ári verða nýjar gerðir af útliti að koma inn fram á vor og bara í þessari viku og þeirri næstu á ég von á ýmsu nýju, en að sjálfsögðu verðum við líka alltaf með vinsælustu innréttingarnar,“ segir Íris. „Það eru alltaf að koma nýir litir eins og dekkri hnota og jafnvel bleikar borðplötur og bleikir vaskar. Það er mikið af nýju útliti að koma sem maður hefur ekki séð lengi, til dæmis bláar og grænar innréttingar, sem hafa ekki sést síðan 1996. Þarna er tískan að ganga í hringi eins og í fatnaði. Það eina sem er alveg nýtt í þessu eru svört og grá blöndunartæki, þau hafa aldrei verið vinsæl áður.

> **Það er mikið af nýju útliti að koma sem maður hefur ekki séð lengi, til dæmis bláar og grænar innréttingar, sem hafa ekki sést síðan 1996.**
>
> Íris Jensen

Ég hugsa að við séum kannski djarfari í litavali og hugmyndum en margir aðrir, það er ekki hægt að fá bæði bleikt og svart klósett alls staðar,“ segir Íris. „Við bjóðum líka upp á steinflísasturtubotna, sem eru mjög vinsælir og þar er hægt að velja á milli 15 ólíkra lita.

Fólk á að geta gert baðherbergin hugguleg með réttu litunum og sem betur fer eru svörtu og hvítu baðherbergin að fara út og litir að koma inn. Svo er hægt að blanda saman ólíkum litum til að skapa eitthvað einstakt og persónulegt.“

**Allir geta skapað griðastað**

„Margir líta á baðherbergið sem griðastað og við getum hjálpað fólki að skapa griðastað eftir þeirra eigin höfði, en það er misjafnt hvað fólk leggur áherslu á. Fólk er til dæmis ýmist sturtu- eða baðkarsfólk og nú eru komnar nýjar „walk-in“ sturtur sem eru mjög vinsælar hjá körlum. Þeir leggja almennt meiri áherslu á góð blöndunartæki og stórar sturtur, á meðan konur fara frekar í baðkörin með kertaljós og hvítvínsglas,“ segir Íris og hlær. „Svo er vísitölufjölskyldan með annað sjónarmið. Þá þarf til dæmis að vera baðkar fyrir börnin og það er eitt sem vantar á flestum baðherbergjum á Íslandi og fjölskyldur finna oft mikið fyrir, það er góðar hirslur fyrir allt sem þarf að vera á baðherberginu.

Íslensk baðherbergi eru oftast teiknuð of lítil og engan langar að þurfa að hlaupa um og leita að handklæði eða geyma klósettpappír eða snyrtivörur annars staðar en á baðherberginu, þar sem þetta er notað,“ segir Íris. „Þess vegna leggjum við mikið upp úr því að bjóða innréttingar sem hafa stórar og djúpar skúffur og handklæðageymslur. Fólk hefur ólíkar þarfir og væntingar til baðherbergja, en það er allt til hjá okkur svo við getum komið til móts við allar þarfir.

Til að setja punktinn yfir i-ið og skapa auka hlýleika er svo sniðugt að setja upp mosa í ramma, sem er mjög vinsælt. Við bjóðum upp á alls konar form og liti og þetta hentar vel á baðherbergi, en má reyndar ekki blotna,“ segir Íris.

**Gefa hverjum viðskiptavini viðeigandi ráð**

Íris segir að viðskiptavinirnir séu fjölbreyttir, allt frá iðnaðarmönnum til fólks sem er rétt að byrja að búa.

„Við leggjum mikið upp úr persónulegri þjónustu og reynum að aðstoða fólk með þær hugmyndir sem það hefur,“ segir Íris. „Fólk kemur með málin til okkar og við aðstoðum við að nýta rýmið sem best. Oftast spyrjum við líka út í hve margir eru að fara nota baðherbergið til að vita hve mikið þarf af hirslum.

Við bendum fólki svo á að það þarf að velja litina og hlutina sjálft og fara eftir buddunni. Við reynum alltaf að ráðleggja hverjum og einum eftir því sem þeim hentar og reynum aldrei að hvetja fólk til að kaupa dýrari vörur en það vill.“

**Hægt að gera upp að hluta**

„Það er dýrt að gera upp baðherbergi, en þeir sem vilja gera það að hluta geta fengið hluti hjá okkur sem er hægt að púsla saman við gamlar innréttingar. Þannig er til dæmis hægt að setja inn nýja borðplötu, handlaug eða blöndunartæki og ef fólk er að taka baðkarið og setja sturtu er hægt að setja flísar til að púsla yfir það sem vantar á veggina þegar baðkarið er farið,“ segir Íris. „Þannig er hægt að gera eldra baðherbergi upp að hluta og blanda saman gömlu og nýju til að fá nýtt útlit.

Það er skemmtilegt að þurfa ekki að gera allt í einu og skipta bara út því sem er ekki lengur í lagi eða maður er þreyttur á,“ segir Íris. ■

Innréttingar og Tæki eru í Ármúla 31. Sími 588 7332. Sjá nánar á i-t.is.

**Allt er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**Útgefandi:** Torg ehf.
**Ábyrgðarmaður:** Jón Þórisson

**Umsjónarmenn efnis:** **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | **Oddur Freyr Þorsteinsson,** oddurfreyr@frettabladid.is s. 550 5766 | **Sandra Guðrún Guðmundsdóttir,** sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | **Starri Freyr Jónsson** starri@frettabladid.is, s. 550 5767 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

**Sölumenn:** **Arnar Magnússon,** arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, **Jóhann Waage,** johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, **Ruth Bergsdóttir,** ruth@frettabladid.is, s. 694 4103.

FRÉTTABLAÐIÐ

# Skrifstofan

KYNNINGARBLAÐ

**ÞRIÐJUDAGUR** 22. febrúar 2022

**Kynningar:** Syrusson, A4, Múlalundur, Hirzlan.



Reynir Syrusson er aðalhönnuður og eigandi Syrusson hönnunarhúss. Hann segir gaman að hanna framúrstefnuleg húsgögn en vill líka mæta öllum praktískum þörfum. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

## Syrusson er alltaf með lausnina

Hjá Syrusson hönnunarhúsi starfa snillingar í þægindum og frábærum lausnum þegar kemur að öllu sem viðkemur skrifstofunni. Þar má nefna hljóðeinangraða fundarklefa, íslensk húsgögn og hinn fullkomna skrifstofustól. 2



Klefinn Hush! er glæsilegur, kósí, veitir næði og fullkomna hljóðeinangrun.



Hjá Syrusson fást flottar munahirslur í úrvali, fyrir yfirhafnir, töskur og hvaðeina sem þarf að geyma.



Enjoy ELITE er einstakur, notendavænn og þægilegur skrifstofustóll.





Nýr sófi frá Syrusson sameinar notagildi og formfegurð. Hann er íslensk hönnun og framleiðsla og hægt að útfæra í mörgum stærðum og litum.



Hjá Syrusson fæst allt sem prýðir fallega skrifstofu og góðan vinnufrið; hækkanleg skrifborð, stólar, skilrúm og hirslur.

„Við köllum okkur snillinga í þægindum og fáum hrós fyrir, enda leggjum við áherslu á að hanna húsgögn sem eru í réttum hlutföllum, eins og þau eru best fyrir líkamann," segir Reynir Syrusson, hönnuður og eigandi Syrusson, eins framsæknasta hönnunarfyrirtækis landsins.

Reynir stofnaði Syrusson hönnunarhús árið 2006 og búa starfsmenn þess yfir gríðarlegri reynslu og þekkingu á sviði hönnunar og framleiðslu.

„Stór hluti húsgagna okkar er íslensk hönnun og framleiðsla, fyrir heimili og vinnustaði. Í fyrra var okkar stærsta ár í íslensku framleiðslunni og mest sala íslenskra húsgagna frá upphafi. Það var afskaplega ánægjulegt því íslenska framleiðslan var áður á svolítilli niðurleið. Við ákváðum því að bæta við nýjum vörum og hætta að hanna eingöngu sérstakar hönnunarvörur. Það er nefnilega svo gaman fyrir hönnuði að hanna framúrstefnulega stóla og sófa, en jafnvel þótt fólk hrífist að þeim passa þeir ekki alltaf sem uppistöðuhúsgögn í móttökuna eða í stofuna. Fólk kaupir frekar stöku hönnunargripi til að poppa upp heildarútlitið," segir Reynir sem í Syrusson breytti um kúrs og fór, ásamt hönnunarteymi sínu, að hugsa í praktískari lausnum.

„Við einblíndum á þörfina og hvað það væri sem vantaði helst. Við vitum að enginn vill sitja lengi í óþægilegum stól en ef stóll er þægilegur getur fólk setið í honum klukkutímum saman. Við höfum alltaf vandað okkur við þetta og lagt áherslu á að hanna sófa og stóla með réttri setu og dýpt, ekki of djúpa né of lága þannig að fólk setjist nánast ofan í gólf. Við leggjum líka mikla áherslu á fágun og fagmennsku við smíðarnar. Það hefur skilað sér í auknum vinsældum íslenskrar hönnunar og framleiðslu okkar sem aldrei fyrr."

**Stóll sem sýnir umhyggju**

Syrusson hefur undanfarin ár sótt í sig veðrið í skrifstofuhúsgögnum í samstarfi við trausta og virta erlenda framleiðendur. Skrifstofuvörurnar hafa slegið í gegn, þar á meðal stóllinn Enjoy sem hefur verið sá vinsælasti í Syrusson í tíu ár.

„Já, við eigum tíu ára afmæli með Enjoy sem er hinn fullkomni skrifstofustóll á góðu verði. Við vorum líka svo heppinn að fá splunkunýjan og uppfærðan Enjoy-stól sem heitir núna Enjoy ELITE . Þetta er gripur sem fólk vill helst taka með sér heim úr vinnunni, svo þægilegur er hann og því óhætt að segja að fólk fái mikið fyrir peninginn með vali á Enjoy ELITE stólnum," segir Reynir um glæsilegan skrifstofustól sem fæst nú á afmælistilboði.

„Enjoy er frábær stóll sem nú er búið að betrumbæta enn meir í ELITE-útgáfunni. Enjoy hefur verið okkar allra vinsælasti stóll í gegnum tíðina og lætur fara vel um fólk í heilu fyrirtækjunum sem hafa valið hann fyrir sitt starfsfólk. Með vali á Enjoy ELITE er verið að hugsa um velferð og þægindi fyrir starfsfólkið enda er stóllinn vottaður fyrir 24 tíma setu og allt að 150 kílóa þunga. Algengt er að fyrirtæki sendi sjúkraþjálfara og iðjuþjálfa út af örkinni til að taka stólana út og finna þann besta. Það er skynsamlegt því þegar velja þarf eina tegund skrifstofustóls fyrir heilan vinnustað getur verið þrautin þyngri að finna stól sem mætir þörfum flestra. Þá er mikilvægt að prófa stólinn og sitja í honum sem samsvarar heilum vinnudegi til að finna hvort stóllinn henti vel," upplýsir Reynir.

Enjoy ELITE er einstakur gæðagripur, notendavænn með allar stillingar í einum takka, frábæran bakstuðning, færanlega sessu og stillanlegan höfuðpúða.

„Hægt er að hækka og lækka bakið og öll hönnun er til fyrirmyndar. Þetta er geggjaður stóll; kannski ekki sá ódýrasti á markaðnum, en það gildir það sama um rúm og vinnustóla; að rétt eins og maður þarf góða dýnu til að sofa á þarf maður góðan stól til að sitja á í átta tíma á dag, fimm daga í viku."

**Klefar eins og hugurinn girnist**

Önnur vinsæl og nýstárleg lausn hjá Syrusson fyrir opin rými vinnustaða eru klefar sem veita hámarks hljóðeinangrun.

„Klefarnir eru dæmi um vöru sem hefur þróast frá því allir voru á sinni skrifstofu en fóru svo yfir í opin rými þar sem margir kvarta yfir hljóðvistinni. Þá er reynt að bæta fyrir með skilrúmum með hljóðdeyfandi eiginleikum, sem gefur ágætis raun, en hvar á fólk að taka símtöl og viðtöl í næði? Til að uppfylla þær þarfir hafa orðið til nýjar vörur, enda raska eilífar truflanir og umhverfishljóð vinnufriðinum og veldur bæði streitu og álagi hjá starfsfólkinu," greinir Reynir frá.

Í Syrusson fást hljóðeinangrandi klefar frá tveimur framleiðendum og á myndinni hér á síðunni má sjá klefann Hush! sem hefur verið afar vinsæll í íslenskum skrifstofurýmum.

„Þegar komið er inn í klefann heyrist ekkert utan frá né heyrir enginn það sem fram fer í klefanum utan frá, jafnvel þótt talað sé hátt. Gegnumstreymi lofthringrásar er 100 prósent og öflugar viftur sem draga loft inn og út. Þá fer vel um þá sem eru í klefanum og víða sem margir klefar eru í opnum rýmum, enda vinsælt að panta klefana fyrir sérfundi og margir sem vilja komast í klefa til að fá gott vinnunæði," segir Reynir um klefana sem eru af bestu gerð og á hagstæðu verði.

> **Með vali á Enjoy ELITE skrifstofustólnum er verið að hugsa um velferð og þægindi fyrir starfsfólkið enda er stóllinn vottaður fyrir 24 tíma setu og allt að 150 kílóa þunga.**

„Inn í klefana er hægt að fá allt sem hugurinn girnist; standandi borð, lág borð, barstóla, bekki, símaklefa, tölvuskjái og hvað eina sem mætir þörfum hvers og eins. Þétt gler með gúmmílistum tryggja afburða hljóðeinangrun og hægt að hafa gler að framan og aftan til að sjá í gegn og út. Ég ráðlegg viðskiptavinum alltaf að taka tveggja manna klefa í stað eins, því það munar ekki miklu á stærð né verði, en sannarlega gott ef tveir geta sest inn saman og tekið fund, eins og það er gott fyrir einn að fara í klefann til að sinna viðkvæmari símtölum eða erindum. Notkunarmöguleikarnir aukast með klefa fyrir tvo eða fleiri."

**Alltaf með lausnina**

Slagorð Syrusson er: Alltaf með lausnina. Það á svo sannarlega vel við því hjá Syrusson fæst allt sem við kemur skrifstofunni og eru grunngildi fyrirtækisins að veita sveigjanlega og persónulega þjónustu og finna réttu lausnirnar fyrir hvern og einn viðskiptavin.

„Í upphafi byrjaði Syrusson eingöngu með íslenska hönnun og íslenska framleiðslu og þar liggur hjarta fyrirtækisins enn. Svo þróaðist fyrirtækið og til að uppfylla þarfir allra hófum við innflutning á framúrskarandi vörum sem ekki er unnt að framleiða hér heima á samkeppnishæfu verði, eins og skrifstofustóla með snúningi og pumpu, og rafmagnsskrifborð. Við erum hins vegar með allt til alls, hirslur og frábæra munaskápa í úrvali, hægindahúsgögn, skrifborð, borð og stóla, skilrúm og lausnir til hljóðvistar og ótal margt fleira," upplýsir Reynir.

„Okkar sérstaða er að geta boðið stöðluð húsgögn fyrir öll rými og mikinn sveigjanleika í efnisvali, og á sama tíma hannað og smíðað sérhæfðar lausnir þar sem þörf er á. Frá upphafi höfum við svo veitt vinsæla þjónustu við hönnun og teikningu skrifstofurýma fyrir fyrirtæki og stofnanir. Þá teiknum við upp rýmin og öll stærðarhlutföll þess, húsgögn og allt sem þarf, og hægt er að sjá hvernig rýmið lítur út í þrívídd. Hjá okkur starfar teymi fagmanna, bæði innanhússarkitektar ásamt húsgagnahönnuðum. Þessi þjónusta hefur frá fyrstu tíð notið mikilla vinsælda og er vissulega gagnleg enda höfum við til verksins öll tæki og tól, þekkingu og reynslu. Við erum líka alltaf með heitt á könnunni og viljum endilega fá sem flesta í heimsókn," segir Reynir. ■

Syrusson er í Síðumúla 17. Sími 588 4555. Skoðið úrvalið á syrusson.is

Útgefandi: Torg ehf. | Ábyrgðarmaður: Jón Þórisson | Sölumaður auglýsinga: Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654. | Veffang: frettabladid.is

# Rétt hljóðvist er lykilatriði

**Þegar kemur að heilsu og vellíðan starfsfólks skiptir góð hljóðvist mjög miklu máli.**

„Við verjum að jafnaði einum þriðja dagsins á vinnustaðnum og því er rétt hljóðvist þar lykilatriði þegar kemur að heilsu og vellíðan starfsfólks,“ segir Valgerður Sigrúnar- og Vigfúsardóttir, sölustjóri húsgagna hjá A4. „Það má segja að aðlögun sé stærsta áskorun vinnustaða í nútíma vinnuumhverfi. Því getur verið mikilvægt að geta breytt umhverfinu í takt við þau verkefni sem verið er að vinna að hverju sinni,“ segir Valgerður. „Í vöruvali okkar hjá A4 eru ótal hljóðvistarlausnir sem auðvelda þennan leik, til dæmis færanleg gólfskilrúm sem auðvelt er að færa til eftir því hvar er þörf á að skerma af. Einnig bjóðum við upp á margar gerðir af einingum og flekum til að festa á veggi og í loft sem bæta hljóðgæði.“

Hún segir það fara eftir eðli starfa eða verkefna í hvert sinn, hversu mikið næði þarf. „Í sumum tilfellum hentar best að hafa skilrúm á þremur hliðum skrifborða því skilrúmin draga ekki eingöngu úr hljóðmengun heldur einnig sjóntruflun, ef svo má að orði komast. Það að vinnufélagi gangi hjá vinnustöð getur haft áhrif á einbeitingu hjá sumum.“




Valgerður Sigrúnar- og Vigfúsardóttir, sölustjóri húsgagna hjá A4. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

> **Við vinnum ávallt vel með viðskiptavinum okkar, það er eina rétta leiðin til að finna hvað passar hverju sinni.**
>
> Valgerður Sigrúnar- og Vigfúsardóttir

**Starfsfólk með sérþekkingu**

Valgerður bendir á að starfsfólk húsgagnadeildar A4 búi yfir sérþekkingu og bjóði ráðgjöf þegar kemur að því að finna bestu lausnir fyrir fyrirtæki af öllum stærðum og gerðum auk heimila. „Við vinnum ávallt vel með viðskiptavinum okkar, það er eina rétta leiðin til að finna hvað passar hverju sinni. Starfsfólk okkar mætir á svæðið og kemur með tillögur að lausnum þar sem hljóðvist er vandamál. Eins sjáum við um alla samsetningu og uppsetningu og áframhaldandi þjónustu í kjölfarið. Eins eru margir arkitektar sem koma til okkar til að finna lausnir þannig að það eru allir velkomnir til okkar í A4 húsgögn, en við erum staðsett í Skeifunni 17 og er opið hjá okkur alla virka daga frá klukkan 9-16,“ segir Valgerður að lokum. ■

Nánar á a4.is.



dB gólfskilrúmunum frá Abstracta er hægt að raða upp á ótal vegu, til dæmis skella túss/segultöflu inn á milli.



Tveggja manna fundarklefi á hjólum, sem er hljóðeinangrandi, með loftræstingu, lýsingu og rafmagnstenglum.



Borðskilrúm frá Abstracta eykur öryggi einstaklinga þegar til dæmis heimsfaraldrar eins og Covid herja á.






Hljóðdempandi viðarveggur til hægri á myndinni og blóm sem setja punktinn yfir i-ið hjá Akademías. MYNDIR/PÉTUR FJELDSTED



Sir Arnar segir að vakning hafi orðið hjá stjórnendum fyrirtækja að hafa húsnæðið notalegt og fallegt.



Falleg skólastofa hjá Akademías sem Sir Arnar hannaði. Grænn gróður er til dæmis nauðsynlegur.



Litirnir eru dökkir en heimilislegir og hlýir.



Lykillinn að góðri vinnuaðstöðu er kaffihornið, að sögn Sir Arnars, rétt eins og að kaffið þarf að vera gott.




Skrifstofa Dineout er meðal þeirra verkefna sem Sir Arnar hefur tekið að sér og eru vel heppnuð.



Sir Arnar hugar að hverju smáatriði svo öllum líði vel á staðnum.

# Fallegt umhverfi eykur afköst og ánægju



**Elín Albertsdóttir**
elin
@frettabladid.is

Sir Arnar Gauti er vel þekktur fyrir sjónvarpsþætti sína á Hringbraut þar sem fallegt umhverfi og gott skipulag, jafnt á heimilum sem í fyrirtækjum, er í öndvegi. Sir Arnar er einnig öflugur hönnuður og hefur breytt mörgum skrifstofum til hins betra.

Sir Arnar segir að það hafi orðið vakning hjá stjórnendum fyrirtækja um að gera vinnuumhverfi aðlaðandi á síðustu árum. „Fólk kýs nýja upplifun á vinnustað, jafnt fyrir stjórnendur sem aðra starfsmenn. Margar nýjungar hafa litið dagsins ljós til að gera umhverfið fallegt og notalegt,“ segir hann.

„Ég get nefnt viðarhljóðdempunar-veggplötur sem hafa verið mjög vinsælar jafnt til að laga hljóðvist sem og að bæta útlitið. Þessar plötur er ótrúlega þægilegt að vinna með, einfaldar í uppsetningu og engrar undirvinnu er þörf. Það er hægt að skrúfa þær eða líma beint á vegg. Hljóðeinangrunin skiptir miklu máli, að fundaraðstaða og alrými séu með góða hljóðdempun þannig að ekki myndist of mikill kliður í umhverfinu. Hávaði getur haft neikvæð áhrif á einbeitingu starfsfólks. Viðarhljóðplöturnar koma sterkar inn en einnig eru til margar aðrar lausnir á þessu sviði.“

Sir Arnar segir að mikið úrval sé af skrifstofuhúsgögnum hér á landi þótt þau mættu stundum vera þægilegri. „Stundum eru þau of litrík að mínu mati. Ég hef valið hefðbundin húsgögn í bland við skrifstofuhúsgögn í mínum upplifunarhönnunarverkefnum,“ segir hann. „Við erum engu að síður að standa okkur mjög vel með úrvalið, bara spurning hverju maður er að leita eftir hverju sinni,“ bætir hann við.

Skrautveggir hafa nýlega fest sig í sessi á vinnustöðum, sérstaklega í opnum rýmum. „Ég nota mikið gróðurveggi í minni hönnun. Gerði það til dæmis hjá stjórnunarskólanum Akademias og í nýjum höfuðstöðvum Salt Pay í Katrínartúni. Ég hef sömuleiðis séð stórkostlega fallega gróðurveggi hjá öðrum hönnuðum. Mér finnst svona „wow factor“ eins og skrautveggir nauðsynlegir í mínum verkefnum,“ segir hann.

Sir Arnar segir að litir á veggjum séu stór hluti af heildarupplifun í skrifstofurýmum. „Ég hef ég tekið eftir að fólk kallar eftir mjúkum litum í skrifstofurýmum til að gera upplifun starfsmanna meira heimilislega og umhverfið hlýlegra.

Rétt málning og litir skipta mjög miklu máli og er sá hluti sem mér finnst auðveldast að vinna með. Litir geta oft rammað inn heildarupplifun á staðnum og ég er sömuleiðis oft beðinn um að setja einkennisliti fyrirtækisins með í litapallettuna. Fallegir litir og notalegt umhverfi geta aukið afköst starfsfólks og látið því líða vel í vinnunni. Það er gott að mæta til vinnu í fallegt umhverfi enda eyðir fólk löngum stundum á skrifstofunni og andrúmsloftið skiptir miklu máli. Mikilvægt er að vera stoltur af sínum vinnustað og ekki má gleyma að skrifstofan er andlit fyrirtækisins út á við og gaman að bjóða viðskiptamönnum og gestum upp á fallegt umhverfi sem endurspeglar kjarna fyrirtækisins. Margir stjórnendur eru búnir að kveikja á þessar staðreynd og vilja að ímynd fyrirtækisins sé glæsileg út á við.

Opin rými eru ráðandi á flestum skrifstofum. Þau geta flýtt boðleiðum milli fólks ásamt því að skapa betri tengingu meðal starfsfólks annars vegar og stjórnanda hins vegar. Glerveggir eru enn til staðar en þeir eru meira notaðir til að loka af fundaraðstöðu og þegar þarf að skipta upp rýmum. Reyklitað gler eða dökkt gler er stílhreint og fallegt til að stúka af rými,“ segir Arnar.

> **Margar nýjungar hafa litið dagsins ljós til að gera umhverfið fallegt og notalegt.**

Þá bendir hann á að góð kaffiaðstaða fyrir starfsmenn sé lykilatriði á vinnustað. „Oftast set ég hana upp inni í alrýmum en þá verður til ákveðið „meeting point“ fyrir starfsmenn og gesti. Fallegt kaffirými getur brotið ísinn í samtali milli manna. Ég legg alltaf mikla áherslu á góða kaffiaðstöðu í fyrirtækjum ásamt því að boðið sé upp á gott kaffi og frábær tæki. Það eru margar flottar fyrirtækjalausnir varðandi kaffið í boði hér á landi.“

Þegar Sir Arnar er spurður um nýjungar nefnir hann lyktarolíur. „Hreinar lyktarolíur eru keyrðar í gegnum vélar sem sjást ekki, til dæmis loftræstikerfi en þær skapa ákveðið skemmtilegt andrúmsloft og notalega stemmingu,“ segir hann. ■

FRÉTTABLAÐIÐ

# Fasteignablaðið

8. TBL. 22. FEBRÚAR 2022 FASTEIGNIR.FRETTABLADID.IS

heimili fasteignasala
á traustum grunni
Finnbogi Hilmarsson löggiltur fasteignasali.



Grensásvegur 3 • 2 hæð • 108 Reykjavík • Sími 530 6500 • heimili@heimili.is • heimili.is
FÉLAG FASTEIGNASALA

SKOÐUNARFERÐIR TIL SPÁNAR Á 49.900 KR
Hafðu samband og kynntu þér ferli skoðunarferða hjá Masa International



Við höfum selt eignir á Spáni frá 1981

MASA INTERNATIONAL
Jónas H. Jónasson
jonas@masainternational.is
Sími: 555 0366
Gsm: 842 1520
www.masainternational.is

BÚUM VEL



Sérhæfð lögfræðiþjónusta með áherslu á 60+

Ráðgjöf varðandi húsnæðisskipti, erfðaskrá, kaupmála eða dánarbúskipti. Lögmaður þér við hlið við sölu fasteignar án þess að greiða aukalega fyrir þá þjónustu.

BÚUM VEL veitir nýja tegund þjónustu. Kynntu þér málið.

Elín Sigrún Jónsdóttir, lögmaður | Tryggvagötu 11, 2. hæð
Sími 783 8600 | elin@buumvel.is | www.buumvel.is

Atvinnublaðið
— Mest lesna atvinnublað Íslands —

Beinn sími: 550 5625

Sölufulltrúar:
Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is
Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is



Húsið er á góðum stað í Mýrunum í Garðabæ þar sem stutt er í alla þjónustu. Gestastæði er við húsið og sömuleiðis við enda götunnar.

# Frábært fjölskylduhús í Garðabæ

**Fasteignamarkaðurinn ehf., s. 570-4500, kynnir til sölu virkilega fallegt, vel skipulagt og bjart um 288 fermetra einbýlishús á þremur hæðum á 600 fermetra skjólsælli lóð á eftirsóttum stað í Garðabænum. Sannkallað fjölskylduhús með 6 svefnherbergjum á grónum og fallegum stað í Garðabæ.**

Fyrsta hæð hússins er 104 fermetrar að stærð og skiptist þannig: Forstofa, flísalögð og rúmgóð með gólfhita og fataskápum. Gestasnyrting inn af forstofu með glugga, flísalagt gólf, vaskskápar, vegghengt wc og handklæðaofn.

Hol er parketlagt. Þvottaherbergi er mjög rúmgott, flísalagt og með gluggum. Miklar innréttingar með stæðum fyrir vélar í vinnuhæð, vaskur og skápar. Búr þar inn af þvottaherbergi.

Stórt herbergi sem er parketlagt og með sérsmíðuðum skenk. Eldhúsið er stórt, bjart og flísalagt með aðgengi úr holi og borðstofu. Mjög fallegar og vandaðar eikarinnréttingar með flísum á milli skápa, innbyggðum vínkæli, spanhelluborði, blástursofni í vinnuhæð, tengi fyrir uppþvottavél og gert ráð fyrir tvöföldum ísskáp. Mjög góð borðstaða er í eldhúsi.

Samliggjandi stofur, stórar, bjartar og parketlagðar með útgengi á stóra og skjólsæla viðarverönd til suðurs og þaðan á lóð.



Skjólgóð verönd í suður en gengið er út á pallinn frá stofunni.

Gengið er upp vandaðan viðarstiga á efri hæð hússins, sem er 81,7 fermetrar að stærð, úr holi. Stigapallur er parketlagður. Barnaherbergi II, parketlagt og rúmgott með fataskápum. Barnaherbergi III, stórt og parketlagt. Rúmgott baðherbergi með glugga. Flísalagt gólf og veggir, sérsmíðaðar eikarinnréttingar, vegghengt wc og flísalögð sturta með glerhurð. Barnaherbergi IV er stórt og parketlagt með fataskápum.

Hjónaherbergi, parketlagt og rúmgott með útgengi á rúmgóðar svalir til suðurs með skyggni yfir. Fataherbergi inn af hjónaherbergi með innréttingum. Geymsluris er yfir efri hæð hússins.

Kjallari, sem bæði er innangengt í um viðarstiga úr holi 1. hæðar og er einnig með sérinngangi af innkeyrslu. 105 fermetrar en er skráð 59,2 fermetrar skv. Fasteignaskrá. Lofthæð í kjallara er um 2,55 metrar. Gangur, parketlagður og með fataskápum. Köld geymsla, undir útitröppum.

Tvöfaldur bílskúr, sem innangengt er í af gangi er með rafmótor á annarri hurðinni, gluggum, lökkuðu gólfi með niðurföllum og góðri innréttingu með vaski. Innri gangur, parketlagður. Barnaherbergi V, parketlagt og stórt.

Líkamsræktarrými, stórt, dúklagt gólf, speglar á hluta veggja, flísalögð sturta og innrétting með vaski. Geymsla er inn af baðherbergi en í því rými er gert ráð fyrir gufubaði.

Húsið að utan er nýlega málað og skipt hefur verið um gler og gluggalista í norður- og austurhlið hússins. Lóðin er með hellulagðri innkeyrslu og stórum hellulögðum gestabílastæðum. Hitalagnir undir hellulögðum hluta þar sem bílastæði eru. Steyptir veggir á framlóð og steypt stétt með hitalögnum undir. Á baklóð hússins er stór viðarverönd til suðurs með skjólveggjum, tyrfð flöt, trjágróður og geymsluskúr.

Staðsetning eignarinnar er virkilega góð, efst í Mýrunum við opið svæði og stutt er í Flataskóla, Garðaskóla, Sundlaug Garðabæjar, íþróttasvæði Stjörnunnar og verslun og þjónustu á Garðatorginu. ■

Nánari upplýsingar gefur Hallveig Guðnadóttir, Fasteignamarkaðurinn ehf. Sími 570-4500. hallveig@fastmark.is.

**FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.**

Óðinsgötu 4, 101 Reykjavík

Sími 570 4500 • fastmark@fastmark.is • www.fastmark.is

Jón Guðmundsson lögg. fasteignasali

Guðmundur Th. Jónsson lögg. fasteignasali

*Í TRAUSTUM HÖNDUM Í ÁRATUGI*

2021 Fyrirmyndarfyrirtæki í rekstri



Jón Guðmundsson
Lögg. fasteignasali
jon@fastmark.is



Guðmundur Th. Jónsson
Lögg. fasteignasali
gtj@fastmark.is



Elín D. Guðmundsdóttir
Lögg. fasteignasali
elin@fastmark.is



Sigríður Kjartansdóttir
Lögg. fasteignasali
sigridur@fastmark.is



Gísli Rafn Guðfinnsson
Aðstoðarmaður fasteignasala
gisli@fastmark.is



Hallveig Guðnadóttir
Skrifstofustjóri
hallveig@fastmark.is

# Starfandi í 40 ár – 1982-2022

## *Skólavörðustígur 16a – Verslunarhúsnæði*



- 70,6 fermetra verslunarhúsnæði á götuhæð í nýlegu húsi við Skólavörðustíg.
- Húsnæðið er einn stór salur með góðum verslunargluggum út að Skólavörðustígnum.
- Gólf eru flísalögð og með gólfhitalögn. Innst í húsnæðinu eru þakgluggar sem gefa góða ofanbirtu.
- **Einnig er möguleiki er að gera langtímaleigusamning um húsnæðið.**
- **Aðkoma er öll með besta móti.**

**Verð 59,9 millj.**

## *Hjálmakur – Garðabæ*



- Glæsilegt og vel skipulagt 293,0 fermetra einbýlishús á þremur pöllum með 5 svefnherbergjum og tveimur baðherbergjum á veðursælum stað við Hjálmakur í Garðabæ.
- Á aðalhæð hússins er verulega aukin lofthæð eða um 3,75 metrar og innfelld lýsing er í loftum í flestum rýmum hússins. Vandaðar innréttingar eru í húsinu og quartz er a borðum allra innréttinga.
- Sjónvarpshol með gólfsíðum gluggum. Stór setustofa. Eldhús með gluggum í tvær áttir.
- Húsið var allt múrviðgert og málað að utan árið 2020 og einnig allt málað að innan fyrir stuttu síðan

Baklóðin sem snýr til suðurs er með skjólsælli viðarverönd með skjólveggjum og heitum potti, tyrfðri flöt og trjágróðri.

## *Engimýri – Garðabæ*



- Vel skipulagt um 288,0 fermetra einbýlishús á þremur hæðum á eftirsóttum stað í Garðabænum.
- Stór og skjólsæl viðarverönd til suðurs með skjólveggjum og geymsluskúr á lóðinni. Stór hellulögð bílastæði á framlóð með hitalögnum undir.
- Húsið hefur verið mikið endurnýjað á sl. 10-15 árum, m.a. flestar innréttingar, gólfefni, innihurðir, gestasnyrting, baðherbergi, eldhúsinnrétting o.fl.
- Þetta er sannkallað fjölskylduhús með 6 svefnherbergjum á grónum og fallegum stað í Garðabæ.

**Seljendur eignarinnar eru tilbúnir til að athuga með skipti á 4ra til 5 herbergja íbúð í fjölbýlishúsi með lyftu, útsýni, helst tveimur baðhergjum og bílskúr.**

**Verð 152,5 millj.**

## *Dvergabakki 24 – 3ja – 4ra herbergja íbúð.*




Eignin verður til sýnis í dag þriðjudag frá kl. 17.00 – 17.30

- 92,5 fermetra 3ja - 4ra herbergja íbúð á 1. hæð með svölum til vesturs við Dvergabakka í Reykjavík.
- Íbúðinni fylgir 8,2 fermetra herbergi með glugga í kjallara og gluggalaus 4,5 fermetra geymsla.
- Mögulegt væri að breyta sér þvottaherbergi innaf eldhúsi í svefnherbergi og hafa þvottaaðstöðu fyrir íbúðina í sameiginlegu þvottahúsi í kjallara sem er með glugga.
- Sameign hússins er öll mjög snyrtileg og vel umgengin. Nýjir póstkassar eru í anddyri.
- Á sameiginlegri lóð vestan við húsið nr. 24 er stórt opið svæði þar sem er m.a. leikvöllur.

**Verð 49,9 millj.**

## *Þarft þú að stækka eða minnka við þig en finnur ekki réttu eignina ?*

*Höfum fjölda aðila á skrá sem vilja selja í skiptum fyrir stærri eða minni eignir.*

**Hafðu samband og skráðu þig hjá okkur - Við finnum réttu eignina fyrir þig.**

**https://www.facebook.com/fastmark.is - https://www.instagram.com/fasteignamarkadurinn_ehf/**





**FOLD FASTEIGNASALA**

*Sóltún 20 • Sími: 552 1400*
*www.fold.is • fold@fold.is*




**Viðar Böðvarsson**
viðskiptafr. og lögg. fast.
vidar@fold.is / 694-1401

**Gústaf Adolf Björnsson**
íþróttafræðingur og lögg.fast
gustaf@fold.is / 895-7205

**Anna Ólafía Guðnadóttir**
íslenskufræðingur

**Rakel Viðarsdóttir**
lögg. fast.
rakel@fold.is / 699-0044

**Einar Marteinsson**
lögg. fast.
einarm@fold.is / 893-9132

**Hlynur Ragnarsson**
löggildingarnemi
hlynur@fold.is / 624-8080

**Rögnvaldur Örn Jónsson**
löggildingarnemi
rognvaldur@fold.is / 660-3452


## Safamýri
**SÉRHÆÐ MEÐ BÍLSKÚR**



Rúmlega 149 fm. íbúð á efri hæð í þríbýlishúsi á frábæum stað nálægt Framvellinum. Íbúðinni fylgir tæplega 30 f. bílskúr og er eignin samtals skráð 178,2 fm. Skv. teikningu eru 4 svefnherbergi, en í dag eru þau 3.
**Nánari upplýsingar veittar á skrifsofu Foldar.**

## Greniteigur 4, 230 Reykjanesbæ
**EINBÝLI M/AUKAÍBÚÐ.**



Vel skipulagt 120 fm einbýlishús á tveimur hæðum auk 36,5 fm íbúðar í bílskúr. Eignin skiptist í 4 svefnherbergi, stofu, borðstofu, 2 baðherbergi, eldhús, þvottahús og íbúðarskúr. Húsið er einstaklega vel staðsett á rólegum og fjölskylduvænum stað í Reykjanesbæ. Stutt er í verslanir, leikskóla, skóla og íþróttasvæði. Aukaíbúð í bílskúr. **Verð 75,9 millj. Pantið tíma fyrir skoðun, 552-1400 / fold@fold.is.**

## Eignarlóð við Hafravatn
**276 MOSFELLSBÆ.**



Sumarhúsalóð við Hafravatn. Frá lóðinni er mjög gott útsýni yfir vatnið. Lóðin er rúmlega 2500 FM eignarlóð á frábærum stað, nálægt borgarmörkum.
**Verð 14,9 millj. Nánari upplýsingar á skrifstofu.**

## Akralind 3, 201 Kóp.
**GLÆSILEGT ATVINNU- OG LAGERHÚSNÆÐI.**



Glæsilegt og vandað fullfrágengið ca. 640 fm atvinnu- og lagerhúsnæði miðsvæðis á höfuðborgarsvæðinu og skiptist í lagerhúsnæði með góðu aðgengi, tvær rúmgóðar skrifstofur, opið skrifstofurými, tæknirými, fundar herbergi, eldhús og tvær snyrtingar. Opið skrifstofurými á efri hæð með kaffikrók og útgengi á svalir. 23 bílastæði. **Verð tilboð.**
**Nánari upplýsingar, hlynur@fold.is / 624-8080.**

## Óskum eftir

**Vantar sérbýli til leigu fyrir sendiráð.**

**Um er að ræða 3-4 mismunandi einbýli, raðhús eða hæðir miðsvæðis í Reykjavík m/bílskúr.**

**Langtímaleiga.**

**Nánari upplýsingar á skrifstofu.**

## Óskum eftir

**- íbúðum í öllum hverfum Reykjavíkur til kaups eða leigu fyrir opinberan aðila**

**- traustar greiðslur**

**- langur leigutími**

**- nánari upplýsingar á skrifstofu**

**Hvað kostar eignin mín?**
**Kíktu á www.fold.is – eða hafðu samband í síma 552 1400 / 694 1401**

***Þú finnur okkur á fold.is***

# Við leiðum fólk saman

hagvangur.is

HAGVANGUR

# MIKLABORG



**Óskar R. Harðarson** og **Jason Guðmundsson**
hdl. og löggiltir fasteignasalar

| Nafn | Starfsheiti | Sími |
|---|---|---|
| Jón Rafn Valdimars | lögg. fasteignasali | Sími: 695 5520 |
| Gunnar S. Jónsson | lögg. fasteignasali | Sími: 899 5856 |
| Ólafur Finnbogason | lögg. fasteignasali | Sími: 822 2307 |
| Elín Alfreðsdóttir | lögg. fasteignasali | Sími: 899 3090 |
| Hreiðar L. Guðmunds | lögg. fasteignasali | Sími: 661 6021 |
| Þórunn Pálsdóttir | lögg. fasteignasali | Sími: 773 6000 |
| Ómar Hvanndal | hdl. & aðst. fasteignas | Sími: 832 3200 |
| Barbara R. Bergþórs | lögg. fasteignasali | Sími: 823 0339 |
| Jason Kr. Ólafsson | lögg. fasteignasali | Sími: 775 1515 |
| Íris Arna Geirsdóttir | aðst. fasteignasala | Sími: 770 0500 |
| Þröstur Þórhallsson | lögg. fasteignasali | Sími: 897 0634 |
| Jórunn Skúladóttir | lögg. fasteignasali | Sími: 845 8958 |



| Nafn | Starfsheiti | Sími |
|---|---|---|
| Þóroddur S. Skapta | lögg. fasteignasali | Sími: 868 4508 |
| Svan G. Guðlaugsson | lögg. fasteignasali | Sími: 697 9300 |
| Atli S. Sigvarðsson | lögg. fasteignasali | Sími: 899 1178 |
| Óskar H. Bjarnasen | lögg. fasteignasali | Sími: 691 1931 |
| Kjartan Í. Guðmunds | lögg. fasteignasali | Sími: 663 4392 |
| Þórhallur Biering | lögg. fasteignasali | Sími: 896 8232 |
| Árni Davíð Bergs | aðst. fasteignasala | Sími 625 2500 |
| Friðrik Þ. Stefáns | hdl. & aðst. fasteignas | Sími: 616 1313 |
| Friðjón Ö. Magnúss. | lögg. fasteignasali | Sími: 692 2704 |
| Óskar S. Axelsson | aðst. fasteignasala | Sími: 691 2312 |
| Ingi Þór Ingólfsson | lögg. fasteignasali | Sími: 698 4450 |
| Páll Þórólfsson | lögg. fasteignasali | Sími: 893 9929 |
| Ragnheiður Péturs | hdl. og löggiltur fasteignasali | |

2015 2021
Framúrskarandi fyrirtæki

## Fýlshólar 4
**111 Reykjavík**




**Glæsilegt 316,8 fm einbýlishús**

- Mikið endurnýjað
- Frábært útsýni yfir borgina, svalir í allar áttir
- 3 svefnherbergi
- Hjónasvíta
- 70 fm bílskúr

Verð: **154 millj.**



**Jason Ólafsson**
lögg. fasteignasali
**Sími: 775 1515**
jko@miklaborg.is

**Íris Arna Geirsdóttir**
aðst. fasteignasala
**Sími: 770 0500**
iris@miklaborg.is




## Reykjastræti 7
**101 Reykjavík - íb. 213**

**Sérlega glæsileg 129,5 fm 2ja herb. ásamt sérmerktu stæði í bílageymslu**

- Stór samliggjandi stofa og eldhús með útgengi bæði á vestur og austur svalir
- Veglegt svefnherbergi og rúmgott baðherbergi með baðkeri, sturtu og þvottaaðstöðu
- Vandaðar ítalskar innréttingar



**Þórunn Pálsdóttir**
lögg. fasteignasali
**Sími: 773 6000**
thorunn@miklaborg.is

**Jason Ólafsson**
lögg. fasteignasali
**Sími: 775 1515**
jko@miklaborg.is

**Jón Rafn Valdimars**
lögg. fasteignasali
**Sími: 695 5520**
jon@miklaborg.is

**Þröstur Þórhallsson**
lögg. fasteignasali
**sími: 897 0634**
throstur@miklaborg.is

Verð: **128 millj.**




## Reykjastræti 5
**101 Reykjavík - íb. 310**

**Glæsileg björt og rúmgóð 2ja herb. 80,9 fm íbúð með 12 fm yfirbyggðar suður svalir**

- Stór stofa með opnu eldhúsi
- Sér þvottahús innan íbúðar
- Rúmgott svefnherbergi með góðu skápaplássi
- Aðgangur að heilsulind, líkamsrækt o.fl. á Edition hótelinu gegn greiðslu



**Þórunn Pálsdóttir**
lögg. fasteignasali
**Sími: 773 6000**
thorunn@miklaborg.is

**Jason Ólafsson**
lögg. fasteignasali
**Sími: 775 1515**
jko@miklaborg.is

**Jón Rafn Valdimars**
lögg. fasteignasali
**Sími: 695 5520**
jon@miklaborg.is

**Þröstur Þórhallsson**
lögg. fasteignasali
**sími: 897 0634**
throstur@miklaborg.is

Verð: **97 millj.**

Fasteignasalan

Miklaborg

Lágmúla 4

108 Reykjavík

**569 7000**

**Með þér alla leið**

**miklaborg.is**




**NÝTT Í SÖLU**

**PANTIÐ SKOÐUN** í síma **775 1515** eða **770 0500**

## Hrólfsskálamelur 1

**170 Seltjarnarnes - íb. 202**

**Falleg 75 fm íbúð á annarri hæð, með stæði í bílageymslu**

- Eldhús er opið inn í bjarta stofu með stórum gluggum í vestur
- Rúmgott svefnherbergi
- Svalir snúa í vestur og er því sólríkar seinni partinn
- Stutt í skóla, íþróttir, verslanir
- Fallegar gönguleiðir
- 10 fm geymsla í kjallara

Nánari upplýsingar veitir:

**Jason Kr. Ólafsson** lögg. fasteignasali sími: 775 1515 jko@miklaborg.is

**Íris Arna Geirsdóttir** aðst. fasteignasala Sími: 770 0500 iris@miklaborg.is

Verð: **75 millj.**




**NÝTT Í SÖLU**

**OPIÐ HÚS** fimmtudaginn 24. febrúar kl. 16.00 - 16.30

## Boðagrandi 2a

**107 Reykjavík**

**Falleg 2ja - 3ja herb. 100,9 fm íbúð á 4. hæð**

- Stofa, borðstofa, eldhús, sjónvarpshol og þvottahús
- Stórt svefnherbergi
- Tvennar svalir
- Fallegt 5 hæða lyftuhús
- Geymsla í kjallara
- Bílastæði í kjallara

**Óskar S. Axelsson** aðst. fasteignasala Sími: 691 2312 osa@miklaborg.is

**Barbara R. Bergþórs** lögg. fasteignasali Sími: 823 0339 barbara@miklaborg.is

Verð: **68,9 millj.**




**NÝTT Í SÖLU**

**OPIÐ HÚS** í dag þriðjudag 22. febrúar kl. 12.00 - 12.30

## Hjallabraut 33

**220 Hafnarfjörður - íb. 205**

**Rúmgóð og vel staðsett 76,1 fm 2ja herbergja þjónustu-íbúð á 2. hæð**

- Íbúðin er mikið endurnýjuð
- Góðar svalir
- Sér geymsla

**Jason Ólafsson** lögg. fasteignasali Sími: 775 1515 jko@miklaborg.is

**Íris Arna Geirsdóttir** aðst. fasteignasala Sími: 770 0500 iris@miklaborg.is

Verð: **50,9 millj.**





**NÁNARI UPPLÝSINGAR** hjá Friðrik í síma **616 1313**

## Vogur - Fellsströnd

**371 Dalabyggð**

**Jörðin er um 250 ha, frábærlega staðsett með útsýni út Hvammsfjörð og út á Breiðafjörð**

- Góður 1.350 fm húsakostur
- Hótel 765 fm á 2 hæðum.
- Mat- og samkomusalur f. 80
- 10 lúxus svítur, með baði
- 18, 2-4ra manna herbergi, öll með baði
- 165 fm uppgert einbýlishús
- 45 hektara ræktuð tún

Nánari upplýsingar veitir:

**Friðrik Þ. Stefánsson** hdl. og aðst. fasteignas. Sími: 616 1313 fridrik@miklaborg.is

Ólafur Finnbogason lögg. fasteignasali

Verð: **Tilboð**




**NÝTT Í SÖLU**

**OPIÐ HÚS** í dag þriðjudag 22. febrúar kl. 17.00 - 17.30

## Hraunbær 134

**110 Reykjavík**

**Rúmgóð 86,4fm íbúð á jarðhæð 4ra herbergja með svalir í vestur**

- Þrjú svefnherbergi
- Þvottahús og geymsla innan íbúðar
- Eignin getur verið laus við kaupsamning

**Ingi Þór Ingólfsson** lögg. fasteigna & skipasali Sími: 698 4450 ingi@miklaborg.is

**Ómar Hvanndal** hdl. og aðst. fasteignasala Sími: 832 3200 omar@miklaborg.is

Verð: **45,9 millj.**




**NÝTT Í SÖLU**

**PANTIÐ SKOÐUN** hjá Jasoni í síma **775 1515**

## Laugavegur 86-94

**101 Reykjavík - íb. 301**

**Falleg 2ja herbergja íbúð, alls 92,4 fm**

- Rúmgott svefnherbergi, stóra stofu og eldhús í sama rými.
- Geymsla með sér inngangi notað sem aukasvefnherbergi
- Svalir til suðurs inní bakólð
- Sér bílastæði fylgir
- Lyftuhús
- Byggt árið 2006

**Jason Ólafsson** lögg. fasteignasali Sími: 775 1515 jko@miklaborg.is

Verð: **62,5 millj.**




**PANTIÐ SKOÐUN** í síma **775 1515** eða **770 0500**

## Hlíðarvegur 46

**200 Kópavogur**

**Gott 186 fm einbýlishús með aukaíbúð í kjallara í suðurhlíðum Kópavogs**

- Miðhæð: Anddyri, geymsla, baðherbergi og þvottahús, eldhús hol, borðstofa og stofa.
- Efri hæð: 4 svefnherbergi, svalir úr aðalsvefnherbergi, baðherbergi.
- Aukaíbúð í kjallara 35,5 fm

**Jason Ólafsson** lögg. fasteignasali Sími: 775 1515 jko@miklaborg.is

**Íris Arna Geirsdóttir** aðst. fasteignasala Sími: 770 0500 iris@miklaborg.is

Verð: **114,9 millj.**



Góðar **leigu** tekjur

**BÓKIÐ SKOÐUN Í SÍMA: 845 8958**

## Skúlagata - 10

**101 Reykjavík**

**Glæsilegt 149 fm húsnæði, búið að skipta í tvær íbúðir eða skrifstofur**

Verð: **93,9 millj.**

- Sérinngangur, gólfsíðir gluggar
- Nýbúið að endurnýja alveg, eldhús, baðherbergi, stofur, gólfefni, loftræstikerfi sem og raflagnir
- Einstök staðsetning við miðborg Reykjavíkur - Laust strax

Nánari upplýsingar:

**s. 845 8958 Jórunn Skúladóttir** löggiltur fasteignasali



**BÓKIÐ SKOÐUN Í SÍMA: 775 1515**

## Bergþórugata 23

**101 Reykjavík**

**Falleg 91,6 fm íbúð á jarðhæð**

Verð: **55,9 millj.**

- 2 svefnherbergi. Sérútgengi út í garð
- Nýlega endurnýjað eldhúsið
- Geymsla í kjallara.
- Laus við kaupsamning

Nánari upplýsingar:

**s. 775 1515 Jason Kr. Ólafsson** löggiltur fasteignasali

# Leita að ...

- **Einbýlishúsi 300-500 fm.** Óskast **til leigu** fyrir erlent sendiráð. Leigutími a.m.k. 3 ár.
- **Einnig vantar til leigu raðhús c.a. 200 fm.** auk bílskúrs fyrir sama aðila. Leigutími a.m.k. 3 ár.

**NÁNARI UPPLÝSINGAR** hjá Þresti í síma **897 0634**

Nánari upplýsingar:

**s. 897 0634 Þröstur Þórhallsson** löggiltur fasteignasali

Vegna mikillar sölu **vantar allar gerðir fasteigna** til sölu, **hafið samband við sölumenn okkar** bókið skoðun og **fáið frítt verðmat.**

**569 7000 | Lágmúla 4 | miklaborg.is**

Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar

# Skrifstofuhúsnæði óskast til leigu fyrir Borgarmiðstöð Austur

**Reykjavíkurborg óskar eftir að taka á leigu skrifstofuhúsnæði fyrir Borgarmiðstöð Austur, sameinaða borgarmiðstöð Árbæjar/Grafarholts og Grafarvogs/Kjalarness.**

Miðað er við að húsnæðið verði tekið á langtímaleigu til 10-15 ára, með mögulegri framlengingu, fullbúið til notkunar, án lauss búnaðar. Gerð er krafa um staðsetningu austan við Elliðaár, helst sem næst Ártúnshöfða.

Húsnæðisþörf Borgarmiðstöðvar Austur er áætluð um 2500 fermetrar. Stærð húsnæðis fer m.a. eftir möguleika á samnýtingu með öðrum í húsnæðinu, t.d. mötuneyti, stórum fundarherbergjum og búningsaðstöðu.

Við mat á hagkvæmni tilboða verður m.a. tekið tillit til leiguverðs, gæða, stærðar, skipulags húsnæðis út frá fyrirhugaðri starfsemi, öryggis, afhendingartíma, almenningssamgagna, staðsetningar, aðkomu og aðgengi.

Áætlað er að húsnæðið verði tekið í notkun eins fljótt og kostur er en eigi síðar en 18 mánuðum eftir undirritun leigusamnings.

Fyrirspurnir varðandi auglýsinguna skulu sendar rafrænt í gegnum útboðskerfi Reykjavíkurborgar og verða svör birt þar. Frekari upplýsingar um þær kröfur sem húsnæðið verður að uppfylla eru aðgengilegar á vefslóðinni **https://utbod.reykjavik.is**

Leigutilboðum skal skila rafrænt í útboðskerfinu, eigi síðar en **31. mars 2022 kl. 14:00**. Ekki verður haldinn sérstakur opnunarfundur. Leiga á grundvelli þessarar auglýsingar er undanskilin lögum um opinber innkaup.

Reykjavíkurborg áskilur sér rétt til að taka hvaða tilboði sem er eða hafna öllum tilboðum.

**Umsjónaraðili er Eignaskrifstofa Reykjavíkurborgar.**

Reykjavíkurborg





Erum við að leita **að þér?**

SALA FASTEIGNA SÍÐAN 1957

# EIGNAMIÐLUN

**Grensásvegi 11** 108 Reykjavík | Sími **588 9090** | **eignamidlun.is**

**TIL SÖLU**







## **Lyngháls 9** – Reykjavík

Til sölu 1.962 fm atvinnuhúsnæði á þremur hæðum. Húsið er allt í útleigu og selst með leigusamningum.

Um er að ræða þrjár hæðir sem skiptast í verslun/skrifstofur. Stigagangur er í miðju húsi með lyftu. Frágangur að innan er góður og skipulag hefur verið aðlagað að leigjendum.

Nánari upplýsingar veita Guðlaugur og Lárus.



**Guðlaugur Ingi Guðlaugsson**
Löggiltur fasteignasali
864 5464
gudlaugur@eignamidlun.is



**Lárus Ómarsson**
Löggiltur fasteignasali
824 3934
larus@eignamidlun.is

---

**TIL SÖLU**





## **Korngarðar 2** í Sundahöfn

Vandað 3.230,5 fermetra skrifstofuhúsnæði á tveimur hæðum. Lóðin er 5.080 fermetrar með fjölda bílastæða.

Fjöldi vinnurýma og fundarherbergja af mörgum stærðum. Auðvelt að aðlaga rýmin að margvíslegri starfsemi. Mögulegt að skipta eigninni upp í nokkur aðskilin rými ef þurfa þykir.

Góð aðkoma, stutt í umferðaræðar. Fjöldi fyrirtækja á svæðinu.

**Eignin er laus til afhendingar.**

Verð **890 m.kr.**



**Kjartan Hallgeirsson**
Löggiltur fasteignasali /
framkvæmdastjóri – 824 9093
kjartan@eignamidlun.is



**Ólafur H. Guðgeirsson**
MBA Rekstrarhagfræðingur og
löggiltur fasteignasali – 663 2508
olafur@eignamidlun.is

## Til sölu




**Nýr 2022 Ford Transit 350 Trend**

Verð:

**5.300.000,- án vsk.**

**Double Cab 7 manna**
með 3,2 m. palli.

Þessir bílar eru ófánlegir
í dag en við eigum þennan
til afhendingar strax !

SPARI bíll
**www.sparibill.is**
Fiskislóð 16 · Sími 577 3344


## Tilkynningar

## Auglýsing um skipulag Hafnarfjarðarbær

Samþykkt var í bæjarstjórn Hafnarfjarðar þann 26. janúar og 9. febrúar að auglýsa eftirfarandi skipulagsmál:

**Breyting á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025**
Breytingin nær til 3ha svæðis af heildarsvæði Selhrauns suður. Breytingin nær til lóðanna Norðurhella 13-19 og Suðurhella 12-14. Landnotkun lóðanna breytist úr AT2 í ÍB14. Athafnasvæði AT2 minnkar út 30ha í 27ha.

**Breyting á deiliskipulagi Selhraun suður, vegna Norðurhellu 13-19 og Suðurhellu 12-20**

Breytingin felst í að á Norðurhellu 13-19 er heimilað að vera með 67 íbúðir í þegar byggðum húsum. Á lóðunum er gert ráð fyrir leiksvæðum, sorp- og hjólageymslum. Við Suðurhellu 12-20 er gert ráð fyrir 132 íbúðum í fimm nýjum fjölbýlishúsum, 4-6 hæða. Á lóðunum er gert ráð fyrir leiksvæðum, sorp- og hjólageymslum. Bílageymslur eru undir húsum við Suðurhellu 14-18.

Tillögurnar verða til sýnis á umhverfis- og skipulagssviði að Norðurhellu 2 og í þjónustuveri Hafnarfjarðarbæjar Strandgötu 6, frá **22.02.22**.

Einnig er hægt er að skoða skipulagstillögurnar á **hfj.is/skipulag**

Þeim sem telja sig hagsmuna eiga að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við breytingarnar og skal þeim skilað eigi síðar en **05.04.2022** á netfangið **skipulag@hafnarfjordur.is** eða skriflega í þjónustuver:

**Hafnarfjarðarbær**
bt. umhverfis- og skipulagssvið
Strandgötu 6
220 Hafnarfjörður

**hafnarfjordur.is**

Hafnarfjörður

## Tilkynningar

ÍSAFJARÐARBÆR

## Tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020 vegna vegar um Dynjandisheiði.

Aðalskipulagsbreytingin er unnin skv. 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Vegagerðin áformar að endurbyggja veg nr. 60 yfir Dynjandisheiði og veg nr. 63 Bíldudalsveg með það að markmiði að þeir nýtist sem heilsársvegir. Vegagerðin hefur unnið matsskýrslu vegna verkefnisins í samræmi við lög um mat á umhverfisáhrifum og Skipulagsstofnun gaf álit sitt um umhverfismatið í júlí 2020.

Markmiðið með aðalskipulagsbreytingunni er að gera heilsárssamgöngur mögulegar um Vestfjarðaveg, milli sunnan- og norðanverðra Vestfjarða. Dýrafjarðargöng voru tekin í notkun í október 2020 en þau munu ekki nýtast að fullu fyrr en heilsárvegur hefur verið gerður yfir Dynjandisheiði.

Aðalskipulagsbreytingin heimilar tvær útfærslur á veglínu, leiðir D og F í umhverfismati Vegagerðarinnar, þar sem ekki hefur verið tekin ákvörðun um hvor línan verður fyrir valinu við endurgerð vegarins. Breytingin heimilar einnig sex ný efnistökusvæði á skipulagssvæðinu.

Tillagan er aðgengileg á bæjarskrifstofum og á síðu Ísafjarðarbæjar: www.isafjordur.is

Athugasemdir skulu vera skriflegar og berast skipulagsfulltrúa í síðasta lagi 4. apríl 2022 að Hafnarstræti 1, 400 Ísafirði eða á skipulags@isafjordur.is .

*Virðingarfyllst,*
*f.h. skipulagsfulltrúa*
*Helga Þuríður Magnúsdóttir*
*-verkefnastjóri á umhverfis- og eignasviði*

ÍSAFJARÐARBÆR

## Auglýsing um deiliskipulagstillögu í Ísafjarðarbæ, Breiðadalsvirkjun II í Önundarfirði

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar samþykkti 3. júní 2021 að auglýsa tillögu að deiliskipulagi smávirkjunar neðan Breiðadalsvirkjunar í Breiðadal skv. 41. gr. skipulagslaga 123/2010.

Deiliskipulagstillagan gerir ráð fyrir svæði undir smávirkjun neðan Breiðadalsvirkjunar í landi Veðrarár II, Breiðadal, Önundarfirði. Áform eru að nýta það vatn sem fellur frá stöðvarhúsi núverandi virkjunar ásamt vatni úr Breiðardalsá og þverlæk sem heitir Þverá. Með þessu móti er verið að nýta betur þá aðstöðu sem áður hefur verið sett upp og styrkja enn betur raforkuöryggi á svæðinu. Um er að ræða allt að 200kW smávirkjun án uppistöðulóns.

Tillagan er aðgengileg á bæjarskrifstofum og á síðu Ísafjarðarbæjar: www.isafjordur.is

Athugasemdir skulu vera skriflegar og berast skipulagsfulltrúa í síðasta lagi **4. apríl 2022** að Hafnarstræti 1, 400 Ísafirði eða á skipulags@isafjordur.is .

*Virðingarfyllst,*
*f.h. skipulagsfulltrúa*
*Helga Þuríður Magnúsdóttir*
*-verkefnastjóri á umhverfis- og eignasviði*

Skipulagsstofnun

## Umhverfismat framkvæmda

**Matsáætlun í kynningu**

**Niðurdæling $CO_2$ á Hellisheiði**

Carbfix hefur lagt fram matsáætlun til Skipulagsstofnunar vegna umhverfismats niðurdælingar á $CO_2$ á Hellisheiði.

**Kynning á matsáætlun:** Matsáætlunin er aðgengileg á vef Skipulagsstofnunar www.skipulag.is. Framkvæmdaraðili mun kynna framkvæmdina á opnum streymisfundi 10. mars nk. kl. 20:00. Vefslóð á streymisfundinn má finna á vef Skipulagsstofnunar.

**Umsagnarfrestur:** Allir geta kynnt sér matsáætlunina og veitt umsögn.Umsagnir skulu vera skriflegar og berast eigi síðar en 22. mars til Skipulagsstofnunar, Borgartúni 7b, 105 Reykjavík eða með tölvupósti á skipulag@skipulag.is.


MARKAÐURINN



**Markaðurinn**
Miðvikudaga kl. 19.00

Vikulegur þáttur um íslenskt viðskiptalíf í umsjón blaðamanna Markaðarins þar sem farið er yfir helstu fréttir ásamt öðru því sem hæst ber hjá í efnahagslífinu hverju sinni.

HRINGBRAUT

ráðum
ráðningarstofa

Er verið að leita að þér?

Viðskiptavinir Ráðum fela ráðgjöfum okkar oft að finna starfsmenn án þess að auglýsa stöðuna.
Skráðu þig í gagnagrunninn okkar til að tryggja að við finnum þig þegar rétta starfið býðst.

# Skrifstofuvörur sem skapa atvinnu

**Múlalundur, vinnustofa SÍBS býður mikið úrval skrifstofuvara sem skapa atvinnutækifæri fyrir fólk með skerta starfsorku. Verðið og úrvalið koma þægilega á óvart**



Sigurður Viktor Úlfarsson, framkvæmdastjóri Múlalundar, vinnustofu SÍBS, segir að með því að panta skrifstofuvörur frá Múlalundi geti viðskiptavinir látið gott af sér leiða á einfaldan og þægilegan hátt. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Á Múlalundi, vinnustofu SÍBS, fást allar almennar skrifstofuvörur á einum stað, pappír og ritföng. Þar hafa þúsundir einstaklinga með skerta starfsorku fengið annað tækifæri. Áttunda heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna tekur til þess að vinna skuli vera í boði fyrir fólk af öllum kynjum, á öllum aldri, fatlaða og ófatlaða. „Við segjum stundum að það að panta skrifstofuvörur af Múlalundi sé einfaldasta samfélagsverkefnið. Fyrirtæki eða einstaklingar kaupa vörur sem þarf hvort eð er að kaupa, fá þær sendar daginn eftir og hafa þá látið gott af sér leiða,“ segir Sigurður Viktor Úlfarsson, framkvæmdastjóri Múlalundar, vinnustofu SÍBS.

„Á Múlalundi starfa dugmiklir einstaklingar sem í kjölfar slyss eða heilsubrests hafa þurft að takast á við andlega eða líkamlega fötlun eða veikindi.“

**Vinsæl vefverslun og heimsending um land allt**

Á heimasíðunni mulalundur.is er rekin stór og vinsæl vefverslun. „Þar geta viðskiptavinir valið úr glæsilegu úrvali skrifstofuvara og fleiri vara og bæði verðið og úrvalið kemur ánægjulega á óvart. Einfalt er að versla á netinu og við sendum vörurnar yfirleitt strax daginn eftir,“ upplýsir Sigurður.

Fari pöntun yfir 20.000 krónur er frí heimsending um land allt, en sé pantað fyrir lægri upphæð bætist við lágt sendingargjald.

**Pennar, pappír, dagatöl og áletraðar fundabækur**

Múlalundur selur allar almennar skrifstofuvörur, pappír og ritföng. „Verðið í Múlalundi er vel samkeppnishæft og oftar en ekki erum við ódýrari en aðrir,“ upplýsir Sigurður. Hann segir misskilnings gæta um að Múlalundur selji einungis eigin framleiðsluvörur, svo sem möppur og plastvasa. „Við bjóðum líka upp á pappír, penna, töflutúss, löggiltan skjalapappír og allt mögulegt annað fyrir skrifstofuna. Þá er hægt að fá fjölbreytt úrval penna frá BIC, Milan, Pentel EnerGel og mörgum fleirum. Á síðustu misserum höfum við líka aukið verulega úrvalið af límbandsvörum frá Tesa.“

Fundabækur og minnisbækur nota flest fyrirtæki árið um kring. „Mörg fyrirtæki láta Múlalund gylla eða þrykkja nöfn og fyrirtækjamerki sín á minnisbækur. Með því skapa þau fleiri störf á Múlalundi og tryggja gagnaöryggi sitt. Fari bókin á flakk skilar hún sér frekar til eigandans. Auk þeirrar góðu tilfinningar að skapa atvinnu fyrir fólk með skerta starfsorku eru bækurnar eigulegar og fallegar gjafir til starfsmanna og viðskiptavina,“ nefnir Sigurður.

Múlalundur hefur í áratugi selt stór dagatöl sem eru mikið notuð um allt land á borð eða á veggi í tengslum við sýnilega stjórnun. Nú hafa bæst í úrvalið minni útgáfa, rúmlega A4 á stærð auk dagatals á músarmottu sem gott er að hafa við höndina.

**Röð og regla með Egla**

Egla-bréfabindi og möppur hafa fyrir löngu fest sig í sessi í íslensku atvinnulífi. Egla er íslenskt heiti og sækir uppruna sinn í Egils sögu Skallagrímssonar.

„Hér innanhúss segjum við gjarnan: Röð og regla með Egla,“ segir Sigurður og brosir. „Við seljum líka tímaritabox þar sem kjölurinn litur út eins og Egla mappa og eru hugsuð fyrir skýrslur og gögn sem ekki er hægt að gata. Með þeim er snyrtilegt að horfa yfir hillur skrifstofunnar með allt í stíl.“



Mikill fjöldi einstaklinga með skerta starfsorku hefur fengið tækifæri og blómstrað á á Múlalundi.



Í verslun Múlalundar er glæsilegt úrval af hvers kyns skrifstofuvörum.



Egla-möppurnar hafa fyrir löngu fest sig í sessi í íslensku atvinnulífi.

Algengt er að fyrirtæki geymi gögn í möppum um ákveðinn tíma en færi þau svo yfir í skjalakassa til að endurnýta möppurnar. „Við bjóðum að sjálfsögðu upp á allar þessar lausnir og gott betur, skjalakassa og pappakassa, en Egla og fleiri vörur Múlalundar fást beint frá Múlalundi sem og í öllum helstu ritfangaverslunum,“ segir Sigurður.

**Matseðlar fyrir ferðaþjónustuna**

Það sem færri vita er að í mörg ár hefur Múlalundur framleitt kápur utan um matseðla sem notaðar eru á veitingastöðum víða um land. Þetta eru vandaðar kápur og fallegar og skapa mikla vinnu. „Nú erum við að auka verulega úrvalið þegar kemur að fallegum efnum í matseðlamöppurnar. Margir nýta þær líka mikið víðar en í matseðla, í lyklakippur fyrir hótelherbergi, klemmuspjöld fyrir fararstjóra og margt fleira. Af því varan er framleidd frá grunni á Múlalundi er allt hægt og mjög töff að hafa sama heildarútlit á öllu,“ segir Sigurður.

**Innri markaðssetning vinsæl**

Múlalundur býður upp á barmmerki og hálsbönd fyrir starfsmannaskírteini, fundi og ráðstefnur. Þau eru ýmist framleidd af starfsfólki Múlalundar eða innflutt. „Sífellt fleiri fyrirtæki merkja nú starfsfólk sitt og þá henta barmmerki og hálsbönd vel. Þau fást í fjölmörgum litum og eru búin öryggislæsingu sem opnast sjálfkrafa ef rykkt er í böndin,“ útskýrir Sigurður.

Múlalundur framleiðir einnig vinsælar músarmottur til innri og ytri markaðssetningar hjá fyrirtækjum. „Á motturnar eru þá prentuð skilaboð til starfsmanna tengd verkferlum, gæðastöðlum, sameiginlegum markmiðum eða átaksverkefnum, sem starfsmenn hafa svo við höndina í dagsins önn í orðsins fyllstu merkingu,“ segir Sigurður.

**Plast sem er vottað fyrir hreinleika**



Vinsælustu pennar landsins fást í freistandi úrvali á Múlalundi.

Margar af vörum Múlalundar eru framleiddar úr plasti og leggur Sigurður áherslu á að fólk sé vandlátt þegar kemur að kaupum á plastvörum.

„Mikilvægt er að plastvörurnar uppfylli evrópska staðla um hreinleika, þær séu endingargóðar, sem mest endurunnar og framleiddar sem næst notkunarstað til að lágmarka skaðleg áhrif á umhverfið,“ segir hann.

Plastið sem Múlalundur nýtir í sína framleiðslu uppfyllir öll þessi skilyrði. Það er framleitt í Evrópu og skráð í evrópska gagnagrunna (REACH) sem tryggir gagnsæi innihaldsefna. „Plastið hefur evrópska vottun til notkunar við leikfangagerð (EN-71-3) þar sem er gert ráð fyrir að börn stingi því upp í sig. Það tryggir hreinleika og skaðlaust vinnuumhverfi starfsfólks og viðskiptavina,“ segir Sigurður.

Vörur Múlalundar hafa margsannað sig þegar kemur að góðri endingu. „Plastið sem Múlalundur nýtir er 40 til 60 prósent endurunnið. Hreint, vottað plast, að stórum hluta endurunnið, framleitt stutt frá notkunarstað, notað ár eftir ár og loks skilað aftur í endurvinnslu að notkun lokinni, er góður kostur fyrir umhverfið.“

**Öllum er mikilvægt að vinna**

Múlalundur hefur frá árinu 1959 verið rekinn af SÍBS, með stuðningi Happdrættis SÍBS. Frá því starfsemin hófst hafa þúsundir einstaklinga með skerta starfsorku fengið annað tækifæri og blómstrað á ný.

„Hver einasta króna skiptir Múlalund máli og ávinningurinn er samfélagsins í heild, því saman hjálpum við fleirum sem glíma við skerta starfsorku að komast á vinnumarkað. Starfsemin stendur og fellur með viðskiptavinum okkar og í dag standa mörg fyrirtæki sig vel í að flétta daglega starfsemi saman við samfélagslega ábyrgð. Þá vinna allir.“ ■



Múlalundur framleiðir fjölbreytt og litríkt úrval af barmmerkjum.



Sniðugi Kangaro-heftarinn þarf helmingi minna átak en aðrir.



Frá SAX fást öflugir gatarar og heftarar í mörgum stærðum og litum.



Góðir og gagnlegir minnismiðar í mörgum litum og stærðum.



Hægt er að letra nafn fyrirtækis eða starfsmanns á minnisbækur.



Múlalundur býður upp á fjölbreytt úrval límbandsvara frá Tesa.



Vinsæl borð- og veggdagatöl Múlalundar eru notuð um allt land.

Á Múlalundi, vinnustofu SÍBS er glæsileg verslun við Reykjalund í Mosfellsbæ. Sími 562 8500. Skoðið úrvalið á mulalundur.is



„Hirzlan er með öll þau húsgögn sem þú þarft fyrir skrifstofuna, fundarsalinn, ráðstefnusalinn, skólastofuna og áfram mætti telja,“ segir Halldór Ingi Stefánsson, sölustjóri Hirzlunnar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

> Við trúum því að á þessu ári muni næðisrými ná auknum vinsældum.



Silen Space er 2-4 manna fundarrými.



Silen Space 1 er næðisrými með rafmagnsborði fyrir einn.

# Vönduð skrifstofuhúsgögn í miklu úrvali

**Hirzlan skrifstofuhúsgögn býður upp á öll húsgögn sem þarf fyrir skrifstofuna, fundarsalinn, ráðstefnusalinn og skólastofuna. Lykilvörur eru ávallt tilbúnar til afgreiðslu.**

Hirzlan skrifstofuhúsgögn er ört stækkandi verslun sem selur gæða skrifstofuhúsgögn fyrir heimili og fyrirtæki. Hirzlan leggur mikið upp úr því að eiga lykilvörur tilbúnar til afgreiðslu fljótt og þannig heldur verslunin úti um 1.500 fermetra lager í Reykjavík þar sem rafmagnsborð og skrifborðsstólar bíða nýrra eigenda. „Hirzlan er með öll þau húsgögn sem þú þarft fyrir skrifstofuna, fundarsalinn, ráðstefnusalinn, skólastofuna og áfram mætti telja,“ segir Halldór Ingi Stefánsson, sölustjóri Hirzlunnar.

**Frábær Dondola veltitækni**

Síðustu ár hefur Hirzlan kynnt fyrir fyrirtækjum hina vinsælu skrifborðsstóla sem búa yfir Dondola veltitækni. „360° Dondola veltitæknin, sem þú finnur bara hjá okkur í stólunum frá þýska gæðamerkinu Wagner, getur verið lykilþáttur í bættri bakheilsu,“ segir Halldór. „Það er tíu ára ábyrgð á þeim og sérfræðingar á borð við sjúkraþjálfara og kírópraktora hafa mælt með þessum stólum, þar sem seta og bak hreyfast með líkama notandans.“

**Gæði rafmagnsborða aukist**

Svo eru það rafmagnsborðin en Hirzlan er orðin leiðandi í sölu rafmagnsborða á sanngjörnu verði að sögn Halldórs. „Síðustu árin hafa gæði rafmagnsborða aukist til muna og verðið lækkað. Við reynum alltaf að eiga margar lausnir á lager og fyrir vikið er biðtími eftir rafmagnsborði oftast enginn. Í dag ætlar Hirzlan að þjófstarta tilboði sínu á Dondola skrifborðsstólum og H2 rafmagnsborðum sem á að gilda út mars.“

**Ýmsar nýjungar í vændum**

Síðastliðið ár hefur Hirzlan stóraukið vöruval sitt, að sögn Halldórs. Þar fást nú meðal annars hinir vinsælu UNI stólar sem Willamia seldi áður fyrr. „Þetta eru virkilega flottir stólar sem sóma sér vel jafnt heima sem á vinnustaðnum.“

Hirzlan hyggst bjóða fleiri nýjungar á þessu ári og hefur þegar tekið inn vinsæla skrifborðsstólinn Enjoy. „Við trúum því að á þessu ári muni næðisrými ná auknum vinsældum og hefur Hirzlan nú þegar selt fjölda næðisrýma frá framleiðandanum Silen. Um er að ræða eina af bestu lausnum á þessum markaði og hefur öll tilskilin vottorð um allt að A-vottun í hljóðvist samkvæmt ströngustu kröfum,“ segir Halldór „Framleiðandi okkar býður upp á ýmsar lausnir, til dæmis með innbyggðum rafmagnsborðum auk þess sem birtu- og loftræstikerfi geta verið stillt af notandanum sjálfum.“

Sýningarsalur Hirzlunnar er í Síðumúla 37. Þar er opið mánudaga-fimmtudaga frá kl. 9 til 18, föstudaga frá kl. 9 til 17 og alla laugardaga frá kl. 12 til 16. ■

Nánar á hirzlan.is.



Enjoy Classic NEW er nýr stóll hjá Hirzlunni.





Alls kyns húsgögn eru í boði hjá Hirzlunni.

# Marstilboð

## 30% afsláttur

af **Dondola** skrifborðsstólum

ÞÝSK HÖNNUN · EINSTÖK GÆÐI

**wagner**

EINU STÓLARNIR MEÐ Dondola 360° VELTITÆKNI





### Ergo Medic

VERÐ NÚ
**159.900 kr.**

LISTAVERÐ ÁÐUR
**229.900**

### W1

VERÐ NÚ
**139.900 kr.**

LISTAVERÐ ÁÐUR
**199.900 kr.**

FAGAÐILAR MÆLA MEÐ WAGNER

Elís Þór Rafnsson
sjúkraþjálfari

KIRO PRAKTOR STOFA ÍSLANDS




## **H2** rafmagnsborð

### 30% afsláttur

Margar stærðir
og margir litir í boði

TILBOÐSVERÐ FRÁ
**83.900 kr.**

www.hirzlan.is

# Hirzlan

SKRIFSTOFUHÚSGÖGN

RAMMASAMNINGUR VIÐ **RÍKISKAUP**

**Verslun opin**
mán-fim 09:00-18:00,
föstudaga 09:00-17:00,
laugardaga 12:00-16:00.

**Lager opinn**
mán-fim 13:00-17:00
og föstudaga 13:00-16:00.

**Síðumúla 37**
**Sími: 564-5040**
**hirzlan@hirzlan.is**

# Góð ráð fyrir hönnun á skrifstofum

Oddur Freyr Þorsteinsson
oddurfreyr @frettabladid.is

**Það er að ýmsu að huga þegar verið er að setja upp skrifstofu til að tryggja starfsfólki góðar vinnuaðstæður og hámarka afköst þeirra. Hér eru nokkur góð ráð til að hafa í huga við hönnun á skrifstofum.**

Nýlegar rannsóknir gefa til kynna að hönnun skrifstofunnar hafi gríðarleg áhrif á hve miklu starfsfólk kemur í verk. Hér eru nokkrar leiðir til að hanna skrifstofu sem hámarkar afköst starfsmanna.

**Fjölbreytni í stað þess að opna**

Opin skrifstofurými hafa ekki reynst vel. Þau hafa verið tengd við minni ánægju og afköst starfsmanna, meiri streitu og langþreytu og meiri fjarveru frá vinnu, meðal annars vegna fleiri veikindadaga. Fyrir vikið eru mörg fyrirtæki farin að nýta frekar fjölbreytileika til að auka afköst.

Ron Friedman, sem er sérfræðingur í stefnumótun á vinnustöðum, mælir með því að bera kennsl á þær tegundir verkefna sem starfsfólk sinnir og hanna svo svæði fyrir þessi verkefni. Hann mælir til dæmis með því að hafa persónulegt svæði sem starfsfólk getur aðlagað þörfum sínum, félagsleg svæði fyrir samvinnu og tengslamyndun og „hugsunarherbergi“ fyrir einstaklinga sem þurfa frið og ró til að sinna vinnu sinni.

**Slæm lýsing veldur álagi á augun, höfuðverkjum, langþreytu, streitu og skapar ýmis önnur líkamleg og andleg vandamál.**

**Bætið lýsinguna**

Ef fólk sér ekki vel til getur það ekki unnið vel. Slæm lýsing veldur álagi á augun, höfuðverkjum, langþreytu, streitu og skapar ýmis önnur líkamleg og andleg vandamál. Eitt það auðveldasta sem er hægt að gera til að auka afköst er að bæta lýsinguna á skrifstofunni.

Það er best ef það er hægt að bjóða upp á náttúrulega lýsingu. Hún gleður fólk og rannsókn sem birtist í ritrýnda læknatímaritinu Journal of Clinical Sleep Medicine komst að þeirri niðurstöðu að starfsfólk sem situr nálægt glugga sefur betur en fólk sem gerir það ekki, en góður nætursvefn er auðvitað nauðsynlegur til að skila góðu dagsverki. Ef það er ekki hægt að láta fólk sitja við glugga þarf að setja upp óbeina lýsingu sem er björt en veldur ekki álagi á augun. Það er gott að kynna sér ólíkar útfærslur á lýsingu áður en hún er ákveðin.

**Hækkið þakið**

Ef það er verið að hanna nýja skrifstofu eða gera upp gamla skrifstofu gæti verið gott að hækka til lofts. Rannsóknir sýna að fólk vill helst hafa loftið í meira en þriggja metra hæð og meiri lofthæð hefur verið tengd við frjálsari hugsun. Það eru fá fyrirtæki sem hafa ekki gott af því að auka frelsi og sköpun í hugsun starfsmanna sinna.

**Setjið liti á veggina**

Litir hafa mikil áhrif á tilfinningar og afköst og hvítur er einna verstur þegar kemur að því að auka kraftinn í starfsfólki. Á sama hátt og það er gott að búa til fjölbreytt vinnurými fyrir ólík verkefni er gott að búa til fjölbreytni í litum fyrir ólík verkefni. Rannsóknir tengja grænan lit við sköpun og bláan við framleiðni. Rauður virðist vera góður þegar kemur að nákvæmnisvinnu en getur líka hamlað greinandi hugsun og enginn vill hafa gula veggi. Það borgar sig því að kynna sér sálfræði litanna vel áður en litirnir fyrir skrifstofuna eru valdir.



Vel hannað skrifstofurými sem starfsfólki líður vel í getur aukið afköst þess verulega. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

**Hemjið lætin**

Hávaði er langalgengasta umkvörtunarefnið á skrifstofum, sérstaklega þegar um opin rými er að ræða. Rannsóknir hafa tengt hávaða við minni afköst, meiri veikindi, meiri streitu, minni ánægju í starfi, verri starfsanda og önnur neikvæð áhrif.

Það eru ýmsar leiðir til að draga úr hávaða og glymjanda sem er hægt að kynna sér, en ef það er erfitt að nýta slíkar lausnir er um að gera að bjóða upp á heyrnartól með umhverfishávaðaeyðingu.

**Hávaði er langalgengasta umkvörtunarefnið á skrifstofum, sérstaklega þegar um opin rými er að ræða.**

**Góð móttaka**

Annað sem vantar oft á skrifstofur er einhvers konar móttökuritari sem tekur á móti heimsóknum og sendingum. Oft lenda slíkir hlutir á starfsmönnum sem hafa nóg annað að gera og það minnkar afköst þeirra. Þetta veldur því líka að gestir ráfa stundum inn á skrifstofur án þess að vita hvernig þeir eiga að finna þann eða það sem þeir eru að leita að og trufla svo starfsfólk til að fá aðstoð. ■



Vantar þig aðstoð við uppgjörið?

Við þjónustum rekstraraðila með bókhald, laun, ársreikninga og framtalsskil.

Láttu okkur sjá um bókhald þitt á einfaldan og öruggan hátt meðan þú sinnir rekstrinum og hefur góða yfirsýn yfir stöðuna.

PwC | Sími 550 5300 | www.pwc.is
Reykjavík | Akureyri | Húsavík | Hvolsvöllur | Vestmannaeyjar | Selfoss | Reykjanesbær

pwc



2022
Öskudagur
RIO
63168
Sproti með ljósi og hljóði
Rafhlöður fylgja með sprotanum.
2.499
42491/92
Drottningarkjóll
Kóróna fylgir.
Stærð. 120 og 140 cm
42502
Lítill ævintýrakjóll
Hárband fylgir með kjólnum.
Stærð. 104 cm.
42612
Lítil ninja
Peysa, buxur, belti og hetta fylgja.
42460/61/62/63
Rauð Ninja
Peysa, buxur, hetta og gríma fylgja.
Stærð. 120, 140 og 160 cm
4-Girlz
FRJÁLST VAL
ALLIR BÚNINGAR Á SÍÐUNNI
3.999
FRÁBÆRT VERÐ
42373
Konungskóróna
699
499
42374
Prinsessukóróna
Verðin gilda til og með 2. mars 2022, eða svo lengi sem birgðir endast.
KiDS COOLSHOP
Smáratorg: 550-0800
Mán - Fös 10-19
Lau 10-18
Sun 12-18
Glerártorg: 461-4500
Mán - Fös 10-18
Lau 10-17
Sun 13-17

# Smáauglýsingar

550 5055
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

## Bílar & Farartæki

SPARIBÍLL



Hyundai I40 10/2012 ekinn aðeins 122 þús. km. Mjög heill rúmgóður station bíll. Álfelgur. LED ljós. Ofl. Þessi litur út fyrir að kosta meira en aðeins 1.290.000,-

**Sparibíll ehf**
**Hátún 6A, 105 Reykjavík**
**Sími: 577 3344**
**www.sparibill.is**

## Þjónusta

### Spádómar

**SPÁSÍMINN 908 5666**
Stjörnuspá. Tarot. Árspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

### Hreingerningar

Hreingerningaþjónusta Þvegillinn 5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn. is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

### Málarar

**REGNBOGALITIR EHF**
Getum bætt við okkur verkefnum innanhúss. Löggiltur málarameistari. Löggiltir málarar. Vönduð vinna, vanir menn. www.regnbogalitir.is malarar@simnet.is. Sími 8919890

### Húsaviðhald

RÚNAR MÚRARI EHF
S 774-3800
HÚSAVIÐGERÐIR
MÚRVIÐGERÐIR
STEYPUVIÐGERÐIR
ENDURHRAUNA
TRÖPPUVIÐGERÐIR
MÁLNINGARVINNA
ÞAKMÁLUN
FLÍSALAGNIR
o.m.fl.
40 ára reynsla í utanhússviðhaldi
Tilboð þér að kostnaðarlausu
https://runarmurari.is/
runarmurari@gmail.com
VSK 135577

**FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK**
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

### Rafvirkjun

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**
Töfluskipti, myndsímar. Hagstæð verð. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Dyrasímakerfi 777 4944 Rafeindameistarinn. Viðgerðir og Endurnýjun

### Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is

SAFT

## Húsnæði

### Atvinnuhúsnæði

Skrifstofuherbergi-vinnuherbergi til leigu. ca. 10 fm, í Skútuvogi. Uppl. í s. 864 1219.

### Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

## Keypt & Selt

### Til sölu

Mobility.is
Hjól og hjálpartæki, sala og leiga

mýranaut

Gæða ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204

Gítarinn ehf.
Stórhöfði 27
Sími 552 2125
www.gitarinn.is



Kassagítarar á tilboði
Gítarar og hljómborð
í miklu úrvali
Verð við allra hæfi

### Óskast keypt

Kaupi gamla mynt, ísl. & erlenda brons, silfur og gullpeninga. Peningaseðla frímerki póstkort. Verðmet heil söfn. S. 615 2715.

## Heilsa

### Heilsuvörur




GEFÐU HÆNU
gjofsemgefur.is
907 2003
Hjálparstarf kirkjunnar







ÍSHÚSIÐ - LOFTRÆSTIBÚÐIN Á SMIÐJUVEGI 4A, GRÆN GATA
íshúsið
S:566 6000 • Smiðjuvegur 4a, græn gata, 200 Kópavogur
viftur.is

# Möguleg lausn á mönnunarvanda leikskóla



**Kristín Thoroddsen**
bæjarfulltrúi og formaður fræðsluráðs Hafnarfjarðar

Leikskólinn er ekki aðeins mikilvægur þegar kemur að menntun og þroska barna okkar heldur er hann einnig undirstaða atvinnulífsins. Við höfum sannarlega lært það á undanförnum árum hversu mikilvægur hann er og starfsfólk leikskóla flokkað sem framlínustarfsfólk. Mannekla vegna veikinda, sóttkvíar og álags leggst þungt á þá sem standa vaktina hverju sinni og loka hefur þurft deildum um allt land. Ekki aðeins hefur Covid sett mark sitt á mönnunarvanda leikskóla heldur hafa reglugerðarbreytingar líkt og eitt leyfisbréf, þar sem leikskólakennurum er heimilt að nýta leyfisbréf sitt í grunn- og framhaldsskólum, gert það að verkum að leikskólinn keppir við grunnskólastigið um hæfa kennara. Þá hefur lengd háskólanáms úr þremur árum í fimm haft sitt að segja, brautskráningum úr leikskólakennaranámi hefur fækkað á sama tíma og börnum hefur fjölgað. Í ofanálag hefur stytting vinnuvikunnar og breyting á undirbúningstímum kallað á fleiri starfsmenn sem einfaldlega liggja ekki á lausu. Mönnunarvandinn er ekki bundinn við eitt sveitarfélag og fæst þeirra hafa náð að uppfylla lög um leikskóla þar sem segir að 2/3 starfsmanna séu kennaramenntaðir í hverjum leikskóla. Við þetta bætist síðan ákall samfélagsins um að börn innritist yngri inn í leikskólana en slíkt kallar á fleiri starfsmenn og ætla má miðað við fjölgun barna að ráða þurfi milli tvö til þrjú hundruð starfsmenn til viðbótar, það er ef sveitarfélög ætla að svara kalli ríkisins um að brúa bilið milli fæðingarorlofs og leikskóla. Sveitarfélög hafa þurft að bíða með innritun, ekki vegna skorts á plássum eða fjármagni, heldur skorts á kennurum. Vandinn er því margþættur sem ljóst er að leysa þarf í sátt við starfsfólk, félags leikskólakennara, sveitarfélögin og ríkisvaldið.

> Sveitarfélög hafa þurft að bíða með innritun, ekki vegna skorts á plássum eða fjármagni, heldur skorts á kennurum.

**Þjónusta eða menntun?**
Leikskólinn er fyrsta stig skólakerfisins eins og segir í aðalnámskrá leikskóla, þar sem efla á alhliða þroska og menntun allra barna. Í mínum huga leikur enginn vafi á því að í leikskólum er veitt menntun og að hún sé sniðin að þörfum hvers barns. Enginn vafi leikur heldur á því að grunnskólinn er menntastofnun. En grunnskólinn gerir meira en það, hann sér til þess að ung börn hafi aðgang að frístund eftir að menntun barnanna líkur á degi hverjum, í jóla- og páskafríum og á sumrin er frístund grunnskólans opin fyrir ung börn. Það má því segja að grunnskólinn sé bæði mennta- og þjónustustofnun. En af hverju erum við alltaf að reyna að skilgreina leikskólann í aðra hvora áttina? Í mínum huga er leikskólinn bæði, hann menntar börnin okkar og þjónustar um leið þá foreldra sem þurfa, líkt og grunnskólinn.

**Færum leikskóla nær grunnskóla**
Ljóst að leikskólinn er mikilvægur hlekkur þegar kemur að því að halda samfélaginu gangandi, án hans hefðu margir ekki möguleika á að sinna vinnu sinni og án hans væru börnin okkar ekki eins vel búin undir næsta skólastig. Í dag vantar um 1.800 leikskólakennara til að leikskólar landsins séu mannaðir með 2/3 kennurum og án ófaglærðra starfsmanna væri fjöldi leikskóla á landinu lokaður. En hefur skipulag leikskólanna fengið að þróast í takt við samfélagið á sama hátt og grunnskólinn? Ljóst hefur verið til nokkurra ára að núverandi kerfi gengur ekki upp, hvorki mönnunarlega séð né rekstrarlega fyrir sveitarfélögin. Því kalla ég á lausnir. Ein lausn gæti verið sú að færa leikskólann nær skipulagi grunnskólanna þar sem horft er til 6 tíma skólastarfs á dag í 9 mánuði á ári, en ekki í 11 mánuði á ári, 9 tíma á dag eins og krafa er nú um, sú krafa er óraunhæf og alls ekki í takt við þróun samfélagsins og kröfu kennara eða foreldra. En ef slík breyting á að eiga sér stað þarf að endurskoða þá þætti sem snúa að skipulagi og aðalnámskrá leikskólanna þar sem blandað er saman námi og frístund.

Líklegt er að sú kerfisbreyting myndi auka á starfsánægju kennara, stytting vinnuvikunnar gengi upp, möguleikar væru á auknum sveigjanleika og leikskólakennurum myndu fjölga. Þannig myndum við færa leikskólann nær grunnskólanum og inn í nútímasamfélag þar sem samfella er milli allra skólastiga þegar kemur að starfsmönnum og menntun barna okkar. Þannig náum við að innrita yngri börn og skapa meiri sátt meðal starfsmanna óháð skólastiga og afstýra mönnunarvanda leikskólanna. ■

# Ábyrgð okkar allra



**Kristín Ingólfsdóttir**
prófessor emerita í lyfjafræði

Ópíóíðar hafa verið mannkyni í senn blessun og bölvun. Mótsögnin felst í því að þessi efni geta veitt líkn við óbærilegum verkjum af völdum sjúkdóma eða slysa en hins vegar fært botnlausa þjáningu þegar fíknisjúkdómar eiga í hlut. Okkur Íslendingum líkt og öðrum þjóðum stendur ógn af vaxandi misnotkun ópíóíða og mikilvægt að við látum okkur öll þetta varða og grípum til allra mögulegra ráða til að snúa þessari þróun við. Afleiðingar fíknisjúkdóma eru nefnilega ekki bundnar einstaklingum og fjölskyldum heldur teygja sig til samfélagsins alls sem ber kostnað af meðferð og missir af dýrmætum hæfileikum og getu fíknisjúklinga til atvinnuþátttöku og eðlilegs lífs. Ótti þeirra við skelfileg fráhvörf getur leitt til aukinna afbrota og ofbeldis og það ógnar öryggiskennd allra.

Ópíóíðar eiga uppruna að rekja til ópíum, kvoðu sem unnin er úr valmúaplöntu og þekkt í árþúsund sem vímugjafi. Morfín var fyrsta efnið sem einangrað var úr ópíum á hreinu formi. Þetta gerði kleift að nota það sem lyf gegn bráðum verkjum eftir skurðaðgerðir eða slys og gegn langvinnum verkjum af ýmsum toga. Það kom þó í ljós að þrátt fyrir öfluga verkjastillandi virkni voru á morfíni skuggahliðar.

**Leitin að fullkomnu verkjalyfi**
Vísindamenn hafa lengi reynt að hanna hið fullkomna verkjalyf, þ.e.a.s. lyf sem hefði jafn öfluga verkjastillandi eiginleika og morfín en væri ekki ávanabindandi. Þannig hafa lyf eins og oxykódón, fentanýl, búprenorfín, tramadól og ketóbemidón verið þróuð með umbreytingu morfíns og annarra náttúrulegra ópíóíða eða með efnasmíðum frá grunni. Öll eru þessi sterku verkjalyf kölluð ópíóíðar vegna skyldleika við morfín og gefin ýmist sem töflur, lyfjaplástrar, tungurótartöflur, stílar eða stungulyf. Þótt miklar vonir hafi verið bundnar við að lyfin



hefðu eingöngu hin jákvæðu áhrif morfíns hefur það ekki gengið eftir. Vert er að minna á að kódín sem er innihaldsefni í lyfjunum Parkódín og Parkódín Forte er ópíóíð, enda unnið úr ópíum. Kódín hefur mun vægari verkjastillandi verkun en morfín en getur verið ávanabindandi eigi að síður.

Af hverju eru efni sem geta valdið ávana og fíkn notuð sem lyf? Svarið er einfalt – við eigum ekki kost á öðrum lyfjum með jafn öfluga verkjastillandi verkun. Ópíóíðar eru því skráð sem lyfseðilsskyld lyf gegn verkjum sem erfitt er að meðhöndla með öðrum hætti. Með réttri notkun geta ópíóíða-lyf verið ómetanleg til að lina óbærilegar kvalir og auka lífsgæði. Sjúklingar þurfa hins vegar að vera vel upplýstir um verkun og mögulegar aukaverkanir og vera undir reglubundnu eftirliti.

**Ópíóíðafaraldur**
Ópíóíðafaraldur hefur geisað í Bandaríkjunum vegna ofneyslu á heróíni, oxykódón (OxyContin töflum), fentanýl o.fl. ópíóíðum. Það tók heilbrigðisyfirvöld langan tíma að skilja og viðurkenna alvarleika faraldursins og fjölda dauðsfalla sem rekja mátti til ofneyslunnar. Hér á landi hefur misnotkun ópíóíða færst í vöxt undanfarin ár þrátt fyrir að ávísunum lækna á lyf úr þessum flokki hafi fækkað. Framboðið fæst með ólöglegum innflutningi og með sölu á ópíóíðum sem fengnir hafa verið gegn lyfseðli. Ofneysla ætti ekki að vera jafn falinn vandi hér á landi eins og var í Bandaríkjunum, m.a. vegna opinnar umfjöllunar, en þessi vandi er til staðar og mikilvægt að hann falli ekki í skuggann af öðrum brýnum viðfangsefnum samtímans.

> Okkur Íslendingum líkt og öðrum þjóðum stendur ógn af vaxandi misnotkun ópíóíða.

**Samfélagsleg ábyrgð**
Hvað getur almenningur gert? Í fyrsta lagi þurfum við öll að leggja okkur fram við að skilja betur eðli fíknisjúkdóma og um leið vinna bug á fordómum og draga þannig úr skömm sem gjarnan fylgir þessum vágesti. Í öðru lagi ættum við að taka aukna ábyrgð á eigin lyfjatöku og lyfjatöku nákominna sem þurfa á ópíóíðum að halda heilsu sinnar vegna. Við þurfum að tryggja að allir hafi fengið áreiðanlega upplýsingagjöf áður en lyfjataka hefst. Samfélagið þarf að sporna gegn því að ópíóíðar sem fengnir eru samkvæmt lyfseðli séu misnotaðir eða seldir óviðkomandi. Við þurfum að tryggja að lyfin liggi hvorki á glámbekk né safnist fyrir í lyfjaskápnum að meðferð lokinni. Apótekin taka við lyfjum til förgunar. Í þriðja lagi getum við lagst á eitt til að tryggja að ungmenni sem standa okkur nærri fái forvarnarfræðslu og meðtaki hana örugglega.

Að lokum – styðjum við bakið á þeim sem vinna ötullega að forvörnum, meðferð og endurhæfingu þeirra sem þjást af fíknisjúkdómum. Það er hagur okkar allra. ■

# Vandi sem sigrast má á



**Sóley Dröfn Davíðsdóttir**
sálfræðingur

Ælufælni er lítt þekkt kvíðaröskun sem hrjáir á bilinu 1-5% fólks, í flestum tilfellum konur, og samsvarar allt að 13.000 Íslendingum. Fæstum er vel við það að kasta upp en þeir sem glíma við ælufælni óttast uppköst að því marki að það litar líf þeirra verulega. Vandinn heyrir til afmarkaðrar fælni en er oftast meira hamlandi, auk þess sem margir í þessum hópi hafa fengið kvíðaköst þar sem einkenni frá meltingarvegi hafa verið áberandi.

**Hvernig lýsir ælufælni sér?**
Þeir sem haldnir eru ælufælni verða ofurmeðvitaðir um ónot frá maga og finna oft töluvert fyrir ógleði frá degi til dags. Fólk hefur af þessu stöðugar áhyggjur og reynir eftir fremsta megni að draga úr eða fyrirbyggja ógleði og möguleg uppköst, til dæmis með því að forðast almenningssamgöngur, ferðalög, almenningssalerni og stífar líkamsæfingar, veikt eða drukkið fólk, framandi mat og sum matvæli, svo sem kjúkling og skelfisk. Margir leita hughreystingar annarra, fylgjast vel með því hvort matvæli séu útrunnin og sótthreinsa hendur og yfirborðsfleti óhóflega.

Þess eru dæmi að konur fresti barneignum eða fara í fóstureyðingu af ótta við ógleðina sem meðgöngunni fylgir. Þá geta foreldrar með ælufælni átt erfitt með að annast börnin sín þegar þau verða veik. Ælufælni getur komið niður á heilsunni því sumir nærast illa, forðast töku lyfja þar sem ógleði er skráð aukaverkun og sniðganga læknisheimsóknir, aðgerðir og spítala.

**Hvað er til ráða?**
Það má ná tökum á ælufælni og hafa nokkrar rannsóknir verið gerðar á árangri hugrænnar atferlismeðferðar sem lofa góðu. Við Kvíðameðferðarstöðina (KMS) hefur afbrigði af hugrænni atferlismeðferð, svonefnd bergensk fjögurra daga meðferð, verið aðlöguð að ælufælni. Meðferðin hefur gefið góða raun við þráhyggju- og áráttu, sem svipar að mörgu leyti til ælufælni.

Á næstunni mun verða boðið upp á meðferðina við KMS sem hluta af rannsóknum stöðvarinnar á ælufælni og meðhöndlun hennar. Mikilvægt er bæta þekkingu og meðhöndlun þessa hamlandi vanda. ■

> Þeir sem haldnir eru ælufælni verða ofurmeðvitaðir um ónot frá maga og finna oft töluvert fyrir ógleði frá degi til dags.

**186**
milljónum munaði á kostnaði A-landsliða karla og kvenna.

**187**
störf mannaði skrifstofa KSÍ eina helgina í ágúst.

**86**
milljónir verða tekjur KSÍ af landsleikjum og er gert ráð fyrir 40% sætanýtingu á heimaleiki A-landsliðs karla. Þessar tekjur voru 190 milljónir 2019.

**80%**
tekna KSÍ eru í erlendri mynt.

**34**
störf mannaði skrifstofa KSÍ aðra helgi í ágúst.

**67**
milljónum munaði á kostnaði við laun og verktakagreiðslur hjá A-landsliði karla og kvenna. Hjá körlunum var kostnaðurinn 124 milljónir en 57 hjá konunum.

**25**
milljóna króna tap varð á rekstri KSÍ.

**16**
milljónir fór skrifstofu- og stjórnunarkostnaður fram yfir áætlun sem skýrist af kostnaði við aðkeypta sérfræðiþjónustu eins og almannatengsl, lögfræðiráðgjöf sem og aukaþing.

**1**
milljón námu sektir vegna refsistiga og brottvísana þjálfara og starfsmanna liða árið 2021.

**18,6**
milljónum króna námu laun og launauppgjör við fyrrverandi formann.




Það er margt sem þarf að laga í Laugardal miðað við ársskýrsluna. Völlurinn er á undanþágu, fækkun er á iðkendum á landsbyggðinni og hallarekstur upp á tugi milljóna. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



Hrafnslaupur á Laugardalsvelli. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## UEFA er farið að krefja KSÍ um svör

hordur@frettabladid.is

**KNATTSPYRNA** Ljóst er að framkvæmda er þörf á Laugardalsvelli ef ekki á að koma til þess að íslensku landsliðin þurfi að leika leiki sína á erlendri grundu. Völlurinn er barn síns tíma og er UEFA farið að krefja knattspyrnusambandið um svör. Þetta kemur fram í ársskýrslunni.

„Aðstaðan er með öllu óboðleg. UEFA hefur krafist svara um framkvæmdir og ljóst að aðgerða er þörf,“ skrifar Vanda Sigurgeirsdóttir, formaður sambandsins, í ávarpi sínu um völlinn.

Framkvæmdir hafa lengi verið á teikniborðinu en lítið hefur þokast síðustu ár. „Við þurfum völl sem uppfyllir kröfur um alþjóðaknattspyrnu, sem ýtir undir árangur en hamlar honum ekki. Glæsilegir knattspyrnuvellir spretta upp víða um Evrópu og ekki skortir á hugmyndir um uppbyggingu vallar hér á landi. Stjórnvöld þurfa því að bretta upp ermar og láta verkin tala,“ skrifar Vanda. ■

# Hallarekstur í Laugardal

Knattspyrnusamband Íslands hefur opinberað ársreikning sinn ásamt greinargerðum fyrir árið 2021 en sambandið tapaði 25 milljónum króna á árinu. Ársþing KSÍ fer fram um næstu helgi þar sem kosið verður í stjórn og um formann.

benediktboas@frettabladid.is

**KNATTSPYRNA** Knattspyrnusamband Ísland var rekið með tapi upp á tæpar 25 milljónir króna á síðasta ári og segir Vanda Sigurgeirsdóttir, formaður KSÍ, í ársskýrslunni að tapið eigi sér eðlilegar skýringar, meðal annars vegna þeirra aðgerða sem gripið var til í kjölfar ástandsins sem skapaðist í ágúst og september. Til að sporna við enn frekara tapi var hagrætt á ýmsum sviðum.

Rekstrartekjur sambandsins voru fjórum prósentum lægri en áætlanir gerðu ráð fyrir og þá voru tekjur af landsleikjum 37 milljónum undir áætlun. Rekstrargjöld voru hins vegar 14 milljónum undir áætlun

Hneykslismál sem skóku sambandið og ákveðna leikmenn landsliðsins höfðu mikil áhrif á skrifstofu- og stjórnunarkostnað KSÍ sem fór 16 milljónir fram yfir áætlun sem skýrist af kostnaði við aðkeypta sérfræðiþjónustu og aukaþing KSÍ. Þessi aðkeypta þjónusta er meðal annars kostnaður vegna almannatengla og lögfræðiráðgjöf.

Á fundi stjórnar KSÍ þann 29. ágúst 2021 ákvað þáverandi formaður, Guðni Bergsson, að segja af sér og lét hann þegar af störfum. Á fundi stjórnar KSÍ þann 30. ágúst 2021 ákváðu þáverandi stjórn og varamenn í stjórn að segja af sér.

Vanda fékk Guðna til að birta stutta kveðju í ársskýrslunni þar sem hann þakkar fyrir sig og segir að auðvitað hefði hann óskað að endirinn hefði verið ánægjulegri.

KSÍ gerir þó ráð fyrir því að komast réttum megin við núllið á árinu og að hagnaður sambandsins verði um 21 milljón króna. Gert er ráð fyrir að heildartekjur KSÍ á árinu verði um 1,6 milljarðar og hækki um 30 milljónir milli ára. Reiknað er með að heildargjöld ársins 2022 verði um 1,5 milljarðar. Eftir framlög til aðildarfélaga verður því hagnaðurinn 21 milljón. ■

» Þó að iðkendum innan KSÍ hafi fjölgað eru sum félög að glíma við fækkun, ekki síst félög á landsbyggðinni. Eitt helsta markmið KSÍ er að fjölga iðkendum.

” Atburðir haustsins hafa varla farið fram hjá neinum. Ljóst er að hlutir fóru aflaga og verklag var ekki í lagi. Mér finnst mikilvægt að við stöndum við yfirlýsingar okkar og sýnum að okkur sé full alvara með að ætla að hlusta á þolendur, vinna gegn ofbeldi og taka á því af festu og fagmennsku.



Vanda Sigurgeirsdóttir, formaður KSÍ

## Launin hjá þeim sem stjórna KSÍ

hordur@frettabladid.is

**KNATTSPYRNA** Guðni Bergsson, fyrrverandi formaður KSÍ, fékk 18,6 milljónir greiddar frá Knattspyrnusambandi Íslands á síðasta ári. Um er að ræða laun og launauppgjör til Guðna. Þetta kemur fram í nýjum ársreikningi KSÍ sem opinberaður var um helgina. Guðni sagði starfi sínu lausu í lok ágúst á síðasta ári og við starfi hans tók Vanda Sigurgeirsdóttir í október. Vanda fékk 4,4 milljónir í greiðslur frá KSÍ á síðasta ári en hún sækist eftir endurkjöri á ársþingi sambandsins um komandi helgi.



Guðni Bergsson, fyrrverandi formaður KSÍ

Í ársreikningum kemur fram að Klara Bjartmarz, framkvæmdastjóri KSÍ, hafi fengið 16,2 milljónir í laun eða um 1,3 milljónir á mánuði.

Laun og verktakagreiðslur við A-landslið karla voru 124 milljónir króna á árinu og hækkuðu um 22 milljónir á milli ára. Laun og verktakagreiðslur vegna A-landsliðs kvenna voru 57 milljónir og hækkuðu um fimm milljónir á milli ára. ■


Nýtt heyrnartæki frá Beltone
Beltone **Imagine**™
Því barnabörnin hafa frá svo mörgu að segja
Hágæða heyrnartækin frá Beltone **Imagine**™ geta valdið straumhvörfum í lífi þínu og þinna. Njóttu þess að heyra betur með nýrri kynslóð heyrnartækja sem skilar einstökum hljómgæðum og tengist beint við snjallsímann þinn eða önnur snjalltæki. Þú tengist fólkinu þínu betur þegar þú leggur við hlustir með Beltone **Imagine**™. Komdu í ókeypis heyrnarmælingu og fáðu heyrnartæki lánuð til reynslu.
Kringlunni • sími 568 7777 • heyra.is
HEYRNARSTÖÐIN



Ástkær eiginmaður minn,
faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**Ólafur Aðalsteinn Gíslason**
Ásbúð 74, Garðabæ,

lést á Landspítalanum
fimmtudaginn 17. febrúar.
Útförin fer fram frá Vídalínskirkju
mánudaginn 28. febrúar klukkan 15.

Hægt verður að nálgast streymi á www.mbl.is/andlat.

**Gíslína Henný Einarsdóttir**
**Jónína Helga Ólafsdóttir — Guðbjörn Gylfason**
**Sigurborg Anna Ólafsdóttir — Andri Þór Gestsson**
**Sædís Ólafsdóttir — Gunnar Örn Svavarsson**
**og barnabörn.**



Ástkær eiginmaður, faðir,
tengdafaðir og afi,

**Ólafur Leópoldsson**
Yrsufelli 26,

lést fimmtudaginn 10. febrúar á
Landspítalanum á Vífilsstöðum.
Jarðarför fór fram fimmtudaginn 17. febrúar
í kyrrþey að ósk hins látna.

**Ólöf Jóna Ingimundardóttir**
**Ingimundur Ólafsson**
**Ágúst Leó Ólafsson — Margrét Lára Eðvarðsdóttir**
**Egill Ólafsson — Brynhildur Þórsdóttir**
**Anna María Ólafsdóttir**
**og barnabörn.**



Okkar ástkæra móðir og amma,

**Minni Kalsæg Gunnarsson**
Dvergabakka 8, Reykjavík,

lést á hjúkrunarheimilinu Eir í
Grafarvogi föstudaginn 11. febrúar.

Útförin fer fram frá Bústaðakirkju
föstudaginn 25. febrúar klukkan 13. Allir
velkomnir. Athöfninni verður streymt á skjaskot.is/minni.
Hlekk á streymi má einnig nálgast á mbl.is/andlat.

**Kari Ólafsdóttir — Snorri Ólafsson**
**Sara Hilmarsdóttir — Jonatan Olafsson**
**Sebastian Olafsson**
**Alexander Torarinn Olafsson**

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
www.utforin.is • AUÐBREKKA 1, KÓPAVOGI
Sólarhringsvakt: 581 3300 & 896 8242
Komum heim til aðstandenda og
ræðum skipulag útfarar sé þess óskað





Jóhanna Eiríksdóttir — Sverrir Einarsson — Jón G. Bjarnason
Alúð • Virðing • Traust • Reynsla
ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242



Útfararþjónusta
í yfir 70 ár
Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is
VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN

**Þetta gerðist:** 22. febrúar 1997

# Heimurinn kynnist sauðkindinni Dollý

Þann 22. febrúar 1997 tilkynntu genasérfræðingar við Roslin-stofnunina í Skotlandi að þeim hefði tekist að klóna sauðkind sem þeir kölluðu Dollý. Þetta var í fyrsta skipti sem spendýr hafði verið klónað úr frumu fullorðins dýrs en fram til þessa hafði það aðeins verið gert úr stofnfrumum.

Þegar fréttir af Dollý bárust heiminum var hún þegar orðin tæplega eins árs gömul. Hún fæddist þann 5. júlí 1996 og átti í raun þrjár mæður, eina frá hverri eggið var tekið, aðra sem átti erfðaefnið og þá þriðju sem gekk með klónað fóstrið til burðar. Vísindamenn við Roslin-stofnunina gerðu alls 277 tilraunir til að klóna sauðfé áður en Dolly leit dagsins ljós.

Dollý lifði alla sína ævi við Roslin-stofnunina og eignaðist sex lömb með velskum fjallahrút. Með árunum herjuðu ýmsir heilsukvillar á Dollý, einna helst lungnasjúkdómar og mikil liðagigt. Henni var lógað þann 14. febrúar 2003. Hún var síðar stoppuð upp og höfð til sýnis við Þjóðminjasafn Skotlands. ■



Uppstoppuð Dollý á Þjóðminjasafni Skotlands.



Elsku eiginkona mín, móðir,
tengdamóðir og amma,

**Auður Ingibjörg Theodórs**
meinatæknir,
Suðurlandsbraut 70b, Reykjavík,

lést aðfaranótt mánudagsins 14. febrúar.
Útför hennar fer fram frá Fossvogskirkju
fimmtudaginn 24. febrúar kl. 15.00.
Blóm og kransar afþakkaðir.

**Sigurður H. Björnsson**
**Theodór Skúli Sigurðsson — Guðbjörg Vigdís Guðmundsd.**
**María Sara Theódórsdóttir**
**Auður Margrét Theódórsdóttir**



Ástkær bróðir okkar,

**Stefán Stefánsson**
Álfhólsvegi 49, Kópavogi,

lést á hjúkrunarheimilinu Skjóli
þriðjudaginn 8. febrúar sl.
Útför hans hefur farið fram í kyrrþey.
Sérstakar þakkir til starfsfólks á Skjóli
fyrir hlýja og góða umönnun.

**Dagný Stefánsdóttir — Matthildur B. Stefánsdóttir**
**Guðm. Unnþór Stefánsson — Þórlaug Braga Stefánsdóttir**
**Gunnar Stefánsson — Hrafnhildur B. Stefánsdóttir**
**Ása Björg Stefánsdóttir — Arna Björk Stefánsdóttir**
**Jóhanna Ósk Breiðdal**
**og fjölskyldur þeirra.**



Ástkær sambýliskona mín,
móðir, amma og systir,

**Margrét Elíasdóttir**
Öldustíg 16, 550 Sauðárkróki,

lést þann 6. febrúar sl.
Jarðarför hennar fer fram í Reykjavík
í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

**Þorfinnur Jóhannsson**
**Daníel Sævar Pétursson**
**Björgvin Andri Þorfinnsson**
**Þorbjörg Jónína Þorfinnsdóttir**
**og systkini hinnar látnu.**



Okkar ástkæra

**Jónína Ósk Kvaran**

lést 1. febrúar.

Útför fer fram frá Digraneskirkju
miðvikudaginn 23. febrúar kl. 13.

**Brynjar Kvaran — Ingibjörg Fjölnisdóttir**
**Svavar Kvaran — Hildur Halla Jónsdóttir**
**Axel Kvaran — Sandra Baldvinsdóttir**
**og fjölskyldur.**



Ástkær faðir okkar,
tengdafaðir, afi og langafi,

**Hallgrímur Jónsson**
frá Laxamýri,

lést á Skjóli 20. febrúar sl.
Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Sveinbjörg Hallgrímsdóttir**
**Ásgerður Hallgrímsdóttir**
**Ingunn Elín Hróbjartsdóttir**
**Jóna Hróbjartsdóttir**
**Elín Margrét Hallgrímsdóttir**
**Álfhildur Hallgrímsdóttir**
**og fjölskyldur.**



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar,
tengdafaðir, sonur og afi,

**Jón Björn Steingrímsson**
Uglugötu 13, Mosfellsbæ,

lést 15. febrúar.
Útförin fer fram frá Fíladelfíukirkjunni
fimmtudaginn 24. febrúar kl. 11.

**Marta Guðrún Guðmannsdóttir**
**Magnús F. Jónsson — Isabel Escobar**
**Ívar Guðmann Jónsson — Sunneva Kjartansdóttir**
**Baldur Gauti Jónsson — Sigurbjörg Helgudóttir**
**Rakel Sera Jónsdóttir**
**Elsa D. Einarsdóttir**
**og barnabörn.**



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**Gunnar Konráðsson**
bóndi frá Efri-Grímslæk, Ölfusi,

lést á hjúkrunarheimilinu Ljósheimum
þriðjudaginn 15. febrúar.
Útförin fer fram frá Þorlákskirkju
föstudaginn 25. febrúar kl. 13.

**Konráð Gunnarsson — Elenita Gonzales Aradillos**
**Jón Gunnarsson — Kristjana Ösp Birgisdóttir**
**Gunnar Gunnarsson — Matthea Sigurðardóttir**
**Viktor Jónsson**
**Sigurður Grétar Gunnarsson**



Útför elskulegs föður míns,
afa og langafa,

**Jóns Valgeirs Stefánssonar**

sem lést að heimili sínu í
Kaupmannahöfn 21. október sl., fer
fram frá Fríkirkjunni í Hafnarfirði
fimmtudaginn 24. febrúar kl. 13.00.

Streymt verður á hlekk: https://Youtu.be/6rzuocQeQxY

**Valborg Valgeirsdóttir**
**Orri Dór Guðnason**
**Ívar Dór, Silja Sól, Darri Dór og Eik Embla**




Parket á mynd: Ocean 8 XL Gyant Dark Brown

ALLIR VINNA

Opið mánud. -fimmtud. frá 08:00-18:00 /
föstudaga 08:00 - 17:00 / Laugard. 10:00-14:00

ÁLFABORG
- allt a gólfið -

Skútuvogi 6
104 Reykjavík
Sími: 568 67 55
alfaborg.is

# Dagskrá

## Hringbraut

**18.30 Fréttavaktin** Farið yfir fréttir dagsins í opinni dagskrá.
**19.00 Matur og heimili** Sjöfn Þórðar fjallar um matargerð í bland við íslenska hönnun og fjölbreyttan lífsstíl.
**19.30 Lífið er lag** Sigurður K. Kolbeinsson fjallar um málefni fólks á besta aldri sem lifir áskoranir og tækifæri efri áranna.
**20.00 433.is** Farið yfir allt það helsta í heimi íþrótta, heima og erlendis.
**20.30 Fréttavaktin**
**21.00 Matur og heimili (e)**

## RÚV Sjónvarp

**13.00 Heimaleikfimi**
**13.10 Kastljós**
**13.35 Útsvar 2009-2010** Fjarðabyggð - Hveragerði.
**14.30 Lífsins lystisemdir**
**15.00 Gettu betur** VA - MR.
**16.05 Kiljan**
**16.35 Menningarvikan**
**17.05 Íslendingar** Jóhannes S. Kjarval.
**18.00 KrakkaRÚV**
**18.01 Krakkar í nærmynd**
**18.20 Strandverðirnir**
**18.31 Þorri og Þura - vinir í raun**
**18.42 Eldhugar**
**18.45 Krakkafréttir**
**18.50 Lag dagsins**
**19.00 Fréttir**
**19.25 Íþróttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós**
**20.05 Sannleikurinn um breytingaskeiðið The Truth About the Menopause** Heimildarþáttur frá BBC þar sem blaðakonan Mariella Frostrup fjallar um tíðahvörf. Hún deilir sinni eigin reynslu af breytingaskeiðinu og skoðar nýjustu rannsóknir á því hvað tíðahvörf eru í rauninni og hvað hægt er að gera við þeim.
**21.05 Síðasta konungsríkið The Last Kingdom** Stríðsmaðurinn Uhtred er staðráðinn í að endurheimta ríki sitt en hann er ekki sá eini sem ágirnist það. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veður**
**22.20 Rauðir skuggar Les Ombres Rouges**
**23.10 Ógn og skelfing The Terror**
**00.05 Dagskrárlok**

## Sjónvarp Símans

**12.30 Dr. Phil**
**13.15 The Late Late Show**
**14.00 The Block**
**15.00 Celebrity Best Home Cook**
**15.55 Survivor**
**16.55 The King of Queens**
**17.15 Everybody Loves Raymond**
**17.40 Dr. Phil**
**18.25 The Late Late Show**
**19.10 The Block**
**20.10 Ordinary Joe**
**21.00 FBI**
**21.50 FBI. Most Wanted**
**22.40 Why Women Kill**
**23.30 The Late Late Show**
**00.15 Dexter**
**01.05 Chicago Med**
**01.50 Station 19**
**02.35 The Great**
**03.25 Tónlist**

## Stöð 2

**08.00 Heimsókn**
**08.20 The O.C.**
**09.05 Bold and the Beautiful**
**09.25 Britain's Got Talent**
**10.20 Masterchef USA**
**11.00 Jamie's Easy Meals for Every Day**
**11.25 Queen Sugar**
**12.05 30 Rock**
**12.35 Nágrannar**
**12.55 Amazing Grace**
**13.40 The Goldbergs**
**14.00 Manifest**
**14.40 Heimsókn**
**15.10 10 Years Younger in 10 Days**
**15.55 The Heart Guy**
**16.40 The Heart Guy**
**17.35 Bold and the Beautiful**
**18.00 Nágrannar**
**18.26 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.50 Sportpakkinn**
**18.55 Ísland í dag**
**19.10 Shark Tank**
**19.50 Masterchef USA**
**20.35 B Positive**
**20.55 Conjoined Twins** Einstök heimildarmynd í tveimur hlutum, þar sem tvenn pör af síamstvíburum fara undir hnífinn í flókinni aðgerð til að skilja þau í sundur, hjá heimsklassa skurðlæknum á Great Ormond Street-sjúkrahúsinu.
**21.45 Magnum P.I.**
**22.25 Last Week Tonight with John Oliver**
**23.00 Cold Case**
**23.40 Cold Case**
**00.25 Coroner**
**01.10 The Unusual Suspects**
**02.05 Breastfeeding My Boyfriend**
**02.55 Supernatural**
**03.35 The O.C.**
**04.15 30 Rock**

## Fréttaskýring um Vöggustofumálið



Vöggustofumálið hefur vakið mikla athygli að undanförnu en það varðar ungbörn sem yfirvöld vistuðu á sérstökum stofum á árunum 1949-1973. Mörg þeirra hafa borið þess menjar alla ævi að hafa dvalist þar við ómannúðlegar aðstæður.

Næstu kvöld verður fjallað um málið á Fréttavaktinni á Hringbraut í umsjá Elínar Hirst, en þátturinn hefst kl. 18.30. ■

## Krossgáta

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 2 | 3 | | 4 | ■ |
| 5 | | | ■ | 6 | 7 |
| 8 | | | 9 | | |
| 10 | | ■ | 11 | | |
| | ■ | 12 | | | |
| 13 | 14 | | | ■ | |
| 15 | | | | 16 | |
| ■ | 17 | | | | |

**LÁRÉTT**
**1** nettvaxin
**5** efnislítill
**6** möndull
**8** ríki í afríku
**10** tónn
**11** rökkur
**12** dýrka
**13** högg
**15** upphaf
**17** glepja

**LÓÐRÉTT**
**1** kanna
**2** rannsaka
**3** pirruð
**4** ögn
**7** samhliða
**9** frjáls
**12** rola
**14** málmur
**16** tveir eins

**LÁRÉTT: 1** grönn, 5 rýr, 6 ás, 8 angóla, 10 fa, 11 húm, 12 dást, 13 stuð, 15 tilurð, 17 narra.
**LÓÐRÉTT: 1** grafast, 2 rýna, 3 örg, 4 nálús, 7 samtíða, 9 óháður, 12 dula, 14 tin, 16 rr.

## Skák Gunnar Björnsson

**Hvítur á leik**



Hjörvar Steinn Grétarsson (2.548) átti leik gegn Benedikt Briem (2.079) í lokaumferð Skákþings Reykjavíkur.

**31. Dxa8+! 1-0.** Svartur gefur vegna 31...Rxa8 32. Hd8+ Ke7 33. Bxc5+. Hjörvar Steinn vann mótið með fullu húsi, vann allar 9 skákirnar. Davíð Kjartansson og Sigurbjörn Björnsson urðu í 2.-3. sæti. Davíð varð skákmeistari Reykjavíkur eftir oddastigaútreikning þar sem Hjörvar er hvorki með lögheimili í Reykjavík né í reykvísku félagi. **www.skak.is:** Skákþing Reykjavíkur. ■

## Sudoku

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 3 | | 4 | | 1 | | 9 | 7 |
| | 7 | | 9 | 8 | 2 | | | |
| | | | | 5 | | 4 | 2 | |
| | 2 | 6 | 1 | 3 | | 9 | 8 | |
| 9 | | | 7 | | | | 6 | |
| | 1 | 8 | | | | | | |
| 3 | | | | | | | | |
| | | | 8 | | | 7 | 4 | |
| 1 | | | 6 | 2 | 4 | 3 | | |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 6 | | 8 | | | 9 | 1 | |
| | | 1 | 6 | | | | 4 | 3 |
| | 5 | | | 2 | | 6 | | |
| 4 | | 6 | | | | | | 9 |
| | 9 | | | 4 | | | | |
| | | | 9 | 3 | | | 5 | |
| | 4 | | | 5 | 7 | | 8 | |
| 1 | | | | | | | | |
| 2 | | 5 | | | 1 | | | |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

## Pondus

Eftir Frode Øverli





# FERMINGARBLAÐ FRÉTTABLAÐSINS

Veglegt sérblað Fréttablaðsins um ferminguna kemur út **föstudaginn 11. mars.**

**Tryggðu þér gott auglýsingapláss í langmest lesna dagblaði landsins.**



**Áhugasamir auglýsendur hafi samband við:**

**Jón Ívar Vilhelmsson** Sími 550 5654 jonivar@frettabladid.is

**Arnar Magnússon** Sími 550 5652 arnarm@frettabladid.is

**Jóhann Waage** Sími: 550-5656 johannwaage@frettabladid.is

**Ruth Bergsdóttir** Sími 694 4103 ruth@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ SÉRBLÖÐ

# DECUBAL

Alvogen




NÆRANDI FYRIR
ÞURRA OG
VIÐKVÆMA HÚÐ

# Vetrartilboð

Ef þú kaupir tvær Decubal vörur færð þú
**50% afslátt** af ódýrari vörunni

## Decubal vörurnar fást hjá Lyfsalanum og í Lyfjavali

Lyfjaval Apótek

LYFSALINN

## Gunnar Þorri verðlaunaður

kolbrunb@frettabladid.is

Gunnar Þorri Pétursson hlaut Íslensku þýðingarverðlaunin fyrir þýðingu sína Tjernobyl-bænin – framtíðarannáll eftir Nóbelsverðlaunahafann Svetlönu Aleksíevítsj. Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, afhenti Gunnari Þorra verðlaunin við hátíðlega athöfn á Gljúfrasteini. Að íslensku þýðingarverðlaununum standa Bandalag þýðenda og túlka, Rithöfundasamband Íslands og Félag íslenskra bókaútgefenda.



Gunnar Þorri tók við verðlaununum.






Helgi Þorgils myndlistarmaður og Jón Proppé listfræðingur. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Tímabær tenging

**Sýningin Auga í naglafari stendur yfir í Portfolio gallerí Hverfisgötu. Þar sýnir Helgi Þorgils Friðjónsson verk frá árunum 1977-1987. Listfræðingurinn Jón Proppé og Steingrímur Eyfjörð voru Helga innan handar í verkefninu.**

kolbrunb@frettabladid.is

„Þessi umbrotaár undir lok áttunda áratugarins og í byrjun þess níunda voru mjög merkilegur tími í íslenskri menningarsögu. Það var að losna um svo margt,“ segir Jón Proppé. „Á þessum árum var að verða opnun sem við höfðum ekki upplifað áður og margar af þeim hugmyndum sem enn er verið að vinna úr í íslenskri myndlist voru að mótast. Fólk var ekki lengur alveg í sömu skotgröfunum og hafði verið, pólitískum eða menningarpólitískum, abstrakt á móti landslagi og svo framvegis.“

### Afhelgun málverksins

Spurður hvað einkenni verkin á sýningunni segir Jón: „Þessi sýning er að vissu leyti límið á milli konsept-áranna og nýja málverksins sem byrjar að láta á sér kræla eftir 1980. Þá verður ákveðin afhelgun málverksins sem er ekki lengur miðill sem á að vera svo hátíðlegur og sögulegur, frekar bara enn einn miðillinn á móti teiknimyndasögunni eða öðrum tilfallandi efnivið. Þetta er sú breyting sem öll íslensk myndlist síðan býr að.“



Sýningin á verkum Helga Þorgils stendur til 5. mars.

> **Þessi sýning er að vissu leyti límið á milli konsept-áranna og nýja málverksins sem byrjar að láta á sér kræla eftir 1980.**

Helgi Þorgils rifjar upp dóma sem verk hans fengu á þessum tíma: „Myndlistargagnrýnendur Moggans tóku mér illa. Ég hafði verið afbragðs nemandi og átti að verða nýja sjeníið en var talinn hafa villst illilega af leið þegar ég fór yfir í konseptið.“

### Mikilvæg bókverk

Bókverk Helga Þorgils eru hluti af sýningunni en á ferlinum hefur hann gert um fimmtíu slík verk. „Bókverk eru gríðarlega stór og mikilvægur þáttur í þróun konseptsins. Listamenn sem töldu að þeir myndu ekki selja vel eða sýna í virtum söfnum gerðu bara það sem þeim sýndist. Meðal annars byggðu þeir til sitt eigið tengslanet um allan heim með því að búa til lítil bókverk,“ segir Jón.

Um sýninguna segir hann: „Ég held að yngra fólk hafi gott af að koma og sjá hvað við vorum að stússast í gamla daga og ég held að yngra fólk komi til með að þekkja mikið af þessum hugmyndum og nálgunum. Það er tímabært að opna á þessa tengingu.“

Sýningin í Portfolio stendur til 5. mars. ■

# Brynja hlaut Ljóðstaf Jóns úr Vör

kolbrunb@frettabladid.is

Brynja Hjálmsdóttir hlaut Ljóðstaf Jóns úr Vör fyrir ljóðið Þegar dagar aldrei dagar aldrei. „Ég varð alveg steinhissa, algjörlega gapandi. Ég reiknaði alls ekki með þessu. Ég er óskaplega hamingjusöm,“ segir Brynja sem sendi tvö ljóð í keppnina.

Um sigurljóðið segir hún: „Þetta er sígilt vetrarljóð, vetrarstemning. Þar er birta en líka myrkur.“

Hún segist tengja vel við ljóð Jóns úr Vör. „Já, ég er aðdáandi. Ég var eitt sinn í skapandi sumarstörfum í Kópavogi og þá náði ég tengingu við Jón úr Vör og þá miklu ljóðastemningu sem er í Kópavogi, sem er dýrleg.“

Í rökstuðningi dómnefndar segir meðal annars um sigurljóðið: „Höfundur fléttar saman mismunandi aðstæður í heilsteypta sögn þar sem myrkur og ljós raðast saman og mynda streng milli hins ytra og innra heims. Tónninn er tilgerðarlaus og hreinskilinn, skýr og sterkur og grípur lesandann um leið í beittum og hrífandi samsetningum.“



Brynja Hjálmsdóttir. MYND/AÐSEND

Jakub Stachowiak hlaut önnur verðlaun fyrir ljóðið Dreymt á jafndægurnótt og þriðja sætið hlaut Elín Edda Þorsteinsdóttir fyrir ljóðið Kannski varstu allan tímann nálægt. ■

# Öskur trúðsins í myrkrinu

LEIKHÚS

## Blóðuga kanínan

**Elísabet Jökulsdóttir**
**Tjarnarbíó**
**Fimbulvetur í samstarfið við MurMur**
**Leikstjóri:** Guðmundur Ingi Þorvaldsson
**Leikarar:** Aðalbjörg Þóra Árnadóttir, Borgar Ao, Davíð Freyr Þórunnarson, Íris Tanja Flygenring, Ólafía Hrönn Jónsdóttir, Þóra Karítas Árnadóttir og Ævar Þór Benediktsson
**Leikmynd, búningar og gervi:** Þórunn María Jónsdóttir
**Tónlist og hljóðmynd:** Borgar Ao
**Ljósahönnun:** Friðþjófur Þorsteinsson
**Sviðshreyfingar:** Vala Ómarsdóttir
**Listrænn ráðunautur:** Matthías Tryggvi Haraldsson
**Hljóðhönnun og keyrsla sýningar:** Þórður Gunnar Þorvaldsson

Sigríður Jónsdóttir



Blóðuga kanínan fjallar um von segir gagnrýnandinn. MYND/MARÍA KJARTANSDÓTTIR.

Síðastliðinn föstudag frumsýndi leikhópurinn Fimbulvetur, í samstarfi við framleiðslufyrirtækið MurMur, nýjasta leikverk Elísabetar Jökulsdóttur í Tjarnarbíói. Blóðuga kanínan er þó ekki ný af nálinni heldur skrifuð fyrir tuttugu árum, varðveittist á bókasafni Listaháskóla Íslands og kom í leitirnar fyrir ekki svo löngu. Viðeigandi ferðalag fyrir þetta tiltekna leikrit sem ferðaðist alla leið úr fortíðinni til að tala inn í samtímann.

Við fylgjumst með Dísu sem hefur opnað veitingastað á átakasvæði, umkringd linnulausum sprengingum og skothríð. Hún þjösnast við að þrífa og þjóna gestunum sem eru kynlegir kvistir. Einnig er annar dularfullur gestur sem vofir yfir óséður en á samt alltaf sitt sæti og líka Guð. Veitingastaðurinn er endurspeglun af stríðshrjáðu hugarástandi Dísu og ekki er hægt að loka fyrr en hún hefur fundið lykilinn og tárið. Texti Elísabetar er hrár, ljóðrænn og harmrænn allt í senn. Hún dregur ekkert undan frekar en fyrri daginn.

**Sami taktur**

Leikstjórann Guðmund Inga Þorvaldsson skortir ekki hugrekki til að takast á við slíkan texta. Blóðuga kanínan er stútfull af efnivið, táknmyndum og sálarflækjum. Því miður kafar leikstjórinn aldrei nægilega djúpt eða gengur eins langt og handritið býður upp á. Hugmyndir koma og fara, til dæmis endurtekningarnar sem hann leikur sér með í byrjun en sjást varla aftur. Glimrandi atriði er að finna á milli sem kveikja aftur undir sýningunni, til dæmis tragikómíska náttúruatriðið strax eftir hlé. Heildarmyndin af sýningunni er fagurfræðilega sterk en þróunin er hæg, takturinn er yfirleitt sá sami og tryllinginn vantar.

**Ferskur andvari**

Þóra Karítas Árnadóttur leikur hina hrjáðu Dísu sem leggur af stað í leiðangur inn sjálfa sig, í leit að rót sársaukans. Að mörgu leyti tekst henni ágætlega upp því texti Elísabetar er svo sannarlega hvorki auðveldur né aðgengilegur. Tilfinningalegur slagkraftur karaktersins verður samt of fyrirsjáanlegur eftir því sem líða tekur á sýninguna og fleiri leikræn tilbrigði vantar til að framkalla áföllin sem Dísa er að vinna sig í gegnum.

Ævar Þór Benediktsson stígur aftur á leiksvið eftir töluvert hlé og kemur eins og skrattinn klæddur trúðabúningi úr sauðarleggnum. Hann er samtímis óhugnanlegur og aumkunarverður, uppfullur af kækjum og sorg. Aðalbjörg Þóra Árnadóttir sýnir sömuleiðis sterkan leik og hefur tilfinningu fyrir tungutaki Elísabetar sem er beitt með húmorinn að vopni. Fáráðlinginn, sem hún leikur, líðast um sviðið eins og snákur, slímugur og ómögulegt er að festa hendur á honum.

Skrímslið sem ásækir Dísu er aldrei nægilega ógnvekjandi í höndum Davíðs Freys Þórunnarsonar og hlutverkið passar fremur illa í persónugalleríið, sem má að hluta til skrifast á handritið. Fremur lítið fer fyrir Írisi Tönju Flygenring framan af en undir lokin nær hún að opna fyrir allar gáttir í áhrifaríku atriði Barnsins. Tónlistarmaðurinn Borgar Ao semur ekki einungis áhrifamikinn hljóðheim fyrir Blóðugu kanínuna heldur er sem ferskur andvari inn í sýninguna þegar hann leggur orð í belg.

Ekki þarf að segja neinum að Ólafía Hrönn Jónsdóttir er ein af okkar bestu leikkonum en minna skal á að leikarar af hennar mælikvarða gera mótleikara sína betri og umturna sýningum. Hetjan hennar sést kannski lítið, enda fágæt tegund í þessum heimi, en Tárið sem hún leikur líka er stórkostlegt. Hún bæði titrar og glitrar, framkallar hlátur og grát, og lyftir Blóðugu kanínunni upp á annað plan.

> „Þróunin er hæg, takturinn er yfirleitt sá sami og tryllinginn vantar.

**Von um ljós**

Fagurfræðileg umgjörð sýningarinnar er að mestu í höndum Þórunnar Maríu Jónsdóttur sem hannar leikmynd, búninga og gervi. Gróteskustíllinn er allsráðandi en með kabarettívaf. Varnargarðurinn fyrir miðju sviðsins spilar eftirminnilegt hlutverk en búningarnir eru aldrei nægilega sannfærandi, fyrir utan eftirtektarverða notkun á ermunum sem umvefja sig um allt, kæfandi ógn.

Áföll eru í eðli sínu óreiðukennd og Blóðuga kanína Elísabetar endurspeglar það svo sannarlega. Sviðslausnir Guðmundar Inga eru stundum áhrifaríkar en ná ekki að fanga sprengikraft textans þar sem nístandi sársauki, depurð og örvænting krauma undir yfirborðinu. Þrátt fyrir allt sem á undan hefur komið fjallar Blóðuga kanínan á endanum um von. Von um að það sé ljós í myrkrinu, aflausn í áföllum og að heimurinn sé góður. Þennan boðskap fangar Blóðuga kanínan fallega. ■

**NIÐURSTAÐA:** Þrátt fyrir göldróttan texta og fínan leik á köflum er sýningin allt of oft blóðlítil.

# Draugagangur og tangó

TÓNLIST

## João Barradas

**Flutt verk eftir:** Keith Jarrett, Yann Robin og Astor Piazzolla
**Norðurljós í Hörpu**
miðvikudagur 16. febrúar

Jónas Sen



Flutningur harmóníkuleikarans João Barradas var góður, segir gagnrýnandi. MYND/AÐSEND

„Ærslaandar eru miklu meira pirrandi en venjulegir draugar,“ segir kona við manninn sinn í skopmynd. Hjónin sitja í stofunni sinni, og fyrir framan þau er draugur sem heldur á harmóníku. Harmóníkuleikurinn í Norðurljósum í Hörpu á miðvikudagskvöldið var líka dálítið draugalegur, að minnsta kosti voru tónarnir úr hljóðfærinu undarlegir. Það er ef tóna skyldi kalla.

**Undarleg tónlist**

Sá sem spilaði virtist þó vera þessa heims, þrátt fyrir að kynningarnar hans færu að mestu fyrir ofan garð og neðan hjá undirrituðum. Harmóníkuleikarinn hét João Barradas og talaði með sterkum erlendum hreim. Það, og bergmálið í salnum, gerði að verkum að erfitt var að skilja hann. Hjálplegt hefði verið að fá smá útskýringu á E[N]IGMA eftir Yann Robin, en það var draugagangurinn sem minnst var á hér að ofan. Því miður var tónleikaskráin í skötulíki.

Tónlistin samanstóð af alls konar áhrifshljóðum, bæði ómstríðum tónum og hljómum, og líka smellum og höggum. Það var eins og að verða vitni að dauðastríði eða hægfara pyntingum. Harmóníkan stundi af sársauka, enda var hún bæði lamin og hrist. Þrátt fyrir það var framvindan rislítil; ekkert gerðist í tónlistinni, hún virtist ekki hafa neitt að segja. Herlegheitin voru óáhugaverð og afar fráhrindandi.

**Óttalega rýr**

Nei, þá var nú meira varið í Hymn of Remembrance eftir Keith Jarrett. Þá á ég við upprunalegu tónlistina, en hana er að finna á tvöfaldri plötu sem ber heitið Hymns/Spheres. Þar má heyra Jarrett spila á orgel í risastórri kirkju í Ottobeuren í Þýskalandi. Hymn of Remembrance er fyrsta lagið á fyrri plötunni.

Tónlistin er tilkomumikil, þrungin andakt og eftirsjá. Upptakan með Jarrett er tignarleg, enda er hljómurinn í orgelinu voldugur, og svo bætist ríkuleg endurómun við. Fyrir bragðið er útkoman sérdeilis mögnuð. Í samanburðinum var smágerð harmóníkan óttalega rýr og virkaði helst eins og lítið ferðaútvarp.

**Árstíðirnar sjarmerandi**

Best á tónleikunum var Cuatro Estaciones Porteñas eftir Piazzolla, hugleiðingar um árstíðirnar fjórar í Búenos Aíres. Eins og venjan var hjá tónskáldinu þá var hann innblásinn af tangónum, og stemningin í tónlistinni er eftir því hrífandi.

> „Best á tónleikunum var Cuatro Estaciones Porteñas eftir Piazzolla, hugleiðingar um árstíðirnar fjórar í Búenos Aíres.

Tangóelskandi Argentínubúar munu þó hafa illan bifur á tónlist Piazzolla almennt, þeim finnst hún víst allt of flókin og takturinn heldur frjálslegur. Fyrir vikið er ekki hægt að dansa eftir henni. Verkin hér voru samt ákaflega skemmtileg, full af grípandi laglínum og spennandi framvindu. Barradas spilað forkunnarvel, leikur hans var snarpur og nákvæmur, kröftugur og lifandi.

Tæknilega séð var spilamennskan óaðfinnanleg, tandurhrein og akkúrat. Þetta var frábært; meira svona hefði mátt vera á tónleikunum. ■

**NIÐURSTAÐA:** Misáhugaverð dagskrá, en góður flutningur.






# Snýr klukkunni aftur á bak og þykist vera fimmtugur

Í mars 2020 frestaði Páll Óskar afmælistónleikum sem fara áttu fram í Háskólabíói. Hann er þó hvergi af baki dottinn og núna, tveimur árum seinna, er komin dagsetning á tónleikaröð sem fer fram í lok mars.

ninarichter@frettabladid.is

Páll Óskar er á leið í Covid-próf þegar blaðamaður nær tali af honum. „Ég er að fara í Covid-test. Ég er með ennisholustíflu og ég held að ég þurfi að tékka á þessu,“ segir hann. Páll Óskar er léttur í bragði þrátt fyrir það og segist aðspurður stefna ótrauður á tónleikahald í lok mars.

**Beðið eftir Willum**

„Þetta er allt á plani og þetta er bara on,“ segir hann. „Friðrik Ómar hefur yfirumsjón með tónleikunum, en við erum að ræða þetta okkar á milli,“ útskýrir Páll Óskar og segist bíða eftir tilkynningu heilbrigðisráðherra varðandi frekari útfærslu á viðburðinum. „Willum mun segja þann 25. febrúar hvort það verði engar hömlur eða áframhaldandi sóttvarnir.“

Páll Óskar segir að út frá þeim upplýsingum verði tekin ákvörðun varðandi aukatónleika á laugardeginum. „Þá myndum við halda styttri tónleika, með lægra miðaverð fyrir börn og fjölskyldufólk,“ segir hann.

**Lúxus að þykjast vera fimmtugur**

Varðandi æfingaferlið segir Páll Óskar: „Sjóið er löngu tilbúið og var tilbúið fyrir tveimur árum síðan. Heldurðu að það sé ekki lúxus að geta haldið upp á yngra afmælið sitt tveimur árum eftir að það er búið,“ segir hann og skellihlær. „Snúa klukkunni aftur á bak. Og þykjast vera fimmtugur!

Þó að ég verði bullandi fimmtíu og tveggja ára. En þetta er galið. Gott að geta hlegið að þessu, Jesús minn. Eftir allan hamaganginn. En allt annað er klárt,“ segir Páll Óskar.

„Við hressum upp á prógrammið og spilum okkur aðeins saman,“ segir hann og bætir við að allir sem komu að sýningunni upphaflega séu enn að taka þátt. „Það er útlit fyrir það að allt krúið og hljóðfæraleikararnir og listafólkið geti verið með.“



Að sögn Páls Óskars var sjóið tilbúið fyrir tveimur árum, en þó verður að hans sögn hresst aðeins upp á prógrammið. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

> Dásamlegast af öllu eru þó áhorfendur sem keyptu sér miða fyrir tveimur árum síðan, og eru búnir að ríghalda í miðana.

**Þakklátur miðahöfum**

Páll Óskar kveðst þakklátur fyrir stuðning áhorfenda sem hafi beðið svo lengi eftir tónleikunum. „Dásamlegast af öllu eru þó áhorfendur sem keyptu sér miða fyrir tveimur árum síðan, og eru búnir að ríghalda í miðana,“ segir hann.

„Geturðu ímyndað þér dásamlegri og tryggari áhorfendur? Þetta er stórkostlegt.“ ■

# Drottningin mun sigra Covid-19

## ■ Sérfræðingurinn

odduraevar@frettabladid.is



**Guðný Ósk Laxdal**
*enskukennari*

*Sigrar Elísabet drottning Covid-19?*

„Ég held það, hún er náttúrulega að fá þá allra bestu heilbrigðisþjónustu sem til er í Bretlandi,“ segir Guðný um nýjustu tíðindin frá bresku konungsfjölskyldunni, þau að hin 95 ára gamla Elísabet Bretlandsdrottning hafi fengið Covid-19. Hún er sögð með væg einkenni.

„Þau hafa fengið gagnrýni úr ýmsum áttum eftir þetta, hvers vegna það sé ekki búið að passa upp á hana í aðdraganda sjötíu ára valdaafmælisins.

En það varð víst hópsmit í Windsor-kastala en fjölskyldan hefur ekkert gefið upp hvort hún hafi smitast af þeim eða Karli Bretaprinsi. Þau eiga samt líklega í óformlegum samskiptum og maður sér þau ekki beint fyrir sér kyssast og knúsast,“ segir Guðný.

Hún bendir á að mikil leynd hafi hvílt yfir veikindum Elísabetar sem gisti á spítala yfir nótt í fyrra í fyrsta sinn í áraraðir. „Þegar Karl smitaðist þá neituðu þau að gefa upp hvort hún hefði farið í test, þannig að það er spurning, fékk hún Covid í fyrradag eða er lengra síðan?



Elísabet Bretlandsdrottning hefur átt betri vikur en þá síðastliðnu. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Guðný segist telja að Elísabet nái sér. „En ég hef auðvitað pínu áhyggjur af henni, hún er orðin svo gömul. Svo er þessi vika búin að vera rosalega erfið hjá henni. Andrés, Harry og Karl, slæmar fréttir eftir slæmar fréttir.“ ■

SR30

**STÓRSVEIT**
REYKJAVÍKUR
30 ÁRA




# GULLÖLD
# SVEIFLUNNAR

Árvissir og sívinsælir sveiflutónleikar stórsveitarinnar eru sem fyrr helgaðir tímabilinu 1930–50, þegar stórsveitir réðu ríkjum á jörðinni og stjórnendur, söngvarar og einleikarar voru poppstjörnur síns tíma. Gestasöngvar eru **Kristjana Stefánsdóttir** og **James Olsen** frá Færeyjum.

**Stjórnandi & kynnir:** Sigurður Flosason

- **1. APRÍL**
- **KL. 20.00**
- **ELDBORG**

**MIÐASALA Á HARPA.IS OG TIX.IS**




15% AFSLÁTTUR

**CLASSICO, YORK OG LIGNE** eru með Serta Splendid Royal heilsudýnu frá Serta sem er pokagormadýna skipt upp í fimm mismunandi svæði. Gormakerfið er með þéttari stuðning við bak og mjaðmasvæði en mýkri við axlir. Hægt er að velja um tvo stífleika allt eftir því hvað hentar hverjum og einum. Yfirdýnan er millistíf heilsudýna sem vinnur á einstakan hátt með fjöðrunarkerfinu á dýnunni.

**MAGNIFIQUE** rúmið er með Serta Royalty Superior heilsudýnu sem sker sig frá Splendid Royal m.a. með því að vera með tvískiptu gormakerfi og aukinni kantstyrkingu.

Áklæðið á rúmunum er slitsterkt bómullaráklæði, ofnæmisfrítt og andar einstaklega vel. Það er fáanlegt í nokkrum litum sem eru mismunandi eftir rúmgerðum. Hægt er að fá náttborð og bekk í stíl við rúmið, hvort tveggja er selt sér.



Classico 160 x 200 cm (Botn, fætur, dýna, yfirdýna og gafl)
**Fullt verð: 349.900 kr.**

Tilboð: 297.415 kr






**Í FEBRÚAR – MÁNUÐI ELSKENDA –** fylgir nótt fyrir tvo á **Hilton**, ásamt morgunverði og aðgangi að Spa, kaupum á rúmi frá Serta.

Verðmæti: 38.900 kr.

Hilton
REYKJAVIK NORDICA



VEFVERSLUN
www.betrabak.is
OPIN ALLAN SÓLARHRINGINN

FAXAFENI 5 Reykjavík 588 8477
DALSBRAUT 1 Akureyri 588 1100
SKEIÐI 1 Ísafirði 456 4566
Betra BAK




Jóhannes Haukur fór í víking til Írlands og afraksturinn verður opineraður á Netflix í vikunni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Innri víkingur Jóhannesar Hauks gengur laus á Netflix

**Leikarinn Jóhannes Haukur Jóhannesson er í einu aðalhlutverka Vikings Valhalla á Netflix í stærsta verkefni sínu til þessa. Hann er því að vonum mjög spenntur fyrir því að þættirnir séu nú loks að koma fyrir augu áhorfenda um víða veröld.**

odduraevar@frettabladid.is

„Ég fékk nú að sjá þetta sjálfur á undan, þetta er svo tæknilegt hjá þeim að þeir gátu gefið mér sérstakan aðgang á Netflix, þannig að ég er búinn að horfa á alla seríuna og ég er mjög sáttur við þetta,“ segir Jóhannes Haukur, einn aðalleikari þáttanna Vikings: Valhalla.

Þáttaröðin er sjálfstætt framhald hinna vinsælu Vikings-þátta um Ragnar Loðbrók og félaga. Þættirnir eiga sér stað hundrað árum síðar þegar Ragnar er löngu horfinn á vit feðranna og Leifur Eiríksson á sviðið. Jóhannes Haukur leikur Noregskonunginn Ólaf Haraldsson í framhaldssögunni.

„Það er nú ekki svo klippt og skorið,“ segir Jóhannes þegar hann er spurður hvort persóna hans sé í góða eða vonda liðinu. „Ólafur gerði náttúrlega ýmislegt og kristnaði öll Norðurlöndin með góðu eða illu. Þannig það er ýmislegt sem ég geri í þáttunum sem er ekki hægt að flokka sem góðverk. En ég er nú ekki beint vondi kallinn heldur, sem gerir þetta áhugavert.“



Það er völlur á Jóhannesi Hauki í hlutverki Noregskonungs í nýju Vikings-seríunni. MYND/AÐSEND

### Var erlendis í ár

Tvær þáttaraðir voru teknar upp á Írlandi á tveggja ára tímabili, hálft ár í senn, en fyrsta serían kemur öll inn á Netflix á föstudaginn. „Þetta er lengsta tökutímabil sem ég hef farið í erlendis,“ útskýrir Jóhannes sem tekið hefur þátt í erlendum verkefnum í tæp sjö ár þar sem einna hæst ber hlutverk hans í Game of Thrones.

„Þetta var mjög frábrugðið í þetta skiptið. Bæði er ég í stærra hlutverki og svo var þetta tekið upp stuttu eftir að faraldurinn skall á og þá var ekki í boði að fara fram og til baka,“ útskýrir Jóhannes en undir venjulegum kringumstæðum gefst tóm til að kíkja heim inni á milli.

„En sem betur fer fékk ég fjölskylduna í heimsókn út í einhverja tvo mánuði í senn en þetta varð engu að síður ansi langur tími. Fyrir vikið urðum við leikararnir nánari hópur, enda allir fastir þarna,“ segir Jóhannes og hlær.

### Stærri en Vikings

Þættirnir voru teknir upp í Winslow á Írlandi á sama stað og upprunalegu þættirnir og miðað við stiklur er ljóst að orrusturnar verða líklega enn tilkomumeiri að þessu sinni.

„Þetta eru í raun sömu sviðsmyndir nema að þeir eru búnir að bæta ofan á þær. Þær eru miklu stærri og gríðarlega íburðarmiklar.“

Þegar Jóhannes er spurður hvernig undirbúningurinn fyrir hlutverkið hafi gengið og hvort hann hafi þurft að taka sérstaklega á því í ræktinni svarar hann hlæjandi:

„Ja, nei, en ég hefði nú kannski mátt gera það. Maður reyndi nú eitthvað að hreyfa sig og það eru alls konar bardagaatriði sem maður þarf að taka þátt í og áhættuleikarar sem taka mann alveg í bakaríið með þetta, en þetta var allt í góðu og lukkaðist vel.“

Tveir Íslendingar leika í þáttunum auk Jóhannesar. Þau Leifur Sigurðsson og Álfrún Laufeyjardóttir. Jóhannes segir þau í góðu stuði fyrir föstudaginn, frumsýningardaginn sjálfan. „Við töluðum um að hittast kannski og gera okkur glaðan dag, kannski halda okkar eigin frumsýningu.“ ■

# Kveður Vikulokin fyrir Kastljósið

odduraevar@frettabladid.is

Bergsteinn Sigurðsson stýrði sínum síðustu Vikulokum á Rás 1 á laugardaginn og kvaddi hlustendur í lok þáttar. Hann gekk nýlega til liðs við Kastljósið í breyttri mynd og segist eiga fullt í fangi með þann þátt ásamt þeim Baldvini Þór Bergssyni, Guðrúnu Sóleyju Gestsdóttur, Sigríði Hagalín, Chanel Björk Sturludóttur og Sigríði Dögg Auðunsdóttur.

„Það urðu þessar breytingar um áramótin þar sem ég færði mig yfir í Kastljósið og þá jókst álagið aðeins svo ég ákvað að segja þetta gott,“ segir Bergsteinn sem situr einnig í ritstjórn Vikunnar með Gísla Marteini þar sem hann tekur þátt í að skrifa hinn vinsæla hluta „fréttir vikunnar“.



Bergsteinn Sigurðsson

Bergsteinn segist þannig eiga í fullu fangi með nýja starfið í Kastljósi og aðspurður segir hann það vera fulla vinnu: „Já, já, og gott betur.“ Þau Sigríður Dögg hafa því bæði sagt skilið við Vikulokin til að geta sinnt Kastljósinu af fullum krafti.

Bergsteinn kom að Vikulokunum síðla árs 2018 í stað Helga Seljan og upplýsti þá í Fréttablaðinu að hann hefði leyst Helga af með fullum stuðningi hans og ráðgjöf.

Hann vill hins vegar ekkert gefa upp um hver taki við af honum. „En það er búið að ákveða eftirmanninn,“ segir Bergsteinn léttur og mátulega leyndardómsfullur. ■

**AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Gústaf Bjarnason *gustaf@torg.is*, **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050:** Auður Húnfjörð *audur@frettabladid.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynur@frettabladid.is* , Reynir Elís Þorvaldsson *reynir@frettabladid.is*, Örn Geirsson *orn@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5078:** Arnar Magnússon *arnarm@frettabladid.is*, Jóhann Waage *johannwaage@frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ruth Bergsdóttir *ruth@frettabladid.is* FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI: Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 550 5056:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, **TÍMAMÓTA- OG ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*


Pizza Hut
TÆKIFÆRI TIL AÐ
PANNA SIG
PÖNNUTILBOÐ ALLA DAGA Í FEBRÚAR
STÓR PIZZA ★ 1.590
PEPPERONI • HAWAII • MARGARITA • EF ÞÚ SÆKIR
pizzahut.is - 515 1617 - Smáralind og Staðarbergi 2–4 Hafnarfirði

frettabladid.is
550 5000
RITSTJÓRN ritstjorn@frettabladid.is
AUGLÝSINGADEILD auglysingar@frettabladid.is
PRENTUN Torg ehf.
DREIFING Póstdreifing ehf.
dreifing@postdreifing.is

FASTEIGNASALAN
TORG
KRAFTUR TRAUST ÁRANGUR

## Bakþankar



Kristbjargar Þórisdóttur

# Gleðilegt sumar

Það er kannski undarlegt að óska gleðilegs sumars með storminn fyrir utan, meira en metra skafla af snjó, rauðri veðurviðvörun og kórónuveiran loksins búin að ná í skottið á mér og fjölskyldunni eftir tveggja ára vel heppnaða varnarbaráttu. Sumarið virðist langt undan. Engu að síður er nauðsynlegt að sjá fyrir sér bjartari tíma þegar harðnar á dalnum.

Dalai Lama skrifaði í einni af bókum sínum að það væri rétt að þakka sérstaklega erfiðustu einstaklingunum sem við mættum á lífsleiðinni því það væru þeir sem veittu okkur mest tækifæri til þroska og vaxtar. Ætli það sé ekki svipað með náttúruöflin. Síðustu tvö ár hafa sannarlega veitt mikil tækifæri til þess að þroskast, læra og vaxa. Þau hafa líka reynt gríðarlega á alla heimsbyggðina. Að óreyndu hefði ég aldrei trúað því að lítil ósýnileg veira gæti valdið öllum þessum usla. Lærdómurinn snýr meðal annars að því hversu brothætt vistkerfið okkar er í raun og veru. Hann er líka hversu mögnuð við erum í að takast á við óvæntar áskoranir.

Ég lít stolt til þeirra einstaklinga sem hafa staðið í fremstu víglínu í kófinu og vaðið storminn á meðan aðrir hafa beðið í vari. Stóra spurningin er hvernig við komum undan þessum tveimur árum þegar kófið hefur lægt og takast þarf á við afleiðingarnar. Förum við strax í sama gamla farið eða verðum við reyndari, betri og bættari? Ætlum við að halda áfram að gefa örfáum auðlindirnar og lifa eins og enginn sé morgundagurinn eða er veröldin breytt og gleðilegt sumar handan við hornið? ■




